HALLBERA GUÐNÝ GÍSLADÓTTIR

*Fótboltastelpa í rauðu*

tíska heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VINNUVÉLAR

*Vinsamlegir risar*

SÉRBLAÐ UM VINNUVÉLAR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




MAX RAFTÆKI

Fullar búðir af vörum á gamla genginu!

AUKABLAÐ Í DAG

Velkomin í Holtagarða og Kauptún



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. mars 2008 — 83. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**FIMMTUDAGUR**

### Kjúklingalundir í mörgum myndum



Ljósmyndarinn Spessi heldur sýningu og sendir frá sér bók þar sem kjúklingalundir, „fajitas", eru í aðalhlutverki.

FÓLK 42



### Með starfsemi um allt land

Sjávarútvegsfyrirtækið Brim hf. er tíu ára.

TÍMAMÓT 30

### Söng ástaróð til Dorritar

Mugison er yfir sig hrifinn af forsetafrúnni, eins og í ljós kom á Ísafirði á dögunum.

FÓLK 50



### Ísland vann Slóvakíu

Þriðji sigurleikur Íslands í röð.

ÍÞRÓTTIR 46

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Úrkoma sunnanlands** Veðrið í dag er mjög keimlíkt því sem var í gær, milt við ströndina sunnantil, en frost norðanlands. Í dag er úrkomubakki við suðausturströndina sem fikrar sig vestur og veldur rigningu við suðurströndina.

VEÐUR 4

# Fjármálaeftirlitið ósammála stjórnarmönnum SPRON

**Stjórn SPRON var heimilt að upplýsa um sölu stjórnarmanna á stofnfjárbréfum skömmu áður en félagið var skráð á markað samkvæmt Fjármálaeftirlitinu. Þetta fer þvert gegn áliti sem stjórnin sendi frá sér.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn SPRON var heimilt að birta opinberlega upplýsingar um sölu þriggja stjórnarmanna SPRON á stofnfjárbréfum skömmu áður en félagið var skráð á markað, að mati Fjármálaeftirlitsins (FME). Þetta kemur fram í svari Jónasar Fr. Jónssonar og Hákonar Más Péturssonar, fyrir hönd FME, við spurningum sem Samtök fjárfesta sendu eftirlitinu eftir að fjallað var um sölu stjórnarmannanna á stofnfjárbréfum á síðum Fréttablaðsins.

Þetta fer þvert gegn áliti stjórnar SPRON sem fram kom í fréttatilkynningu frá stjórnarmönnum 7. febrúar síðastliðinn. Í henni sagði meðal annars: „Vilji stjórnar SPRON stóð alltaf til þess að upplýsingar um viðskipti innherja yrðu opinberar en slíkt var ekki heimilt samkvæmt niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins [...] Stjórn SPRON var beinlínis óheimilt að breyta öðruvísi en hún gerði."

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Samtaka fjárfesta frá því í gær kemur fram hið gagnstæða. „Fjármálaeftirlitið bannar hins vegar ekki aðilum að birta upplýsingar um slík viðskipti [með stofnfjárbréf] ef þeir kjósa að gera slíkt að eigin frumkvæði og er stjórnendum því heimilt að birta slíkar upplýsingar."

Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, segir álit FME benda til þess að um alvarlegt mál sé að ræða. „Það er bent á það í bréfi FME að almennar reglur samningaréttar og almenn hegningarlög verndi meðal annars fjárfesta gagnvart fjársvikum. FME kemst einfaldlega að því að allt sem stjórn SPRON hefur sagt um sölu stjórnarmanna skömmu eftir að hún ákvað að skrá SPRON á markað, er ómarktækt og rangt. Þetta er allt saman mjög sláandi og ljóst að þessi sala stjórnarmanna SPRON inn á óskráðan markað snertir hundruð fjárfesta, og þeir fylgjast grannt með framvindu þessa máls."

Jóna Ann Pétursdóttir, almannatengslafulltrúi SPRON, sagði engan hjá SPRON hafa séð bréfið og því gæti fyrirtækið ekki tjáð sig um það að svo stöddu.

Ekki er tekin afstaða til þess í bréfinu, eða upplýst að öðru leyti, hvenær SPRON óskaði eftir skráningu á markað. Ákvörðun var tekin um skráningu á stjórnarfundi 17. júlí en stjórnarmennirnir Gunnar Þór Gíslason, Ásgeir Baldurs og Hildur Petersen seldu stofnfjárbréf fyrir rúmlega 196 milljónir að nafnvirði, tveggja til þriggja milljarða að raunvirði, skömmu eftir fundinn.

**- mh** / sjá síðu 6




**BEST AÐ KAUPA SÉR KAGGA Í KREPPUNNI** Á annað hundrað notaðir bílar seldist í gær á útsölu hjá Ingvari Helgasyni og var opið langt fram á kvöld. Að sögn Dags Jónassonar sölustjóra myndaðist biðröð við dyr bílasölunnar í gærmorgun og skapaðist góð stemning.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Arnór Dan:

## Sigurvegari Músíktilrauna syngur Mozart

**FÓLK** Arnór Dan Arnarson, söngvari sigursveitar síðustu Músíktilrauna, Agent Fresco, þreytir frumraun sína í óperuheiminum hinn 6. apríl þegar Óperustúdíó Íslensku óperunnar frumsýnir óperuna Cosi fan tutte eftir Mozart. Arnór hefur undanfarið ár verið að læra klassískan söng við FÍH og segir hann nýtast sér vel í rokkheimum en Arnór er lýrískur barítón. Hann taldi fremur ólíklegt að félagar hans úr hljómsveitinni myndu koma og berja hann augum á sviðinu.



ARNÓR DAN ARNARSSON

**- fgg** / sjá síðu 50

Lögregla og tollgæsla gripu tvo menn glóðvolga með þýfi á leið úr landi:

## Sviku milljónir úr hraðbönkum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir erlendir karlmenn voru gripnir í Leifsstöð fyrr í vikunni þar sem þeir voru á leið úr landi með milljónir íslenskra króna í fórum sínum. Þeir eru grunaðir um að hafa svikið fjármunina út úr hraðbönkum hér á landi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins komu mennirnir, sem eru frá Rúmeníu og Þýskalandi, hingað til lands um páskana. Þeir voru með fjölmörg greiðslukort í fórum sínum. Talið er að þeir hafi verið búnir að stela upplýsingum af segulröndum korta og færa þær yfir á önnur kort sem þeir notuðu við svikin. Þeir fóru vítt og breitt um höfuðborgina og sviku milljónir út úr hraðbönkum. Grunur leikur að þeir hafi jafnvel náð á annan tug milljóna króna með þessari aðferð.

Mennirnir voru á leið úr landi með fenginn þegar lögreglan og tollgæslan á Suðurnesjum stöðvuðu þá.

Mennirnir, sem báðir eru á fertugsaldri, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gær fram til mánudags. Málið verður rannsakað hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem brotavettvangur er þar.

**- jss**





Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

Tilboð nr. 3

18" New York pizza af matseðli, brauðstangir og 2L. gos

2390 kr.

sbarro



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46

www.sbarro.is • sími 517 7750

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Skráning á landsbanki.is

Landsbankinn

## SPURNING DAGSINS



*Alfreð, hefur þetta gengið sómasamlega?*

„Já, allt í sómanum.“

Sómasamlokur eiga þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. Alfreð Hjaltalín er annar framkvæmdastjóri Sóma.

Hópur einangrunarfanga í Keilufellsmálinu setur strik í reikninginn:

# Allar fangageymslur yfirfullar

**FANGELSISMÁL** Öll fangelsi eru nú fullsetin og fimm til sex klefar tvísetnir eftir að hópur árásarmanna úr Keilufellsmálinu svokallaða voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald og einangrun. Þetta segir Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

„Nú eru 138 fangar í fangelsunum í heldur færri plássum,“ segir hann. „Tvímennt er í sumum klefanna í Kópavogsfangelsinu, Hegningarhúsinu og á Litla-Hrauni. Reglan er vissulega sú að menn eiga að vera einir í klefa en þessi staða getur komið upp þegar inn kemur hópur manna á einu bretti.“

Erlendur segir að af föngunum 138 séu átján í gæsluvarðhaldi og af þessum átján séu ellefu í einangrun.

„Þegar svo margir eru í einangrun höfum við ekki pláss fyrir alla,“ útskýrir Erlendur. „Tveir einangrunarfanganna eru nú vistaðir á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Heimild er fyrir því að vista gæsluvarðhaldsfanga í allt að fjóra sólarhringa í fangageymslum lögreglu og þess vegna lengur ef vissar aðstæður eru fyrir hendi.“

Erlendur undirstrikar að mjög góð samvinna sé á milli fangelsismálayfirvalda og lögreglu þegar staða sem þessi kemur upp. - jss




**FANGELSIÐ Í KÓPAVOGI** Tvímennt er í sumum klefanna í Kópavogsfangelsinu, Hegningarhúsinu og á Litla-Hrauni.

Bíður dóms Hæstaréttar:

## Nauðgari situr í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir hinum 41 árs Anthony Lee Bellere. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Anthony í fjögurra ára fangelsi í febrúar fyrir nauðganir, ósiðlegt athæfi og vörslu barnakláms.

Hann áfrýjaði og mun sitja í varðhaldi þar til Hæstiréttur dæmir í málinu, þó ekki lengur en til 30. maí.

Anthony Lee nauðgaði tveimur stúlkum, þá fjórtán og sextán ára, og klæmdist við aðra tólf ára á netinu og í síma. Hann kynntist stúlkunum á netinu og laug að þeim að hann væri mun yngri. - sþs

Jákvæð umfjöllun um Ísland:

## Stórúttekt í Financial Times

**VIÐSKIPTI** „Miður væri ef hræðslukast á alþjóðlegum mörkuðum yrði til að gera nauðsynlegt aðlögunarferli [á Íslandi] til að ná tökum á verðbólgu erfiðara,“ segir í leiðara Financial Times í gær. Blaðið fjallaði með ítarlegum hætti um íslensk efnahagsmál og stöðu bankanna.

Við nýjan og jákvæðari tón þykir kveða í umfjöllun blaðsins, en þar eru áréttaðar traustar stoðir íslensks hagkerfis og að hátt skuldatryggingaálag íslensku bankanna eigi sér ekki rót í raunstærðum í rekstri þeirra. Þá er vitnað í álit Moody's um að ríkið fái vel staðið við skuldbindingar sínar vegna bankanna.

- óká / sjá síðu 21

# Prestur kærður fyrir að skíra í leyfisleysi

**Sjö ára stúlka úr kaþólsku kirkjunni var í síðasta mánuði skírð af presti þjóðkirkjunnar, að föður stúlkunnar forspurðum. Hann hefur nú kært prestinn til lögreglunnar. „Ég skírði stúlkuna í góðri trú,“ segir sóknarpresturinn.**

**TRÚ** Maður hefur farið fram á það við ríkislögreglustjóra að hann rannsaki hvort séra Svavar Alfreð Jónsson, sóknarprestur á Akureyri, hafi brotið almenn hegningarlög í síðasta mánuði, þegar hann skírði sjö ára dóttur mannsins, án hans samþykkis.

Foreldrar stúlkunnar fara með sameiginlegt forræði yfir henni og eiga því samkvæmt lögum að taka ákvörðun um skráningu og úrsögn úr trúfélagi sameiginlega.

Maðurinn segir að samkvæmt venjum þjóðkirkjunnar og svari, sem hann hefur frá prófasti vegna málsins, jafngildi skírn skráningu í trúfélagið. Hins vegar standi í lögum að sá sem leiti inngöngu í trúfélag skuli ekki samtímis heyra til öðru trúfélagi. Stúlkan hefur verið í kaþólsku kirkjunni frá fæðingu og var það þegar hún var skírð innan þjóðkirkjunnar.

Faðirinn, sem fer fram á nafnleynd fyrir sig og dóttur sína, ritaði Svavari bréf og spurði þar hvort prestur teldi sig ekki þurfa umboð föðurins til skírnarinnar.

Svavar svaraði því til að vilji móðurinnar, fylgjandi skírninni, hefði verið eindreginn. Hann hafi og innt hana eftir vilja föðurins og verið sagt að faðirinn vildi að stúlkan réði þessu sjálf. Stúlkan hafi síðan viljað taka skírn.

Svavar segist með þessu ekki hafa skráð stúlkuna í þjóðkirkjuna; það sé hlutverk Þjóðskrár. Aðspurður segir hann að venjan sé að leita samþykkis beggja foreldra fyrir skírn og að hann hafi talið sig hafa gert það með því að spyrja móðurina um afstöðu föðurins.



**SVAVAR ALFREÐ JÓNSSON** Spurði móðurina um afstöðu föðurins til skírnarinnar og taldi það nægja til að skíra dótturina. Biskup hyggst gefa út reglur um athafnir. MYND/ÚR SAFNI



**ÞORVALDUR KARL HELGASON** biskupsritari.

„Ég skírði stúlkuna í góðri trú,“ segir hann. Samþykki annars foreldris hafi nægt hingað til, þar á meðal frá einstæðum foreldrum.

Svavar segir að honum þyki eðlilegast að börn, skírð í þjóðkirkjunni, gangi í hana líka og hann hafi lýst þessu sjónarmiði við móðurina. Að öðru leyti vilji hann ekki tjá sig um málið, það sé á milli foreldranna.

Á Biskupsstofu fengust þær upplýsingar að málið væri í höndum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar og að biskup vildi því ekki tjá sig um það að svo stöddu.

Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari segir málið varða foreldrajafnrétti og veki ýmsar spurningar um hvað foreldrar og prestar megi og megi ekki gera. Í næstu viku muni biskup senda frá sér reglur, meðal annars um skírnarathöfnina. Líklegt sé að í þeim verði prestum brýnt að leita ávallt samþykkis beggja foreldra.

klemens@frettabladid.is



**VARNARLIÐSSVÆÐIÐ** Ríkisendurskoðun telur að ekki hafi verið skylt að bjóða út eignir.

Skýrsla um Þróunarfélagið:

## Þurfti ekki að bjóða eignir út

**STJÓRNSÝSLA** Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar var fyllilega heimilt að selja eignir ríkisins á fyrrum varnarliðssvæði á Keflavíkurflugvelli án aðkomu Ríkiskaupa. Félaginu var ekki skylt að bjóða þær út. Þetta segir í úttekt Ríkisendurskoðunar á málinu sem var birt í gær.

Þó er talið óheppilegt að sömu aðilar tengist bæði Þróunarfélaginu og félögum sem hefur keypt hafa eignir af því. Slíkt geti alið á tortryggni og dregið úr trúverðugleika. Það valdi því þó ekki að einstakir sölusamningar séu ógildir. - sþs

Lúðvík Bergvinsson:

## Tollalækkanir verði skoðaðar

**STJÓRNMÁL Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir eðlilegt að endurskoða tolla og vörugjöld í því árferði sem nú er. Jafnframt að álögur á bensín og olíu verði lækkaðar.**



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**

**Verðlag hefur hækkað mikið vegna gengislækkunar krónunnar og frekari verðhækkanir eru í farvatninu.**

**„Þunginn í efnahagslífinu hefur verið á einkaaðilum en ríkissjóður þarf að taka á sig þyngri byrðar á meðan við förum í gegnum þessa niðursveiflu,“ segir Lúðvík. Hann horfir jafnt til minni skattheimtu og aukinna framkvæmda á næstu tveimur til þremur árum. Slíkt sé mögulegt þar sem staða ríkissjóðs sé sterk.** - bþs

SGS hjá ríkissáttasemjara:

## Ófaglærðir hjá ríkinu að semja

**VINNUMARKAÐUR Viðræðunefnd Starfsgreinasambands Íslands, SGS, kemur saman til fundar í húsakynnum ríkissáttasemjara í dag vegna kjarasamnings við ríkið en núverandi samningur rennur út um næstu mánaðamót.**

**Ófaglærðir starfsmenn hjá ríkinu bera væntingar til samningaviðræðnanna. „Krafan er skýr,“ segir á vef Verkalýðsfélags Akraness, „stórhækkun á þeim launatöxtum sem gilda fyrir ófaglærða starfsmenn ríkisins. Það er einnig alveg ljóst að það efnahagsvandamál sem nú ríkir í íslensku samfélagi mun ekki auðvelda gerð nýs kjarasamnings við ríkið.“** - ghs




Fjármálaráðherra svarar fullum hálsi vegna ráðningar Þorsteins Davíðssonar:

# Efast um hlutleysi umboðsmanns

**STJÓRNSÝSLA** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra svarar umboðsmanni Alþingis fullum hálsi í níu síðna bréfi um skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá þessu í gærkvöldi.

Sakar ráðherra umboðsmann um að hafa mótað sér skoðun áður en hann gaf út formlegt álit í málinu; hann efast um hlutleysi umboðsmannsins.

Segir ráðherra að halda megi því fram að svör sín hafi takmarkaða þýðingu þegar umboðsmaður leysi úr málinu. Mikla athygli vakti þegar Árni skipaði Þorstein á sínum tíma, enda hafði fagleg nefnd komist að þeirri niðurstöðu að þrír af fjórum öðrum umsækjendum væru hæfari í starfið. Þorsteinn er sonur Davíðs Oddssonar, fyrrum yfirmanns og samherja Árna úr Sjálfstæðisflokknum. Bréfið, sem Stöð 2 hefur undir höndum, er svar Árna við ítarlegum spurningalista frá umboðsmanni þar sem hann var spurður út í ýmsar forsendur skipunarinnar. Ráðherra svarar því meðal annars til að hann hafi verið tvo daga að taka ákvörðun. Að starf Þorsteins sem aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra hafi ekki verið metið að verðleikum af fagnefndinni, né heldur endurmenntun hans í formi funda og ráðstefna. - kóþ



**ÞORSTEINN DAVÍÐSSON**



**ÁRNI MATHIESEN**

# Hárfín snerpa

Enn á ný hafa hönnuðir Mercedes-Benz lagt línurnar þegar kemur að aksturseiginleikum. Hárfín snerpa eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann. Þegar þú ekur nýjum C-Class viltu helst ekki að ökuferðin taki enda, svo einstök er upplifunin.

**Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.**

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz



**GENGIÐ 26.03.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,4 | 76,76 |
| Sterlingspund | 152,44 | 153,18 |
| Evra | 120,01 | 120,69 |
| Dönsk króna | 16,085 | 16,179 |
| Norsk króna | 14,883 | 14,971 |
| Sænsk króna | 12,769 | 12,843 |
| Japanskt jen | 0,7685 | 0,7729 |
| SDR | 125,35 | 126,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

154,7375

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úrvalsvísitalan er á uppleið eftir mikla dýfu framan af mánuðinum:

# Gengi krónunnar hækkar

**VIÐSKIPTI** Gengi krónunnar styrktist lítillega í gær, eða um slétt prósent innan dagsins.

Gengi krónunnar styrktist um tæp fjögur prósent í fyrradag. Gengi krónunnar hefur samt sem áður lækkað töluvert, sé miðað við áramótin.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar fór yfir 5.000 stig í gær í fyrsta sinn í tæpan mánuð. Gengi hennar við lokun markaðarins í gær nam rúmum 5.020 stigum og hækkaði hún um rúm 3,65 prósent.

Mest hækkaði gengi hlutabréfa í Skiptum, um rúm átta prósent. Raunar stendur til að taka fyrirtækið af markaði innan tíðar. Næstmest hækkaði gengi hlutabréfa í Kaupþingi, um 6,7 prósentustig. Kaupþing vegur þungt í Úrvalsvísitölunni.

Gengi hlutabréfa í flestum félögum hækkaði í gær, en lækkaði í sex félögum. Mesta lækkunin varð á gengi hlutabréfa í Icelandair Group, um 0,8 prósent.

Greiningardeild Kaupþings bendir á að enn sé langt í land með að Úrvalsvísitalan nái því gildi sem hún var í um áramót. - ikh



**KAUPHALLARVIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan fór upp á við í gær og gengi krónunnar styrktist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðstjórn ASÍ:

# Fyrirtæki leggi sitt af mörkum

**EFNAHAGSMÁL** Miðstjórn ASÍ hefur samþykkt ályktun þar sem verðhækkanir fyrirtækja í verslun og þjónustu eru harðlega gagnrýndar.

„Með þessu eru fyrirtæki að boða aukna álagningu og þar með að auka hagnað sinn við erfiðar aðstæður í efnahagslífinu," segir í ályktuninni og minnt á að verkalýðshreyfingin hefði sýnt mikla ábyrgð með hófstilltum kjarasamningunum í febrúar.

„Það er krafa miðstjórnar ASÍ að fyrirtækin í landinu axli með skýrum hætti ábyrgð á markmiðum kjarasamninga og leggi sitt af mörkum til að treysta þær forsendur sem þeir byggja á." - ghs

# Lánakjör versna enn eftir vaxtahækkun Seðlabanka

**Lánakjör á Íslandi eru með þeim verstu sem þekkjast meðal ríkja sem eru með þróaða fjármálamarkaði. Yfirdráttarlán eru með 25 prósenta vexti. Staða heimilanna grafalvarleg, segir Jóhannes Gunnarsson.**

**NEYTENDUR** Lánakjör sem bjóðast almenningi hér á landi eru með þeim allra verstu sem boðið er upp á í ríkjum sem hafa þróaða fjármálamarkaði. Yfirdráttarlán hjá bönkunum eru með um 25 prósenta vexti. „Staða heimilanna í landinu er grafalvarleg, meðal annars vegna lánakostnaðar og boðaðra hækkana á þjónustu og vörum," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Eins og mál standa nú er staðan afleit. Ég kalla eftir því að ríkisstjórnin grípi þegar í stað til aðgerða til þess að hjálpa heimilum í landinu. Það er hægt að gera með ýmsum hætti, meðal annars með því að fella niður íþyngjandi gjöld, eins og olíugjaldið."



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Stýrivextir á Íslandi eru með þeim allra hæstu í heimi, ef horft er til þróaðra fjármálamarkaða. Háir stýrivextir þýða dýrari lán til almennings og erfiðari starfsskilyrði fyrirtækja, vegna dýrari lána sem oftar en ekki eru grundvöllur starfseminnar.

Seðlabankinn hefur þó oft ekki um annað að ræða heldur en að hækka stýrivextina til að ná markmiði sínu sem lög segja til um, sem er að hemja verðbólguna og halda henni í skefjum. Verðbólgumarkmið er 2,5 prósent samkvæmt lögum. Frá því á vormánuðum 2004 hefur verðbólgan (tólf mánaða) haldist yfir því en hæst fór hún í 8,6 prósent á sumarmánuðum 2006. Síðan hefur hún sveiflast nokkuð, farið lægst niður í 3,4 prósent um mitt ár í fyrra en hún mældist síðast 6,8 prósent, í febrúar síðastliðnum.

> Eins og mál standa nú er staðan afleit. Ég kalla eftir því að ríkisstjórnin grípi þegar í stað til aðgerða til þess að hjálpa heimilum í landinu.
>
> **JÓHANNES GUNNARSSON**
> FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA

Líklegt er talið að næstu mælingar sýni meiri verðbólgu, jafnvel upp í níu prósent, einkum vegna snöggrar veikingar krónunnar á síðustu vikum. Hún veldur meðal annars hærra verði á innfluttum vörum.

„Við munum endurskoða okkar verðskrá í ljósi stýrivaxtahækkunarinnar enda tekur fjármögnun okkar mið af vöxtum Seðlabankans," segir Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, umboðsaðila Mastercard á Íslandi. Í sama streng tekur Sigurhans Vignir, framkvæmdastjóri fyrirtækjalausna hjá Valitor, umboðsaðila VISA á Íslandi. Vextir á lánum sem bjóðast viðskiptavinum fyrirtækisins eru á bilinu 20 til 22 prósent, breytilegt eftir því hvaða innheimtuaðferð er valin hverju sinni. Venjubundin notkun á greiðslukortum þar sem viðskiptavinir greiða reikninginn innan gjaldfrests er ekki á vöxtum en velji viðskiptavinir að nýta sér lán til þess að kaupa vöru eða þjónustu, til dæmis staðgreiðslu- eða raðgreiðslulán, þá bera þau fyrrnefnda vexti. magnush@frettabladid.is



**MATVÖRUBÚÐ** Segir lánakjörin hjá fjármálafyrirtækjum taka mið af vöxtum Seðlabankans og því munu þau versna í ljósi hækkunar stýrivaxta upp í fimmtán prósent. Boðaðar hafa verið hækkanir á innfluttum vörum, meðal annars matvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**MEÐ ELÍSABETU DROTTNINGU** Englandsdrottning tók á móti Frakklandsforseta og eiginkonu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy í Bretlandsheimsókn:

# Hyggst styrkja tengsl við Breta

**BRETLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti kom í gær til Bretlands í tveggja daga heimsókn ásamt eiginkonu sinni, Cörlu Bruni.

Elísabet drottning tók á móti þeim og einnig ræddi Sarkozy við Gordon Brown forsætisráðherra.

Í sjónvarpsviðtali, sem sýnt var í gær, sagðist Sarkozy vilja senda fleiri franska hermenn til Afganistans. Hann lagði einnig áherslu á að styrkja tengsl Breta og Frakka.

Að loknum kvöldverði með Elísabetu drottningu lagði Sarkozy blómsveig á leiði óþekkta hermannsins við Westminster Abbey og vildi þar með minna á að Bretar og Frakkar börðust saman í tveimur heimsstyrjöldum. - gb

**BANDARÍKIN**

## Bush hittir Pútín

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, tilkynnti blaðamönnum í Washington frá því í gær að hann hefði þekkst fundarboð Vladimírs Pútín. Leiðtogarnir munu hittast í borginni Sotsjí við Svartahafið. Fundurinn verður haldinn eftir fund Nató-ríkjanna sem verður í Búkarest í Rúmeníu í næstu viku.






## VEÐURSPÁ



**Elín Björk Jónsdóttir** veðurfræðingur

**KÓLNAR** Austanáttir eru áfram ríkjandi á landinu en um helgina snýst vindur til norðausturs. Með því verður áfram kalt um allt land – en hlýnar ekki eins og við mætti búast í lok marsmánaðar.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Billund | 3° |
| Ósló | 0° |
| Stokkhólmur | 0° |
| Gautaborg | -1° |
| London | 9° |
| París | 11° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Berlín | 4° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 22° |
| Bassel | 8° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 9° |
| New York | 25° |
| Orlando | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

BMW 3 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

# BMW 3 línan.
# Margir valkostir.
# Einfalt val.




## BMW 3 línan.

Áttu erfitt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Margar mismunandi gerðir, ólíkar vélarstærðir og margs konar búnaður allt eftir því hvað hentar þér. Þá eru ótaldir þeir fjölmörgu aukahlutir sem standa til boða ásamt ótal litum og ólíku efnisvali. En auðveldasta ákvörðunin er jafnframt sú fyrsta sem þú tekur, að velja BMW 3-línuna. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1 og upplifðu t.d. BMW 3-series Exclusive og Sport línuna af eigin raun!

**BMW 3 lína Exclusive**
Málmlakk, 17“ álfelgur, sjálfskipting, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sportstýri, aðgerðastýri, fjarlægðarvari að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós og Professional útvarp.

**BMW 3 lína Sport**
Málmlakk, 17“ M-álfelgur, sjálfskipting, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, állistar í innréttingu, sportsæti, M-vindkljúfasett, M-sportfjöðrun, Satin Chrome gluggalistar, Alcantara innrétting og svört loftklæðning.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fara á tónleikana með Bob Dylan í lok maí?*

| | |
|---|---|
| Já | 7,6% |
| Nei | 92,4 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var gott hjá Seðlabanka að hækka stýrivextina?*

Segðu þína skoðun á vísir

Líkamsárásin hrottalega í Keilufellinu í Breiðholti á skírdag:

# Margsaga um ástæður árásar

**LÖGREGLUMÁL** Pólverjarnir sjö sem urðu fyrir harkalegri árás frá hópi manna í Keilufelli á skírdag hafa gefið mjög misvísandi skýringar á hugsanlegu tilefni árásarinnar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Þar eru meðal annars nefnd bílaviðskipti, stolin tölva og kvennamál.

Fimm árásarmenn, fjórir Pólverjar og Lithái, sem sitja í gæsluvarðhaldi og einangrun, hafa neitað að tjá sig við yfirheyrslur hjá lögreglu. Þeir réðust ásamt fleirum á Pólverjana sjö í húsi við Keilufell sem hinir síðarnefndu leigja saman. Árásarmennirnir voru vopnaðir kylfum, öxi, slaghömrum og fleiri gerðum af barefli. Þeir slösuðu íbúa hússins, þó einn sýnu mest sem hlaut áverka og beinbrot. Fjórir þeirra voru handteknir skömmu eftir árásina og voru þeir úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald. Í bíl þeirra fundust blóðug sleggja, blóðugt steypustyrktarjárn, rörbútur og tveir hnífar. Fimmti maðurinn var handtekinn í fyrrakvöld. Hann var í gær úrskurður í gæsluvarðhald til 14. apríl eins og hinir fjórir.

Þá hefur lögreglan lýst eftir einum til viðbótar, Tomasz Krzysztof Jagiela, vegna gruns um aðild hans að líkamsárásinni. Hann er Pólverji, fæddur 1980. Tekið er á móti upplýsingum í síma 444 1000.



**KEILUFELL** Mennirnir fimm sem réðust inn í hús við Keilufell hafa neitað að tjá sig við yfirheyrslur hjá lögreglunni.

Verslunin Hreiðrið á Akureyri:

## Grímuklæddur reyndi rán

**LÖGREGLUMÁL** Um klukkan níu í fyrrakvöld ruddist grímuklæddur maður inn í verslunina Hreiðrið á Akureyri og ógnaði þar afgreiðslukonu með barefli og krafðist þess að fá peninga afhenta.

Afgreiðslukonan veitti manninum mótspyrnu og flúði hann þá tómhentur af vettvangi. Par á þrítugsaldri var síðan handtekið í gærmorgun í tengslum við ránstilraunina og viðurkenndi maðurinn að hafa verið þarna að verki. Þau voru látin laus að yfirheyrslum loknum og telst málið upplýst, samkvæmt lögreglunni. **- jss**

Forstjóri Samkeppniseftirlits:

## Framhald málsins skýrist í dag

**ORKA Frestur til að skila Samkeppniseftirlitinu andmælum vegna sölu hlutar Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja til Orkuveitu Reykjavíkur rann út í gær, og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að framhald málsins skýrist í dag.**



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

**Fréttablaðið hefur heimildir um að viðbótarfrestur til andmæla kunni að verða veittur en forstjórinn tjáir sig ekki um það.**

**Það myndi fresta enn um sinn úrlausn máls, sem gæti kostað Orkuveituna allt að fimm milljónir í dráttarvexti á dag, eins og fram kom í blaðinu í gær. - kóþ**

Forsetakosningarnar 28. júní:

## Framboðsfrestur til 24. maí

**STJÓRNSÝSLA** Skila ber framboðum vegna kjörs til embættis forseta Íslands í síðasta lagi 24. maí. Er það fimm vikum fyrir kjördag sem verður laugardaginn 28. júní.

Framboðstilkynningu þurfa að fylgja meðmæli og vottorð yfirkjörstjórna um að meðmælendur séu kosningabærir.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningabærra manna en mest 3.000. **- bþs**

**MEÐMÆLENDUR EFTIR LANDSFJÓRÐUNGUM**

| Fjórðungur | Minnst | Mest |
|---|---|---|
| Suðurland | 1.198 | 2.396 |
| Vesturland | 69 | 137 |
| Norðurland | 169 | 339 |
| Austurland | 64 | 128 |
| | 1.500 | 3.000 |

# Töldu sig ekki mega segja frá sölu bréfa

**Stjórnarmenn í SPRON seldu stofnfjárbréf fyrir milljarða án þess að upplýsa um það nokkrum dögum eftir að stjórn SPRON ákvað að skrá félagið á markað. Nauðsynlegt að komast til botns í málinu, segir Vilhjálmur Bjarnason.**

**VIÐSKIPTI** Stjórnarmenn SPRON töldu sig ekki mega segja frá sölu þriggja stjórnarmanna á stofnfjárbréfum fyrir 196 milljónir króna að nafnvirði, nokkrum dögum eftir að stjórnin ákvað að skrá SPRON á markað. „Það er nauðsynlegt að komast til botns í þessu máli," segir Vilhjálmur Bjarnason framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.

Stjórnin byggði þetta álit sitt á bréflegum samskiptum SPRON við Fjármálaeftirlitið (FME) á árunum 2003 og 2004.

Í bréfi FME frá 30. júní 2004 til SPRON er fjallað um drög að reglum SPRON um stofnfjármarkað og samræmi þeirra við þágildandi lög um starfsemi kauphalla. Stjórn SPRON sagði frá því í fréttatilkynningu 7. febrúar síðastliðinn að FME hefði í bréfinu sett fram þau sjónarmið að stjórnarmönnum SPRON hefði verið óheimilt að birta opinberlega upplýsingar um sölu stjórnarmanna á stofnfjárbréfum.

FME segir í bréfi til Samtaka fjárfesta að stjórnarmönnum hafi verið heimilt að segja frá sölu á stofnfjárbréfum auk þess sem bréfið frá því árið 2004 hefði fyrst og fremst fjallað um álitamál er vörðuðu stofnfjármarkað og kauphallarlögin.

„Stjórn SPRON var ekki heimilt að birta upplýsingar um viðskipti innherja," sagði meðal annars í tilkynningu stjórnar SPRON frá því 7. febrúar.

Í lögum um verðbréfaviðskipti er fjallað um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Þar segir að reglur um innherjaviðskipti taki gildi um leið og óskað hefur verið eftir því að „fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði" eins og orðrétt segir í lögunum.

Ekki hefur enn verið upplýst um hvenær óskað var eftir því að SPRON yrði skráð í íslensku kauphöllina. Ljóst er þó að engin viðskipti fóru fram með stofnfjárbréf eftir 7. ágúst og fram að skráningu.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, sagði við Fréttablaðið í gær að SPRON hefði sett sig í samband við forsvarsmenn kauphallarinnar í kjölfar þess að stjórnin ákvað að skrá SPRON á markað, sem var 17. júlí. Um miðjan ágúst bárust kauphöllinni síðan gögn frá SPRON sem voru hluti af undirbúningi að skráningu félagsins. Að lokum var SPRON skráð á markað 23. október á byrjunargenginu 18,9.







Stjórnarmenn seldu í kyrrþey

**SPRON** Fjölmargir fjárfestar hafa tapað miklu fé vegna lækkana á mörkuðum. SPRON hefur lækkað gríðarlega í verði frá því að félagið var skráð á markað. Lokagengi fyrsta dags í kauphöllinni var 18,7 en við lokun markaða í gær var gengið 4,37. Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um málið meðal annars í fréttaskýringu sem birtist 9. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skömmu síðar fór að halla verulega undan fæti á mörkuðum og hefur gengi félagsins verið á hraðri niðurleið. Það er nú 4,37.

Fjölmargir fjárfestar keyptu stofnfjárbréf í SPRON á háu gengi. Meðal annars fóru viðskipti fram með stofnfjárbréf á genginu 24 til 30 en stofnfjáreigendur voru 1.350 skömmu eftir stjórnarfund SPRON 17. júlí.

**magnush@frettabladid.is**



**MICHEL FOURNIRET** Réttarhöldin hefjast í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Réttarhöld í Frakklandi:

## Hjón myrtu sjö ungar stúlkur

**FRAKKLAND, AP Réttarhöld yfir Michel Fourniret og eiginkonu hans, Monique Olivier, hefjast í Frakklandi í vikunni. Hjónin eru sökuð um að hafa á árunum 1987-2003 myrt sjö stúlkur á aldrinum 12 til 21 árs í Frakklandi og Belgíu.**

**Fourniret, sem nú er 66 ára, er grunaður um að hafa verið viðriðinn enn fleiri morð. Strax árið 1966 var Fourniret fyrst dæmdur sekur um kynferðislega áreitni og 1987 var hann dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir nauðganir. Hann var handtekinn í Belgíu árið 2003 eftir að 13 ára stúlka slapp úr greipum hans og gaf lögreglunni upp bílnúmer hans. - gb**

Skattar á bensín og olíu:

## Ráðherrar skoða eldsneytisskýrslu

**STJÓRNMÁL** Skýrsla starfshóps sem fjallaði um skattlagningu ökutækja og eldsneytis er nú á borðum fjármála-, samgöngu- og umhverfisráðherra.

Starfshópnum var falið að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis, ekki síst með umhverfishagsmuni að leiðarljósi. Ráðgert var að skýrslan yrði tilbúin 1. febrúar en verkið tafðist. Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, kvaðst í samtali við Fréttablaðið ekki geta sagt til um hvort frumvarp á grundvelli skýrslunnar yrði lagt fram á vorþingi. **- bþs**


**LÚXUS** Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

**LAND ROVER FREELANDER diesel**

Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 12.000.

**Verð: 5.500.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík

575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is**

**575 1230**


KSÍ fór ekki illa með almannafé, segir Geir Þorsteinsson formaður:

# Segir Dag hafa vitað af framúrkeyrslu

**FRAMKVÆMDIR** Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa hefði átt að vera fullkunnugt um að kostnaður vegna framkvæmda við Laugardalsvöll fór fram úr áætlun. Þetta er meðal þess sem kemur fram í bréfi Geirs Þorsteinssonar, formanns Knattspyrnusambands Íslands, til Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra.

Upphafleg áætlun vegna framkvæmdanna hljóðaði upp á 1.068 milljónir króna, en þær fóru hundruð milljóna fram úr áætlun. Dagur, sem átti sæti í nefnd um framkvæmdirnar, sagðist í byrjun þessa mánaðar ekki bera ábyrgð á framúrkeyrslunni. Byggingarnefndin sem hann hafi setið í hafi aðeins tvisvar sinnum komið saman. Síðan hafi formaðurinn hætt að boða fundi.

Þessu er mótmælt í bréfi Geirs. Þar segir að Dagur hafi setið báða fundi byggingarnefndarinnar þar sem afdrifaríkustu ákvarðanir verksins varðandi kostnað þess voru teknar. Á hvorugum fundinum hafi Dagur mótmælt eða talið þörf á að sækja frekari heimildir til borgarráðs.

Aðspurður neitar Dagur því að hann hefði átt að vita að verkið fór fram úr áætlun, Geir fari með rangt mál varðandi það sem fór fram á fundum byggingarnefndar. Í bréfinu séu fullyrðingar sem stangist á við fyrirliggjandi gögn og fundargerðir.

Þess utan hafi stærstur hluti framúrkeyrslunnar verið vegna viðbótar- og aukaverka sem KSÍ samþykkti eftir að Dagur var hættur í byggingarnefndinni. **- sþs**



**FRAMKVÆMDIR** Upphafleg áætlun vegna framkvæmda við Laugardalsvöll hljóðaði upp á 1.068 milljónir króna. Þær fóru hundruð milljóna fram úr áætlun.

# Amerísk gæði

AÐEINS FÁANLEGT Í HAGKAUPUM SMÁRALIND

KJÖRORKA



FREESTYLE ROMA
TILBOÐ
**899.000kr**
Listaverð 1.050.000.-

FREESTYLE ROMA

- 1.515 lítrar
- 239 cm þvermál
- 91 cm dýpt
- Hitari: 4 kílówött
- 63 nuddstútar
- Útvarp + geislaspilari
- Lok fylgir
- Rafmagnshitaður
- Mjúkir höfuðpúðar

## Amerískir gæða pottar á frábæru verði!
## Sjón er sögu ríkari!







## TILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| Cool Night | ~~620.000.-~~ | 499.000.- |
| Freestyle Tuscany | ~~890.000.-~~ | 699.000.- |
| Freestyle Scicilia | ~~950.000.-~~ | 799.000.- |
| Freestyle Roma | ~~1.050.000.-~~ | 899.000.- |

Gildir til 31. mars eða á meðan birgðir endast.

VISA Lán
– HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FERMINGAR TILBOÐ

6.000 kr. afsláttur



UNICORN FLAKKARI
MEÐ 320 GB HÖRÐUM DISKI
19.800 KR.
Eldra verð: 25.800 kr.
320 GB harður diskur
Afspilunartæki fyrir: tölvu/sjónvarp/skjávarpa
HDTV upscaling: 1920x1080i, 1280x720p
Video: MPEG1/2/4, AVI, DivX3,11/4x/5x, Xvid, DVD, IFO, VOB, VCD(DAT)
Audio: AC3, MP2/3, DTS pass through, WMA, OGG/JPEG
Slideshow möguleiki fyrir Digital myndir
Fjarstýring fylgir
Margir tengimöguleikar

5.000 kr. afsláttur



KODAK EASYSHARE V1253
KODAK MYNDAVÉL
34.900 KR.
Eldra verð: 39.900 kr.
12 MP upplausn
3X optískur aðdráttur
Schneider linsa
Möguleiki á HD videoupptöku
3,1" skjár
ISO 3200
Stafræn hristivörn

30% afsláttur



Gott fólk

ZICPLAY V-MAX 2 GB
MP3 SPILARI
6.900 KR.
Eldra verð: 9.900 kr.
FM útvarp og FM upptaka
Hljóðupptaka
WMA, MP3 og MP4 videoafspilun
Styður JPEG og BMP myndir
1,5" litaskjár (128x128)
Innbyggð hleðslurafhlaða – 7,5 klst.

Það er til lausn á öllu
EJS
Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000
Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000 / www.ejs.is


Kínversk stjórnvöld fylgja erlendum fréttamönnum í skoðunarferð til Tíbets:

# Lögregluþjónn á hverju horni

**TÍBET, AP** Í Lhasa, höfuðborg Tíbets, er lögregluþjónn á nánast hverju götuhorni og hermenn standa vörð um opinberar byggingar, að því er erlendir fréttamenn í borginni segja.

Kínversk stjórnvöld buðu í gær 26 erlendum fréttamönnum í ferð til Tíbets í þeim tilgangi að sýna fram á að daglegt líf þar væri komið aftur í eðlilegar skorður eftir öldu mótmæla sem hófst 14. mars og var barin niður af hörku.

Á einni þriggja eftirlitsstöðva lögreglunnar, sem eru á 65 kílómetra langri leið frá alþjóðaflugvellinum í Tíbet inn í höfuðborgina, sagði einn fimm lögregluþjóna að stöðin hefði verið sett upp 14. mars, sama dag og mótmælin hófust, en hann hélt því fram að lögreglan væri þarna einungis að athuga „hvort fólk notaði ekki öryggisbelti, færi ekki að umferðarreglum eða væri með falsaðar númeraplötur“.

Víða mátti sjá vopnaða hermenn standa vörð um byggingar, sem virtust vera opinberar skrifstofubyggingar. Víða í borginni mátti sjá brunnin hús.

Uppreisn Tíbeta nú í mánuðinum gegn yfirráðum Kína var sú mesta sem orðið hefur í nærri tvo áratugi. Kínversk stjórnvöld hafa brugðist ókvæða við, enda hefur uppreisnin orðið til þess að aðdragandi Ólympíuleikanna í Kína hefur ekki orðið jafn snurðulaus og stefnt var að. - gb



**MÓTMÆLI Á INDLANDI** Flóttamenn frá Tíbet mótmæla í Srinagar á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP




**SUÐURSTRANDARVEGUR VIÐ ÞORLÁKSHÖFN** Deilt er um hversu nálægt byggðinni í Þorlákshöfn nýr Suðurstrandarvegur á að vera og óttast sumir að vegurinn þrengi að framtíðarbyggingarlandi. MYND/LANDMÓTUN

# Suðurstrandarvegur sagður kljúfa bæinn

**Skiptar skoðanir eru um legu nýs Suðurstrandarvegs við Þorlákshöfn. Er gagnrýnt hversu nálægt byggðinni vegurinn liggur og þá að hann þrengi að framtíðarbyggingarlandi. Bæjarstjóri segir veginn geta færst ofar í landið síðar meir.**

**SAMGÖNGUR** Fyrir skömmu lagði samgönguráðherra fram áætlun um Suðurstrandarveg, rúmlega 58 kílómetra veg á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur sem ætlað er að tengja saman Suðurnes og Suðurland. Veginum var lofað þegar Suðurkjördæmi varð til við kjördæmabreytinguna fyrir fimm árum en framkvæmdum hefur oft verið frestað.

Til stendur að fyrri áfangi, frá Þorlákshöfn, verði boðinn út um mánaðamótin en þrátt fyrir að íbúar kjördæmisins fagni því hefur vegurinn strax valdið deilum í Þorlákshöfn. Deila menn um hversu nálægt byggðinni vegurinn verður og tala jafnvel um skipulagsslys.

„Mér finnst vegurinn allt of nálægt og reikna með að ef allt sem stendur til að byggja verður byggt verði búið að kljúfa þorpið innan tíu til fimmtán ára,“ segir Einar Sigurðsson, útgerðarmaður og fyrrverandi oddviti. Einar segir mikla uppbyggingu hafa átt sér stað í Þorlákshöfn undanfarin ár og allt líti út fyrir að hún haldi áfram með sama krafti. „Ég hélt að það væri liðin tíð að menn vildu fá alla umferð í gegnum þorpið og mér finnst það engin rök að hægt sé að færa veginn eitthvert annað eftir nokkur ár,“ segir Einar.



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**

Jón Haraldsson, félagsmaður í hestamannafélaginu Háfeta í Þorlákshöfn, tekur í sama streng. Hann segir hestamenn hafa ætlað að útbúa skeiðvöll við hesthúsahverfi bæjarins. „Þá gátum við ekki verið með nógu langa skeiðbraut á vellinum því byggðin er áætluð of nálægt.“ Jóni finnst þetta skjóta skökku við þar sem sveitarfélagið eigi nóg land en Suðurstrandarvegurinn krói byggðarlagið af.

Hann segir hestamenn hafa rætt þetta við bæjarstjórn Ölfuss en lítið hafi komið út úr viðræðunum. „Við ætluðum að gera völlinn góðan fyrir unglingalandsmótið í sumar en þá hefðum við viljað gera löglegan völl. Það er umhugsunarvert að vegurinn skuli vera fyrir áður en búið er að leggja hann,“ segir Jón.

„Það eru skiptar skoðanir um alla hluti og meðal annars um hvað nálægt vegurinn á að vera,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi. Segir hann veginn fylgja byggðinni í Þorlákshöfn. „Hugsunin er að Þorlákshöfn verði í alfaraleið og að vegurinn nýtist sem best þéttbýlinu.“ Um 200 metrar eiga að vera frá vegi að byggð þar sem vegurinn liggur meðfram byggðinni. Þar á að vera grænt svæði svo vegurinn nái aldrei að byggð. Svæði til nýbygginga er vestan við núverandi byggð og teygi sig að Suðurstrandarvegi. Þá segir hann veginn geta færst ofar í landið síðar meir ef byggðin þróist þannig. olav@frettabladid.is

Hefur gæðin

ÞÉR ER BOÐIÐ Í REYNSLUAKSTUR

# 24 TÍMAR | 24 ÁSTÆÐUR

SANTA FE Í HEILAN SÓLARHRING ÁN SKULDBINDINGA

## ENGINN FER TÓMHENTUR

- Óvæntur glaðningur bíður allra þeirra sem reynsluaka Santa Fe.
- Allir sem reynsluaka Santa Fe í 24 tíma fara í sérstakan pott og á hverjum föstudegi verður einn heppinn dreginn út og fær í sinn hlut **50.000** kr. gjafakort í Smáralind.

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2007 BÍLABLAÐAMANNA




Með bílinn handa þér

## Hringdu núna í síma 575 1200 eða skráðu þig á www.reynsluakstur.is

Þeir sem þekkja Santa Fe af eigin raun vita hversu góður bíll er hér á ferð. Þrátt fyrir að hann hafi verið valinn jepplingur ársins 2007 á Íslandi, eru ennþá einhverjir sem efast um að Hyundai geti átt bíla í fremstu röð. Við trúum að 24 tímar undir stýri á Santa Fe sé allt sem þurfi til að sannfæra þig um hið gagnstæða. Sölumenn okkar eru búnir að taka saman 24 ástæður fyrir því að Hyundai Santa Fe eru frábær jepplingakaup en við viljum helst að þú prófir hann fyrst. Hringdu núna!

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524




**MINNAST FALLINNA Í ÍRAK** Kalifornísk kona situr með skilti sem á stendur „4.000 fallnir“ á túni í San Francisco, þar sem síðan var kveikt á 4.000 kertum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náttúruverndarsamtök kæra útgáfu byggingarleyfis í Helguvík til úrskurðarnefndar:

# Vilja að framkvæmdir verði stöðvaðar

**UMHVERFISMÁL** Náttúruverndarsamtök Íslands krefjast þess að byggingarleyfi vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík verði fellt úr gildi. Samtökin vilja að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan fjallað er um kæruna.

Reykjanesbær og Sveitarfélagið Garður veittu Norðuráli byggingarleyfi 12. mars. Náttúruverndarsamtök Íslands kærðu þá ákvörðun til Úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál í gær. Í kærunni er þess krafist að leyfið verði fellt úr gildi.

Er bent á það í kærunni að í lögum um mat á umhverfisáhrifum sé krafa um það að sveitarfélög taki rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu framkvæmdaleyfis. Það hafi ekki verið gert, heldur tekin órökstudd afstaða til álitsins.

Í samtali við Fréttablaðið um miðjan mars sagði Aðalheiður Jóhannsdóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur í umhverfisrétti, það sína skoðun að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna álversins sé haldið alvarlegum efnisannmarka.

Þar sem álitið er grundvöllur framkvæmda- og byggingarleyfis getur Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál fellt leyfið úr gildi, komist hún að þeirri niðurstöðu að annmarkar séu á áliti Skipulagsstofnunar, eins og Aðalheiður álítur. - bj



**LEYFI** Bæjarstjórar Garðs og Reykjaness veittu forstjóra Norðuráls formlega byggingarleyfi á lóðinni við Helguvík fyrr í mánuðinum. MYND/VÍKURFRÉTTIR


SIEMENS

Þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.



Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg.** Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar**. Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA – KMI / FIT


Fangelsismálastofnun:

## Nýjar heimsóknarreglur

**FANGELSISMÁL** **Forstjóri Fangelsismálastofnunar hefur sett verklagsreglur til viðmiðunar vegna heimsókna í fangelsi.**



PÁLL WINKEL

**Markmið þeirra er að tryggja að heimsóknir í fangelsi séu samkvæmt lögum og reglugerðum og jafnframt að stuðla að góðri reglu, ró og öryggi í fangelsum og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað svo sem að heimsóknargestir komi með fíkniefni í fangelsi.**

**„Þessar reglur eru í samræmi við áherslur Fangelsismálastofnunar að draga úr og koma í veg fyrir innflutning fíkniefna og ólöglegra lyfja inn í fangelsi ríkisins,“ segir Páll Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Jafnframt er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs og að heimsóknir geti farið fram undir eftirliti eða í gegnum svokallað gler, án snertingar, í stað þess að synja alfarið um þær.“** - jss

### LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur við Ísafjörð

Lögreglan á Ísafirði tók 38 ökumenn fyrir hraðakstur í síðustu viku. Sá sem hraðast ók var mældur á 130 kílómetra hraða. Þar er hámarkshraði 90 kílómetrar á klukkustund.



**ELDAR LOGUÐU Í RÚSTUNUM** Fimmtán voru fluttir á sjúkrahús og fimm er saknað eftir að aurskriða féll á blokk í Álasundi í Noregi. Ólíklegt er talið að þeir séu á lífi í rústunum. Þúsund manns hafa rýmt hús sín í nágrenninu af ótta við gassprengingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Blokk hrundi í aurskriðu

**Fimm er saknað og fimmtán voru fluttir á sjúkrahús þegar fjölbýlishús hrundi í Álasundi í gærmorgun. Íslensk hjón eru nýflutt úr götunni.**

**NOREGUR** Fimm Norðmanna er saknað og fimmtán hafa verið fluttir á sjúkrahús í Álasundi í Noregi þegar blokk hrundi aðfaranótt miðvikudags. Neðstu tvær hæðirnar jöfnuðust við jörðu og miklar skemmdir urðu. Ólíklegt þykir að Norðmennirnir sem saknað er séu á lífi í rústunum. Eitt þúsund íbúar í nágrenninu hafa verið fluttir á brott. Talið er að eldur logi í rústunum í nokkra daga.

Blokkin er byggð utan í fjallshlíð alveg upp við bergið skammt frá miðbænum í Álasundi. Jarðvegur undir blokkinni skreið fram, húsið færðist fram um tíu metra og hrundi. Önnur aurskriða féll skömmu síðar þegar flestir voru komnir út úr húsinu þannig að ástandið varð enn verra.

Hjónin Jenný Valdimarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Hafþór Heimisson tölvunarfræðingur eru nýflutt úr götunni en eiga vinafólk í húsinu. Síminn hringdi hjá þeim snemma í gærmorgun. „Við þekkjum fólk í húsinu og bjuggum stutt frá blokkinni áður,“ segir Jenný. „Sameiginlegt vinafólk hringdi til að láta okkur vita af skriðunni.“

Hafþór segir að þau hafi vaknað við fréttirnar og þeim hafi brugðið illa. „Okkur varð mjög hverft við. Það er ekki gott að vakna við svona fréttir,“ segir hann. „Við kveiktum strax á sjónvarpinu og vissum náttúrlega ekki hverjum hafði verið bjargað og hverjir voru enn inni í húsinu. Það var mjög óþægilegur tími þar til við komumst að því að vinir okkar höfðu komist heilu og höldnu út. Vinkona okkar sem býr þarna í næsta nágrenni er hjá okkur núna og við erum að reyna að átta okkur á stöðunni.“




Slökkviliðsmenn, lögreglumenn og aðrir björgunarmenn voru önnum kafnir fram eftir degi í gær við að slökkva elda, sem blossuðu upp af og til. Stór gastankur í bílakjallara hússins nærði eldinn og réð slökkviliðið að lokum ekkert við hann. Búist er við að eldurinn muni loga í nokkra daga. Ótti er við gassprengingar og hafa því eitt þúsund íbúar í nágrenninu verið fluttir brott. Allar aðstæður til björgunar voru erfiðar og því áttu björgunarmenn erfitt með að leita að þeim sem saknað var.

Hafþór og Jenný búa ekki langt frá blokkinni. ghs@frettabladid.is


RV Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt




Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 020802

Ungir framsóknarmenn:

## Þjóðaratkvæði um Evrópumál

**UTANRÍKISMÁL** Samband ungra framsóknarmanna telur að efna beri til þjóðaratkvæðagreiðslu um hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið, samhliða forsetakosningum í júní.

Verði samþykkt að ræða við ESB ætti jafnframt að bera niðurstöður þeirra viðræðna undir þjóðina, enda séu viðunandi samningar forsenda aðildar.

Í tilkynningu SUF segir að endurskoða þurfi stöðu Íslands gagnvart ESB. Sérstaklega þurfi að huga að hagsmunum þjóðarinnar í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum. **- kóþ**



**SÆNSKIR NÝNASISTAR** „Við samþykkjum ekki svona,“ segir upplýsingafulltrúi sænska hersins. NORDICPHOTOS/AFP

Norræna Evrópuherfylkið:

## Nýnasistar ekki gjaldgengir

**SVÍÞJÓÐ Einn af sænsku hermönnunum í Norræna herfylkinu hefur tengsl við nýnasismann í Svíþjóð, að sögn dagblaðsins Borås Tidning. Maðurinn var á leið til Afganistan þegar blaðamaður hafði samband við hann. Hann neitaði því fyrst að vera nýnasisti en játaði svo að hann hefði verið það í sínu „fyrra lífi“ enda birtist mynd af honum á vef nýnasista.**

**„Við samþykkjum ekki svona lagað,“ segir Eva Nilsson, upplýsingafulltrúi sænska hersins. Sænska öryggislögreglan Säpo fer nú yfir málið. Um 2.800 hermenn eru í Norræna herfylkinu sem er hluti af viðbragðssveitum Evrópusambandsins. - ghs**

Óvenjumargir drukknað:

## Varasamt að æða út á ísinn

**FINNLAND** Ísinn hefur verið svo óvenjuveikur á vötnum og við strandir Finnlands í vetur að allmargir hafa drukknað þegar þeir hafa fallið niður um vakir frá því um áramót, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.

Fólk er varað við því að æða yfir ísinn á leið í sumarbústaði sína, til dæmis úti í skerjagarðinum, þó að ísinn virðist vera nógu þykkur við fyrstu sýn en Finnar hafa gjarnan gengið og keyrt yfir ísinn á veturna.

„Ísinn getur verið nógu þykkur við ströndina en þegar komið er lengra út getur hann verið miklu þynnri svo hann ber ekki einu sinni mannslíkamann,“ segir Jouni Vainio, vísindamaður við finnsku hafrannsóknastofnunina. **- ghs**




iPod touch
Raunstærð:
61,5 x 110 x 8 mm
Aðeins 120 g

# Í snertingu við tónlist

TILBOÐ 36.990 kr.

8 GB iPod touch á fermingartilboði

iPod touch
8 GB (2000 lög)
120 g
3,5" snertiskjár

Spilar myndbönd
Innbyggt þráðlaust netkort
Vafri, YouTube og dagbók
Rafhlaðan endist allt að 22 klst.

36.990 kr. Áður 42.990 kr.

iPod touch er með snertiskjá, fullkomnasti iPod sem völ er á. Tækið sameinar eiginleika iPod spilara og lófatölvu og kemur þér þráðlaust á netið. Með einum fingri á snertiskjánum vafrar þú að vild á netinu eða flettir í gegnum tónlistina þína. Þar að auki geturðu horft á kvikmyndir og þætti á 3,5" breiðtjaldsskjá þess eða skoðað YouTube.
Einfaldleiki, þægindi og skemmtun með iPod touch.



Fireant hátalarar Verð frá 26.990 kr.
Griffin iTrip 4.990 kr.
USB auto adapter fyrir iPod 3.490 kr.
Bose SoundDock Portable 44.990 kr.
USB sjónvarpsmóttakari 12.990 kr.
Griffin iTrip auto scan 7.990 kr.
Griffin Road Trip 6.990 kr.

Apple IMC | Humac ehf.
Sími 534 3400 www.apple.is
Laugavegi 182 105 Reykjavík
Kringlunni 103 Reykjavík
Apple IMC

Fermingartilboðið gildir til 31. mars 2008

VIRKJUM FJÁRMAGN **KVENNA**

NÁMSTEFNA UM KONUR, FJÁRMAGN OG REKSTUR FYRIRTÆKJA

Föstudaginn 28. mars á Hilton Reykjavík Nordica – sal A & B – kl. 8-12

Upplýsingar og skráning á vef Samtaka atvinnulífsins – **www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS | IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ | FKA Félag kvenna í atvinnurekstri



**BÆNAHUNDUR** Chihuahua-hundurinn „Conan“ sést hér í bænastellingu ásamt húsbónda sínum, japanska búddamunknum Joei Yoshikuni í Shuri-Kannondo-hofinu á eynni Okinawa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tugir manna fallnir í átökum stjórnarliða og uppreisnarhers í olíuborginni Basra:

# Hart barist um yfirráð í borginni Basra

**ÍRAK, AP** Átök milli íraskra stjórnarliða og liðsmanna sjíaklerksins Muqtada al-Sadr héldu áfram í Basra í gær, annan daginn í röð. Meira en 55 manns féllu og 300 særðust í átökunum, sem einnig urðu heiftarleg í Sadr-hverfinu í höfuðborginni Bagdad.

Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, gaf liðsmönnum al-Sadrs, Mahdi-hernum svokallaða, þriggja daga frest til að leggja niður vopn og hætta átökum. „Sérhver byssumaður sem gerir þetta ekki innan þriggja daga verður útlægur gerður,“ sagði al-Maliki, sem fór til Basra í gær til að stjórna baráttunni gegn uppreisnarseitunum. Barist er um yfirráð í olíuborginni Basra, sem er miðstöð olíuiðnaðar landsins skammt frá landamærum Írans.



**ÁTÖK Í BASRA** Íraskir lögreglumenn búa sig undir átök við liðsmenn Muqtada al-Sadrs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjum og flugskeytum var einnig varpað á Græna svæðið í Bagdad í gær, þriðja daginn í þessari viku.

Átökin hafa vakið ótta um að vopnahlé, sem al-Sadr lýsti yfir í ágúst og hefur átt stóran þátt í því að friðvænlegra hefur verið í landinu síðan, sé að engu orðið.

Liðsmenn al-Sadrs saka Bandaríkjamenn og Íraksstjórn um að hafa notfært sér vopnahléð til að ráðast gegn Mahdi-hernum, með bæði árásum og handtökum nýverið. Þeir saka einnig aðra hópa sjía-múslima, sem hafa tögl-in og hagldirnar í lögreglu og her Íraks, um að hafa skipulagt handtökur beinlínis í þeim tilgangi að torvelda þeim þátttöku í kosningabaráttu fyrir sveitarstjórnarkosningar í haust. **- gb**

Frjálslyndi flokkurinn:

# Magnús Þór aðstoðar Guðjón

**STJÓRNMÁL** Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, hefur ráðið Magnús Þór Hafsteinsson, varaformann flokksins, í starf aðstoðarmanns síns.



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**

Magnús Þór var þingmaður flokksins á síðasta kjörtímabili en náði ekki kjöri í síðustu kosningum.

Þá hefur Grétar Mar Jónsson, þingmaður frjálslyndra í Suðurkjördæmi, ráðið Guðrúnu Maríu Óskarsdóttur aðstoðarmann sinn. Er hún í 33 prósenta starfi, líkt og reglur segja til um. **- bþs**

Rektor tekur sér lengri tíma til að ákvarða í máli dæmds prófessors:

# Ákvarðað í máli Hannesar eftir helgi

**MENNTUN** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, hefur ekki ákveðið hvað skuli gert í máli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors, sem var dæmdur í Hæstarétti 13. mars fyrir að gera texta Halldórs Laxness að sínum. Hún segist vilja bíða með yfirlýsingar fram á mánudaginn.



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

Rektor verður með annan fótinn erlendis í vikunni og þarf því meiri tíma til að taka ákvörðunina, en hún hafði áður látið í veðri vaka að hún gerði upp hug sinn um páskana.

Kristín segist aðspurð hafa kynnt sér öll gögn málsins, þar á meðal skýrslu Helgu Kress um vinnubrögð Hannesar. Samkvæmt henni tók Hannes texta fjölda annarra manna en Halldórs og gerði þá að sínum, í bókinni sem hann var dæmdur fyrir.

Kristín svarar því ekki hvort verið sé að ræða hugsanlegan brottrekstur Hannesar né hvort hún hafi haft samráð við menntamálaráðherra um það. Þá vill hún heldur ekkert tjá sig um hvort að öðrum kosti þurfi að breyta viðmiðum fyrir nemendur að fara eftir í heimildavinnu og við ritgerðaskrif við Háskólann.

Hún gat ekki sagt hvort prófessorar hafi áður verið reknir fyrir viðlíka brot við Háskóla Íslands. **- kóp**



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Viðbrögð háskólayfirvalda við dómi Hæstaréttar yfir prófessornum verða kunngjörð á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK


GÆÐAÁRGANGAR 2004-2006

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

Við eigum gott úrval Pajero jeppa af árgerðum 2004 og 2006. Þeir eru allir í toppstandi, á frábæru verði og til í ótal útfærslum. Dráttarbeisli fylgir öllum bílum.

Komdu í Bílaþing og skoðaðu alvöru jeppa sem eru rétt að hefja langt og skemmtilegt líf.

**Ekki missa af Pajero!**




MITSUBISHI MOTORS | HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



STURTUKLEFAR

með lausnir í stríðum straumum

Hafðu það vandað

- allt frá uppsprettu inn til þín

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 108 Reykjavík Sími 533-2020 vatnsvirkinn.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

RA BÍLA INGVARS HELGASONAR, Á SÆVARHÖFÐA OG GRJÓTHÁLSI

# ÁLF MILLJÓN AF!

Bílaland B&L og Notaðir bílar Ingvars Helgasonar taka höndum saman og efna til stærstu og öflugustu útsölu sem haldin hefur verið á notuðum bílum. Aldrei í sögu landsins hefur verið hagstæðara að kaupa notaðan bíl en einmitt núna. Komdu strax!

**OPIÐ TIL 22.00**

**-1.010.000 KR.**



**NISSAN PATHFINDER 2.5 LE**
Ekinn 35 þús. ssk. Nýskr. 10/05
Verð áður 4.590.000 kr.
**3.580.000 KR.**

**-340.000 KR.**



**NISSAN TERRANO 2.7 TDI SPORT**
Ekinn 66 þús. bs. Nýskr. 08/04
Verð áður 2.390.000 kr.
**2.050.000 KR.**

**-1.470.000 KR.**



**HYUNDAI TERRACAN DIESEL**
Ekinn 30 þús. ssk. Nýskr. 12/06
Verð áður 4.870.000 kr.
**3.400.000 KR.**

**-310.000 KR.**



**CITROËN C2 VTR**
Ekinn 35 þús. ssk. Nýskr. 02/04
Verð áður 1.060.000 kr.
**750.000 KR.**

**-200.000 KR.**



**HONDA ACCORD TOURER**
Ekinn 15 þús. ssk. Nýskr. 12/06
Verð áður 2.790.000 kr.
**2.590.000 KR.**

**-170.000 KR.**



**TOYOTA YARIS VERSO**
Ekinn 61 þús. ssk. Nýskr. 09/02
Verð áður 860.000 kr.
**690.000 KR.**

**-330.000 KR.**



**HYUNDAI GETZ**
Ekinn 37 þús. bs. Nýskr. 05/05
Verð áður 1.320.000 kr.
**990.000 KR**

**-740.000 KR.**



**CHEVROLET SILVERADO 1500**
Ekinn 93 þús. ssk. Nýskr. 08/04
Verð áður 2.690.000 kr.
**1.950.000 KR.**

**-570.000 KR.**



**NISSAN X-TRAIL ELEGANCE**
Ekinn 18 þús. ssk. Nýskr. 04/07
Verð áður 3.760.000 kr.
**3.190.000 KR.**

**-600.000 KR.**



**HYUNDAI SANTA FE**
Ekinn 68 þús. ssk. Nýskr. 08/03
Verð áður 2.190.000 kr.
**1.590.000 KR.**

**-500.000 KR.**



**RENAULT SCENIC II**
Ekinn 25 þús. bsk. Nýskr. 08/04
Verð áður 1.650.000 kr.
**1.150.000 KR.**

**-1.100.000 KR.**



**VOLKSWAGEN TOUAREG D**
Ekinn 67 þús. ssk. Nýskr. 10/03
Verð áður 5.500.000 kr.
**4.400.000 KR.**

**INGVAR HELGASON** SÆVARHÖFÐA 2 | 525 8000 | www.ih.is
**BÍLALAND B&L** GRJÓTHÁLSI 1 | 575 1230 | www.bilaland.is

IH INGVAR HELGASON

bíla land B&L

„ORÐRÉTT“

*Góður blaðamaður*

**„Ég ætla sjálfur að stýra því hvenær persónulegar upplýsingar um mig eru birtar.“**

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON, DAGSKRÁRSTJÓRI SJÓNVARPSINS, SEM VILL EKKI AÐ LAUNIN HANS VERÐI GERÐ OPINBER.

Fréttablaðið 26. mars

*En hvað fær þjóðin?*

**„Um 300 milljónir nægja til að borga fyrir pakkann í heild sinni. Ríkið fær í rauninni mikið fyrir afar lítið.“**

ÁGÚST GUÐMUNDSSON, FORSETI BANDALAGS LISTAMANNA, UM LISTAMANNALAUN.

Morgunblaðið 26. mars

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR, AÐSTOÐARREKTOR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST:

## *Prófatímanum fylgir alltaf vorhugur*



„Það er helst að frétta núna að ég ligg í flensu,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst. „Þetta er nú sem betur fer ekkert alvarlegt og mér skilst að það séu margir í þessu.“

„Ég náði mér í þessa flensu þar sem ég var á skíðum fyrir norðan um páskana og kom með þetta í farteskinu heim.“ Bryndís útskýrir þetta nánar og segir þau í fjölskyldunni hafa farið saman á skíði í Hlíðarfjalli fyrir ofan Akureyri um páskana. Fjölskyldan var þar í góðu yfirlæti. „Þetta var alveg æðislegt. Eins og það gerist best í útlöndum. Þetta voru mjög fínir dagar sem við fengum, skemmtilegt veður og gott færi.“

En Bryndís segir nóg um að vera á Bifröst enda vorpróf í undirbúningi. „Svo eru vorverkin fram undan í skólanum.“ Nemendur á Bifröst eru nú í upplestrarfríi fyrir próf sem hefjast innan skamms. Hún segir nokkurn vorhug kominn í nemendur og starfsfólk á Bifröst. „Fylgir það ekki alltaf prófatímanum, svolítill vorhugur?“

„Svo erum við alltaf með skóla á sumrin. Eftir að prófum lýkur taka nemendur í grunnnáminu sumarlotu sem er frá lokum apríl og fram í lok júní. Meistaranemarnir eru hins vegar að koma inn yfir hásumarið, í júlí og fram í ágúst.“

Segir hún vinnuhelgar mikið nýttar af þeim sem eru í meistaranámi. Nemendur í fjarnámi nýta sér einnig vinnuhelgarnar og mæta þá í skólann, meðal annars til hópvinnuverkefna. „Þannig að það eru nánast allir dagar ársins meira og minna nýttir.“



EIN EFTIRLÍKINGANNA SEM VERÐUR Í HÚSI ORKUVEITUNNAR.

## Da Vinci á Íslandi

Hægt verður að berja augum eftirlíkingar á uppfinningum Leonardos Da Vincis í galleríinu í húsi Orkuveitu Reykjavíkur í október næstkomandi. Sýning á mununum verður haldin í tengslum við ítalska daga hjá Hagkaupum en einnig hefur Reykjavíkurborg ákveðið að tengja hana við starf á leik- og grunnskólum borgarinnar.

„Það vildi þannig til að ég var að kaupa inn mikið af ítölskum matvörum þar í landi og þá komst ég í kynni við safnstjórann á Vinci-safninu í samnefndum bæ sem jafnframt er heimabær meistarans,“ segir Sigurður Reynalds, sem er upphafsmaðurinn að þessari sýningu. „Úr varð að þeir vildu launa okkur góð tengsl með því að lána okkur allnokkra muni af safninu.“

Safnstjórinn og bæjarstjórinn í Vinci munu koma hingað til lands og opna sýninguna en til stendur að hún verði opin í þrjár vikur.

# Nöfn aflaskipa talin góð nöfn

**Bátanafnahefðin í Eyjum breyttist mjög þegar einokunartímabilinu lauk og erlend áhrif urðu ríkjandi. Á tímabilinu 1940-1950 voru nöfnin mikið til úr goðafræði og Íslendingasögum. Jóhanna Lilja Einarsdóttir, BA-nemi í íslensku við Háskóla Íslands, mun halda fyrirlestur um bátanöfn í Vestmannaeyjum um næstu helgi hjá Nafnfræðifélaginu.**



**JÓHANNA VIÐ HÖFNINA Í VESTMANNAEYJUM** Nöfn báta vöktu athygli Jóhönnu í íslenskunáminu við Háskóla Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Í fyrirlestrinum mun Jóhanna rekja forsögu útgerðar í Vestmannaeyjum á einokunartímabilinu fram undir 1970. „Í Konungsbók eru fyrstu heimildir um nöfn báta en eyjarskeggjar voru með litla útgerð á þessum tíma. Bátar voru oftast nefndir kristilegum nöfnum og mætti þar nefna Pétur postula, Salómon, Ísak, Fortúnu og Enok,“ segir Jóhanna. „Árið 1586 voru dönsk nöfn mikið til notuð á bátana en þegar líða tók á tímabilið voru nöfnin oft þýdd yfir á íslensku.“

**Hjátrú við nafngjöf**

Á tímabilinu 1870-1909 voru erlend áhrif ríkjandi. Það var trú sjómannanna að ef bátur fiskaði vel væri nafn hans gott. Bátsnafnið Enok hélt sér út öll tímabilin sem Jóhanna skoðar í fyrirlestrinum. „Síðasta tímabilið í úrtakinu var 1940-1950 en þá fara bátar að heita nöfnum úr goðafræði og Íslendingasögum. Dæmi um þessi nöfn væru Gissur hvíti, Þorgeir goði, Baldur, Frigg og Freyja. Einn báturinn var nefndur eftir Þuríði formanni, sem fór aðeins ellefu ára til sjós og fékk sérstakt leyfi frá sýslumanninum á Stokkseyri til að ganga í buxum. Bátur var nefndur eftir henni og var líklega frá Stokkseyri,“ segir Jóhanna. Hún hefur ekki skoðað tímabilið eftir 1950 en telur að goðanöfnin séu nú að týna tölu. Hún tekur fram að bátar nútímans séu oftast nefndir mannanöfnum.

Fyrirlestur Jóhönnu verður haldinn næstkomandi laugardag á Neshaga 16 kl. 13.15. *- áb*

**FYRIRLESTRAR UM NÖFN**

Nafnfræðifélagið er áhugamannafélag sem stendur fyrir fundum þar sem haldnir eru fyrirlestrar um ýmis nafnfræðileg efni, örnefni, mannanöfn og ýmis önnur nöfn. Fyrirlestra sem haldnir hafa verið hjá félaginu má finna á www.nefnir.is, auk þess sem útdrættir eru á heimasíðunni www.ornefni.is.


**Spennandi starf í boði**



**Verslunarstjóri í Nóatúni Rofabæ**

Óskum eftir að ráða verslunarstjóra í verslun Nóatúns í Rofabæ. Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi starf í góðum hópi starfsmanna. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af verslunar- eða sölustörfum er skilyrði.

*Sækið um á vefnum www.noatun.is eða sendið umsókn á Kaupás hf. Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, b.t. starfsmannastjóra.*

NÓATÚN


Nýr uppskriftabæklingur kartöflubænda:

## *Kartöflubrauð og hátíðlegar súkkulaði-kartöflukökur*

**KARTÖFLURÉTTIR** Í tilefni af ári kartöflunnar var Einari K. Guðfinnssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, afhent fyrsta eintakið af uppskriftabæklingi sem Landssamband kartöflubænda gaf út. Bæklingurinn var kynntur á veitingastaðnum Friðriki V á Akureyri í gær þar sem gestir fengu að smakka á tíu kartöfluréttum. Sigríður Bergvinsdóttir er höfundur og ritstjóri bæklingsins en hún hefur komið með margar frumlegar hugmyndir að uppskrifum. Bergvin Jóhannsson, formaður Landssambands kartöflubænda, segir að með bæklingnum séu bændur að bjóða upp á 21. aldar kartöflurétti.

Um 250 ár eru síðan kartöflurækt hófst hérlendis og hefur kartaflan ætíð átt ríkan sess á matarborðum landsmanna.

Í bæklingnum er að finna frásagnir fólks, meðal annars frá Valgarði Egilssyni, rithöfundi og lækni, sem sækir kartöfluhátíð í Ljúblíana í Slóveníu ár hvert og er meðlimur í kartöflufélagi þar. Á hátíðinni er boðið upp á fjörutíu til fimmtíu kartöflurétti. Félagið sem Valgarður nefnir í bæklingnum vill vekja athygli á hefðbundnum matarréttum með áherslu á kartöflur sem hráefni og berst gegn alheimsþróun skyndibitakeðjanna.



Solla á Grænum kosti segir í bæklingnum frá því þegar hún tók þátt í uppskriftarsamkeppni og dómnefndin tók fram að skemmtileg notkun hennar á kartöflum hefði tryggt henni sigurinn. Var þetta skemmtileg byrjun á ferlinum, að sögn Sollu. En bæklingurinn geymir hinar ýmsu uppskriftir,

til dæmis að fjallagrasakartöflubrauði, kartöfluböku og súkkulaðikartöfluköku. Einnig er að finna fróðleik um kartöfluna og kartöfluföndur fyrir krakka. „Það kunna allir að sjóða og baka þær, en færri hafa kynnst kartöflubrauði og súkkulaðikökum sem gerðar eru úr kartöflum,“ segir Bergvin Jóhannsson.

Ár kartöflunnar er árið 2008 og er haldið til að vekja athygli á mikilvægi kartafla í mataræði og mataröryggi. Kartaflan er ein af grunnfæðutegundum heimsins. Bæklingurinn mun liggja frammi í matvöruverslunum án endurgjalds fyrir þá sem vilja kynnast nýjum hliðum á kartöflunni. *- áb*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Frosin **Búhnykks** ýsa, roð og beinlausir bitar aðeins **698 kr/kg.**




Frosin **GLK** línuýsa í bitum roð og beinlaus **798 kr/kg.**

# FROSIN ÝSA Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS




KS frosið lambasúpukjöt 1.flokkur
**499 kr/kg**




ES frosnar kjúklingabringur
**1298 kr/kg.**




ES frosið brokkolí 1 kg
**198 kr.**




ES frosin grænmetisblanda 1 kg
**198 kr.**




ES frosin kryddbrauð 2 stk.
**98 kr.**




ES eplasafi 1 ltr. **58 kr.**




Thule léttbjór 500 ml **58 kr.**




Yplon þvottaefni 5 kg **498 kr.**
ALLT AÐ 33 ÞVOTTAR Í PAKKANUM

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 TIL 18.30

**Útgjöldin**
Miðaverð í Þjóðleikhúsið




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS OG ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# neytendur
*hagur heimilanna*

## VERÐKÖNNUN

| | Bónus | Krónan | 25. okt. 07 |
|---|---|---|---|
| 1l nýmjólk | 73 | 74 | 72 |
| 1kg ungnautahakk | 1.330 | 1.398 | 1.304 |
| 1kg nautahakk | 908 | 2.949 | 898 |
| 1kg fersk kjúklingabringa | 1.598 | 2.949 | 1.398 |
| 770g heilhv.br. | 177 | 139 | 159 |
| 1kg kartöflur | Ekki til | 159 | 95 |

| | Nú | Í október |
|---|---|---|
| Levi's 501 gallabuxur | 13.990 | 9.990-10.990 |
| Ipod nano 8GB | 25.990 | 24.990 |
| 16 Blocks-DVD | 999* | 2.299 |
| 6 dósir af Tuborg Grön 0,5l | 1.104 | 1.134 |
| 1l 95 oktan bensín | 126,40 | 144,80 |

*Hjá BT í Kringlunni.
Verð á matvöru var tekið hjá Bónus í Skeifunni og Krónunni á Bíldshöfða.
Farið var í BT í Skeifunni og verð tekið hjá AO í Skeifunni.
Bjórverð fannst á vefsíðu ÁTVR.
Verð á Levi's 501 í Levi's búðinni í Kringlunni.

# Verð á Levi's gallabuxum hefur stórhækkað

**Gríðarlegur munur er á ferskri kjúklingabringu í Krónunni og Bónus miðað við verðkönnun í lágvöruverðsverslunum í haust. Verð á Levi's 501-gallabuxum hefur hækkað um allt að fjörutíu prósent. Bensínverð hefur líka rokið upp.**

**VERÐKÖNNUN** Verð á nýmjólkinni hefur hækkað um eina til tvær krónur í Bónus og Krónunni en verð á verksmiðjuframleiddu heilhveitibrauði í sneiðum hefur hækkað eða lækkað miðað við verðkönnun sem gerð var í ónefndri lágvöruverðsverslun í haust.

Verð á ungnautahakki hefur haldist nokkurn veginn lítið breytt, kílóið kostar nú 1.330 krónur í Bónus og 1.398 krónur í Krónunni en kostaði 1.304 krónur í haust. Nautahakkið er margfalt dýrara í Krónunni en í Bónus og mun dýrara en í verðkönnuninni í haust. Kjúklingabringur eru mun dýrari í Krónunni en í haust.

Sex dósir af hálfs lítra Tuborg Grön bjór hafa hækkað í verði um 130 krónur frá því í haust og iPod nano 8GB hefur hækkað um fjögur prósent. Bensínið er mun dýrara nú en það var í haust. Lítrinn hjá Atlantsolíu í Skeifunni kostar 144,8 krónur en kostaði 126,40 krónur í haust. Það er um 14,5 prósenta hækkun.

Mikil verðhækkun hefur orðið á Levi's 501 klassískum gallabuxum. Þær kostuðu á bilinu 9.990-10.990 krónur samkvæmt könnuninni í haust en kosta nú 13.990 krónur. Það er verðhækkun upp á 27 til 40 prósent.

Hrafnkell Reynisson, verslunarstjóri Levi's-búðarinnar, segist hafa hækkað verðið eftir gengisfall krónunnar í síðustu viku. „Ég seldi þessar buxur ódýrar á sínum tíma og núna eftir gengisfallið hækkaði ég allar vörurnar. Ég kaupi inn í evrum og miðaði við gengi 115. Ég er búinn að bíða með hækkun frá því í byrjun desember af því að ég átti alltaf von á að gengisþróunin gengi til baka en svo gat ég ekki beðið lengur. Vonandi lækkar gengið aftur og þá getur maður lækkað verðið," segir hann. Ef miðað er við að fjörutíu lítrar af bensíni fari í aksturinn frá Reykjavík til Akureyrar kostar aksturinn þangað 800 krónum meira nú en í október. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir að mesta verðhækkunin á eldsneyti hafi átt sér stað frá áramótum. Heimsmarkaðsverð hafi haldist hátt og svo hafi gengishrun krónunnar fyrir páskana haft sitt að segja.

Rúnar Rafnsson, framkvæmdastjóri BT, kann ekki skýringuna á hækkuninni á iPod nano en segir reynt að forðast hækkun í lengstu lög. **ghs@frettabladid.is**



**KJÚKLINGABRINGUR Á 3.000 KALL** Verð á nýmjólk er lítið breytt frá því í haust en verð á nautahakki, ungnautahakki og kjúklingabringum er aðeins breytilegra. Sérstaklega er mikill verðmunur á ferskum kjúklingabringum en þær kostuðu 1.398 krónur kílóið í október og kosta nú 1.598 krónur í Bónus og 2.949 krónur í Krónunni á Bíldshöfða.


LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Sími 512 3600
Skipholti 15
105 Reykjavík
www.logheimili.is


**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is


**Þorsteinn Jakobsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 899 7145**
steini@logheimili.is


**Sigurður O Sigurðsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 616 8880**
sos@logheimili.is


**Guðný Alda Gísladóttir**
Sölufulltrúi
**GSM: 770 7377**
gudny@logheimili.is


**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is




**Hraunbrún 35 - Hfj.** Vel staðsett

Vel staðsett 214,6 fm raðhús á 2 hæðum. **Neðri:** Forstofa með flísum. Stórt hol með skápaplássi. Baðh. með baðkari, flísalögð sturta og gólf. Gott þv.hús, innrétting m/tvöföldum vaski. 3 svefnh. með parketi, útgengt á stóran sólpall m/heitum potti. **Efri:** Rúmgóð opin stofa. Eldhús með miklu rými og stór borðkrókur. 16 fm sólskála m/hita. Svalir til suð-vesturs Bílskúr og hiti í plani. Allt húsið var málað að utan 2005. Verð: 45.9 m.




**Borgarholtsbraut - Kóp.** 3ja

Í einkasölu. Hol með skáp marmaraflísar á gólfi. Barnah. með dúk á gólfi. Hjónah. með fataskáp, dúkur á gólfi. Baðh. með baðkari/sturtu, ágæt innrétt., flísalagt í hólf og gólf. Eldhús með snyrtil. eldri innrétt.,innb. uppþv.vél fylgir með. Stofan er björt og rúmgóð, úr stofu/borðkrók er gengt út á stórar flísalagðar suðursvalir með góðu útsýni.Í sameign er sérgeymsla með glugga, í sameign er þv.hús hver með sýna vél. Hiti í bílaplani. Laus við kaupsamnig. Verð 20.5 m.




**Klukkurimi 93 - Reykjavík**

LÖGEHIMILI EIGNAMIÐLUN kynnir í einkasölu þriggja herbergja íbúð á eftri hæð í fallegu 4 býli í botnlanga við Klukkurima Grafarvogi.
Um ræða fallega og bjarta í 3 herbergja íbúð með miklu útsúni. Bílskúrsréttur. Verð 20,9 m.




**Kringlan 91 - Reykjavík**

Í einkasölu. Raðhús á 3 hæðum. Komið er inn í forstofu með flísum á gólfi. Gestasnyrting auk þvottahúss og úr forstofu er komið inn í hol. Borðastofa og eldhús með eldri innréttingu og tækjum. Gengið er úr holi niður þrjár tröppur í bjarta og fallega stofu með útgengi á verönd/ garð með palli. Arinn er í stofu. **ÍBÚÐ Í KJALLARA** sem er með sérinngang er 2-3 herbergja íbúð sem er verið að klára að endurgera frá grunni. Við inngang er útigeymsla. 26 fm stæði í bílageymslu sem er inn í fm tölu.




**Kambasel 85 - Rvk.** 3ja herb.

**3 herb. íbúð með suðursvölum. Sérlega barnvænt hverfi í nálægð við skóla og leikskóla.** Gengið er inn í hol með góðum skáp á vinstri hönd. Baðh. er til hægri úr holi með baðkeri og flísalagt á gólfi og veggjum innrétting . Rúmgott hjónaherbergi með parketi og miklu skápaplássi, við hliðina er barnaherbergi. Eldhús er með góðri eldri innréttingu og borðkróku. Stofan er með gluggum til austurs og suðurs. Björt stofa og borðstofa með fallegu parketi á gólfum. Öll sameign er í góðu ástandi. Verð 21,9 m.




**Þorláksgeisli 23 - Rvk** 5 herb.

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN kynnir í einkasölu** glæsilega 5 herbergja 130 fm íbúð ásamt stæði í bílgeymslu í Þorláksgeisla í Grafarholti.ca 15 fm suðursvalir í ósnorta náttúruna. Verð 34,9 millj. Gott lán ca 25 millj. gæti fylgt frá Byr. Byggt af MÓTÁS




**Sóltún - Reykjavík** 3ja herb.

Falleg 3ja herb. íbúð í vinsælu og rólegu hverfi til afhendingar strax. Bílast. í bílag. Forstofa með skáp og hol. Eikarparket á gólfum og hurðir úr eik. Svefnherb. með eikarskápum. Rúmgóð og björt stofa og hurð út til suð-vesturs. Eldhús er með glæsilegri eikarinnréttingu, háf, helluborði, uppþvottavél frá AEG og ísskáp. Baðherbergi með flísum á gólfi ,sturtu og eikarinnrétting. Rými fyrir þvottavél. Gengið er úr stofu út á verönd með skjólvegg. Húsið er allt klætt og viðhaldslítið. Sérgeymsla. Verð 32.9 m.




**Ölduslóð 40 - Hfj.** Vel staðsett

**2ja íbúða hús**
Lögheimili eignamiðlun kynnir í einkasölu fallegt einbýli/tvíbýli á einum fallegasta útsýnisstað í Hafnarfirði Arkitekt Húsins er Sigvaldi Thordarson og er húsið byggt á pöllum, Einbýli 306 fm ásamt 29,3 fm bílskúr.samtals 335,3 fm Um er að ræða einbýli/tvíbíli á tveim hæðum á einum fallegasta útsýnistað í Hafnarfirði 2 eignalóðir önnur er 577 fm og hin er 474 fm ræktunnarland samtals 10510fm. Verð 82,9 m.

Frum



ÞURÍÐUR HELGA JÓNASDÓTTIR

## GÓÐ HÚSRÁÐ:

### EDIK Í BAÐHERBERGIÐ

*Þuríður Helga Jónasdóttir innanhússarkitekt veit hvernig er best að hreinsa kísil af blöndunartækjunum.*

„Besta leiðin til að þrífa blöndunartækin inni á baðherbergi er að hella venjulegu borðediki yfir þau og láta standa í hálftíma eða svo. Síðan skrúbbarðu kísilinn bara af með svampi," segir Þuríður.

Hún segist mikill aðdáandi ediks og matarsóda við hreingerningar, og noti efnin mikið til að þrífa eldavélarhellur og ofna. „Þetta er galdraefni í eldhúsið. Svo er það líka svo umhverfisvænt."

**MATUR & NÆRING** GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

# Einfaldar lausnir á flóknum vandamálum

Í okkar heimshluta hefur ofeldi fyrir löngu leyst skortinn af hólmi sem meginógnunin við heilbrigt næringarástand. Við verðum sífellt bústnari og umfangsmeiri og því fylgja alls konar vandamál, líkamleg, sálræn og félagsleg. Þunginn og stærðin valda ótímabæru sliti á hjarta og æðakerfi, á öndunarfærum og á stoðkerfi líkamans. Svefninn versnar, frjósemin minnkar. Ofan á þetta leggst þunglyndi og félagsleg einangrun.

Vandamálin virðast sannarlega snúin og erfið viðureignar en sem betur fer er enginn hörgull á einföldum og þægilegum lausnum. Hillur heilsubúða svigna undan framandi varningi með frábæra eiginleika og ekki nóg með það. Herskarar hómópata, næringarþerapista, grasalækna, heilara og einkaþjálfara



þyrstir í að leiðbeina fólki um hollmeti og heilbrigða lífshætti. Og þeir ráðast hiklaust að rótum vandans. Með lithimnugreiningu er ástand líffæra rannsakað. Með blómadropum er byggt upp andlegt og tilfinningalegt jafnvægi og loks er endahnútur-inn rekinn á meðferðina með iljanuddi og smáskammtalækningum. Djöfullinn er burtu rekinn.

Allir geta fundið vörur og ráðleggingar við hæfi. Þeir sem lifa kyrrsetulífi og eru 30 kílóum of þungir geta dregið úr matarlystinni með goji-berjum eða aukið brennsluna með lífrænni kókosolíu. Á morgnana naga þeir speltbrauð og skola því niður með grænu tei. Eftir vinnu eru þeir tengdir tölvu sem kortleggur tilfinningalegt og líkamlegt ójafnvægi. Á kvöldin sækja þeir námskeið um hláturjóga.

Hreysti og fegurð fæst með nýstárlegum og óhefðbundnum lausnum. Hver hefur ekki fengið sig fullsaddan af tuði um „að éta minna og hreyfa sig meira"? Þá er nú ólíkt gagnlegra að hlusta á sölumenn og heilara sem aldrei velkjast í vafa, koma vel fyrir og bjóða upp á skýrar og markvissar lausnir á knýjandi vanda. Það er allt lygin ni líkast. **www.mni.is**



KÓKOSOLÍA

**NEYTANDINN:**

## *Pottar fyrir þrjú hundruð þúsund krónur*

Rándýrir pottar flokkast undir bestu kaup Karenar H. Theodórsdóttur, framkvæmdastjóra Garðabæjardeildar Rauða kross Íslands. Hún keypti þá þó ekki sjálf, ekki fyrr en eftir á, ef svo má að orði komast.

„Við keyptum alveg rosalega fína og dýra potta. Maðurinn minn keypti þá reyndar og mér á móti skapi. Enda kostuðu þeir þrjú hundruð þúsund krónur! En ég sneri við blaðinu þegar ég var búin að skamma hann í örugglega hálfan mánuð og var alveg kolvitlaus. Þangað til ég fór að nota þá. Þá fór ég að þýðast aðeins," segir Karen og hlær.

„Það er náttúrlega bull að eyða þrjú hundruð þúsund kalli í potta! En ég er ánægð með þá í dag," segir hún.

Verstu kaupin sem Karen man eftir í svipinn eru hins vegar hið vinsæla bláa fótanuddtæki sem gerði allt vitlaust ein jólin. Það telur Karen til skelfilegra kaupa.

„Ég notaði það tvisvar og það hefur síðan verið inni í geymslu. Þetta endar eflaust í Góða hirðinum eins og annað dót sem ég er hætt að nota," segir framkvæmdastjórinn og dæsir.



**KAREN H. THEODÓRSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri hjá Rauða krossi Íslands.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

vinbud.is

VANTAR ÞIG ANDAGIFT?

VIÐ ERUM VÍNRÁÐGJAFAR VÍNBÚÐANNA

· við veitum faglega ráðgjöf við val á víni með mat
· við aðstoðum við að ákvarða magn fyrir veisluhöld
· við erum reglulega til aðstoðar í vínbúðinni þinni
· við skrifum fróðleik um vín á **vinbud.is**
· við höfum alþjóðlega gráðu frá vínskólanum WSET í London



ENNEMM / SÍA / NM30401

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

REYKJANESBÆR GARÐUR

AUGLÝSING UM ÚTGÁFU BYGGINGARLEYFIS VEGNA ÁLVERS Í HELGUVÍK

Auglýsing um afgreiðslu Sveitarfélagsins Garðs og Reykjanesbæjar á útgáfu byggingarleyfis vegna álvers í Helguvík.
*Byggingarleyfisumsókn Norðuráls vegna Álvers að Stakksbraut 1.*

Á fundi sameiginlegrar byggingarnefndar Reykjanesbæjar og Garðs vegna álversframkvæmda í Helguvík var tekin fyrir umsókn Norðuráls um byggingarleyfi fyrir álver í Helguvík. Byggingarfulltrúa var falið að veita Norðuráli byggingarleyfi. Bæjarstjórnir sveitarfélagana hafa staðfest bókun byggingarnefndar samanber hér að neðan.

Afgreiðsla Sveitarfélagsins Garðs:
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs hefur kynnt sér matsskýrslu Norðuráls um fyrirhugað álver í Helguvík með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslu.

Umrædd framkvæmd, að undanskilinni flæðigryfju, er í samræmi við staðfestar skipulagsáætlanir, þ.e. aðalskipulag og deiliskipulag á iðnaðarsvæði við Helguvík innan sveitarfélagsmarka Garðs. Ef flæðigryfju verður valinn staður í Selvík fer bæjarstjórn Garðs fram á að áhrif á bjargfugl verði skoðuð hvað varðar áhrif af byggingu grjótgarðs og aðkomu að gryfjunni og að gerð verði grein fyrir niðurstöðunni í deiliskipulagi.

Vegna ábendinga Skipulagsstofnunar er fram komu í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dagsettum 4. október 2007 er eftirfarandi tekið fram:
- Hönnunarteymi Reykjaneshafnar og Norðuráls hafa farið ítarlega yfir fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir og jarðvegsframkvæmdir. Allt nauðsynlegt efni til grófjöfnunar lóðarinnar verður til reiðu á tilsettum tíma.
- Hitaveita Suðurnesja hf. og Norðurál undirrituðu orkusamning fyrir álver í Helguvík 23. apríl 2007. Orkuveita Reykjavíkur og Norðurál undirrituðu orkusamning fyrir álver í Helguvík 7. júní 2007.
- Landsnet hf. og Norðurál undirrituðu samning um flutning raforku til álversins í Helguvík þann 3. október 2007. Landsnet hefur síðustu mánuði unnið með sveitarfélögum á Suðurnesjum og víðar að útfærslu flutningsleiða og er sú vinna á lokastigum. Öll sveitarfélög á Suðurnesjum hafa lýst stuðningi við álver í Helguvík.
-Samkvæmt upplýsingum Norðuráls í bréfi til Sveitarfélagsins Garðs frá 7. mars 2008, mun fyrirtækið sækja um losunarheimild á árinu, þegar þær verða næst auglýstar til umsóknar og er það í samræmi við ábendingar til Norðuráls frá síðasta ári um að sækja um að nýju þegar verkefnið væri lengra komið.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs tekur undir álit skipulagsstofnunar um að fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.
*Samþykkt með 6 atkvæðum, gegn einu atkvæði á móti, eins og fram kemur í bókun bæjarstjórnar frá 12. mars 2008.*

Afgreiðsla Reykjanesbæjar:
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur kynnt sér matsskýrslu Norðuráls um fyrirhugað álver í Helguvík með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslu. Ljóst þykir að framkvæmdin sem lýst er í matsskýrslu er sú sama og framkvæmdaleyfis er óskað fyrir.
Umrædd framkvæmd er í samræmi við staðfestar skipulagsáætlanir, það er aðalskipulag og deiliskipulag á iðnaðar- og hafnarsvæði við Helguvík.
Í tengslum við ábendingar Skipulagsstofnunar skal áréttað að HS hf. og Norðurál undirrituðu orkusamning fyrir álver í Helguvík 23. apríl 2007. OR og Norðurál undirrituðu orkusamning fyrir álver í Helguvík 7. júní 2007.
Hönnunarteymi Reykjaneshafnar og Norðuráls hafa farið ítarlega yfir fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir og jarðvegsframkvæmdir. Áform um stækkun Helguvíkurhafnar eru skýr sem og áform um nýtingu efnis frá hafnarframkvæmdum til grófjöfnunar á lóð álversins.
Landsnet Hf. og Norðurál undirrituðu samning um flutning raforku til álversins í Helguvík þann 3. október 2007.
Samkvæmt upplýsingum Norðuráls mun fyrirtækið sækja um losunarheimild á árinu næst þegar umsóknir um það verða auglýstar, sem er í samræmi við ábendingar til Norðuráls frá síðasta ári um að sækja að nýju um þegar verkefnið væri lengra komið.
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar tekur undir álit Skipulagsstofnunar um að fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.

*Afstaða til álits Skipulagsstofnunar vegna álvers í Helguvík samþykkt 10-0. Einn situr hjá eins og fram kemur í bókun bæjarstjórnar frá 12. mars 2008.*

Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
Skipulagsstofnun telur að áhrif álverksmiðju í Helguvík á vinnumarkað komi að miklu leyti til með að ráðast af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild bæði á byggingartíma og þegar rekstur hefst.
Skipulagsstofnun telur að sú ráðstöfun að farga kerbrotum í flæðigryfju í Selvík sé ásættanleg lausn.
Skipulagsstofnun telur þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast eingöngu við þurrhreinsun ásættanlega.
Skipulagsstofnun bendir á að ráðgert er að fá efni til grófjöfnunar lóðar álversins frá framkvæmdum við stækkun Helguvíkurhafnar og því þurfi áform um stækkun hafnarinnar að vera skýr áður en framkvæmdir við byggingu álversins verða leyfðar.
Skipulagsstofnun bendir á að þeir virkjunarkostir sem Hitaveita Suðurnesja hyggist nýta vegna fyrsta áfanga álversins eiga eftir að fara í umfjöllun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og suma á einnig eftir að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Sveitarfélögin þurfi að huga vel að þessari stöðu þegar kemur að leyfisveitingum.
Skipulagsstofnun telur að vegna óvissu um flutningsleiðir raforku þurfi sveitarfélögin að huga að því hvort bíða eigi með leyfisveitingar fyrir byggingu álversins þar til niðurstaða liggur fyrir.
Fyrirhugaður rekstur Norðuráls Helguvík sf. er háður 7. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda.
Skipulagsstofnun telur því að áður en Norðuráli Helguvík sf. verður veitt framkvæmda- og byggingarleyfi þurfi að liggja fyrir hvort fyrirtækið fær þá losunarheimild sem það þarf eða hafi sýnt veitanda losunarheimilda fram á hvernig losun gróðurhúsalofttegunda verði mætt.
Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað álver Norðuráls Helguvík sf., með fyrirvara um umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.
Á vef skipulagsstofnunar www.skipulag.is er hægt að sjá álit skipulagsstofnunar og endanlega matsskýrslu.

Hvert er hægt að kæra og hver er kærufrestur.
Byggingarleyfi bæjarstjórnar Garðs og Reykjanesbæjar er kæranlegt til úrskurðar og skipulagsnefndar skipulags og byggingarmála og er kærufrestur 1 mánuður frá ákvörðun bæjarstjórnar um útgáfu byggingarleyfis lá fyrir, sem var 12. mars 2008. Málsmeðferð er samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

**Bæjarstjórar Garðs og Reykjanesbæjar**.

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.022 **+3,65%**

**Fjöldi viðskipta:** 589
**Velta:** 9.195 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| KAUPÞING | +6,05% | EIK BANKI | -1,93% |
| EIMSKIPAFÉLAGIÐ | +3,76% | ATLANTIC PETROLEUM | -1,38% |
| STRAUMUR-BURÐARÁS | +3,04% | FLAGA | -1,12% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,30 +0,28% ... Bakkavör 40,25 +2,42% ... Eimskipafélagið 26,25 +3,76% ... Exista 10,77 +2,77% ... FL Group 6,66 +0,91% ... Glitnir 17,50 +2,94% ... Icelandair 24,20 -0,82% ... Kaupþing 789,00 +6,05% ... Landsbankinn 29,40 +1,73% ... Marel 92,00 +3,02% ... SPRON 4,37 +0,23% ... Straumur-Burðarás 11,54 +3,04% ... Teymi 4,20 +0,00% ... Össur 90,50 +2,72%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hleypur ekki til

**Vilhjálmur Bjarnason er ekki sáttur við svör sem FL Group sendi honum í gær. Hann íhugar næstu skref.**

„Auðvitað er ég ekki sáttur. Það er ekkert í þessum svörum. Allt er falið á bak við trúnað við starfsmenn og seljendur. Trúnaður við hluthafa er enginn," segir Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og hluthafi í FL Group.



**VILHJÁLMUR BJARNASON** „Trúnaður við hluthafa er enginn," segir Vilhjálmur, sem er aðjúnkt við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Vilhjálmi bárust í gær svör við þeim spurningum sem hann bar upp á aðalfundi FL Group fyrir rúmum hálfum mánuði og lutu að sundurliðun á rekstrarkostnaði félagsins á síðasta ári. Spurningar Vilhjálms voru átta talsins, sumar hverjar í nokkrum liðum. FL Group tapaði 67 milljörðum króna á síðasta ári og nam rekstrarkostnaðurinn 6,2 milljörðum króna.

Á meðal þess sem Vilhjálmur spurði um var tap FL Group á erlendum fjárfestingum, svo sem í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR, þýska bankanum Commerzbank, finnska flugfélaginu Finnair, danska bjórframleiðandanum Royal Unibrew, hátækniframleiðandanum Bang & Olufsen og norska fjármálafyrirtækinu Aktiv Kapital.

FL Group seldi allt hlutafé sitt í AMR, Commerzbank og Bang & Olufsen á seinni hluta síðasta árs en minnkaði verulega við sig í öðrum. Fram kemur í svari að bókfært tap af fjárfestingunum nam tæpum 43,8 milljörðum króna í fyrra. „Ef ekki hefði verið gripið til aðgerða næmi tap félagsins um það bil 45 milljörðum króna til viðbótar auk vaxtakostnaðar," segir í svari FL Group.

Þá spurði Vilhjálmur um greiðslu dagpeninga til Sigurðar Helgasonar, greiðslu til Jóns Þórs Sigurðssonar og fyrirtækis á hans vegum auk greiðslna til félags í eigu Hannesar Smárasonar, fyrrum forstjóra FL Group.

Í svörunum er vísað til aðalfundar félagsins fyrr í mánuðinum en þar sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður félagsins, að ekki yrði greint frá kjörum einstakra starfsmanna og þjónustuaðila að öðru leyti en því að greitt hefði verið fyrir þjónustu og afnot af flugvél félags í óbeinni eigu Hannesar.

Vilhjálmur setur spurningamerki við kostnað vegna yfirtökutilrauna FL Group á breska afþreyingarfyrirtækinu Inspired Gaming Group. Í svarinu kemur fram að kostnaður við yfirtökuna, sem hætt var við, hafi numið tæpum 792 milljónum króna, sem er 1,6 prósent af fyrirhuguðu kaupverði, 50 milljörðum króna. „Þegar ég var í hlutabréfaviðskiptum þótti ég helvíti góður að fá kannski 0,4 prósenta þóknun. En þarna er greidd 1,6 prósenta þóknun fyrir tilraun til kaupa," segir hann.

Vilhjálmur fundaði með Jóni Ásgeiri vegna málsins í gær. Hann segir viðræður hafa verið á léttum nótum um ástand og horfur í landi en fátt hafi verið um ítarlegri útskýringar. „Ég er að hugsa næstu skref og ætla ekki að hlaupa til," segir Vilhjálmur. **jonab@frettabladid.is**

# Með á Nasdaq OMX 100

Komið hefur verið á fót nýrri vísitölu 100 stærstu fyrirtækja í Nasdaq OMX-kauphöllunum. Kaupþing banki er einn íslenskra fyrirtækja með á listanum.

Vísitalan var birt í fyrsta sinn og hófust útreikningar hennar með gildinu 1.500,00. Vísitalan er reiknuð út í rauntíma í öllum sameinuðu kauphöllunum og er birt í dollurum og evrum. Við lok viðskipta í Kauphöll Íslands í gær hafði vísitalan lækkað um 0,76 prósent, stóð í 1.489 stigum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir fagnaðarefni að sjá Kaupþing meðal 100 stærstu í nýju vísitölunni og bendir á að í henni megi meðal þekktra fyrirtækja nefna Microsoft, Apple, Nokia og Google. „Vísitalan er fyrsta sameiginlega afurðin sem kynnt er í kjölfar samruna umræddra kauphalla. Reikna má með að fjárfestar um allan heim muni fylgjast vel með þessari vísitölu," er eftir honum haft í tilkynningu Kauphallarinnar.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, er sömuleiðis ánægður með veru bankans á Nasdaq OMX 100-listanum og kveður það auka sýnileika bankans um heim allan. **- óká**

# Starfsmenn og hluthafar keyptu

Í hlutafjárútboði Nýherja 17. til 25. mars skráði 81 úr hópi hluthafa og starfsmanna fyrirtækisins sig fyrir öllu hlutafé sem í boði var.

Útgefið hlutafé sem var til sölu nam 29.097.447 hlutum á genginu 22 krónur á hlut. Heildarsöluverð útboðsins nam því rúmum 640 milljónum króna. „Meðal nýrra hluthafa eru 45 starfsmenn Nýherja hf. og dótturfélaga og verða nú 9,4 prósent heildarhlutafjár í eigu starfsmanna félagsins. Ekki kom til skerðingar vegna umframeftirspurnar í útboðinu," segir í tilkynningu félagsins. **- óká**

# Fjöldi fjárfesta hættir við Skipti

Liðlega helmingur fjárfesta féll frá áskrift að hlutafé sem þeir gengust inn á í hlutafjárútboði Skipta fyrr í mánuðinum. Frestur til að greiða fyrir hlutinn rann út klukkan fjögur í gærdag.

Kaupþing banki sendi fyrr í mánuðinum frá sér tilkynningu um að ákveðið hefði verið að innheimta ekki áskriftir og fella niður þær áskriftir sem ekki hefðu verið greiddar fyrir klukkan fjögur í gærdag. Þá höfðu þrír fjárfestar þegar tilkynnt að þeir hygðust ekki greiða áskriftir sínar.

Endanlegur fjöldi ásamt upplýsingum um eignarhlut Kaupþings í Skiptum verður birtur fyrir opnun markaða í dag. - óká

# Við nýjan tón kveður í erlendri umfjöllun

Stoðir íslenska hagkerfisins eru traustar og bankar þjóðarinnar ólíklegri til að fara leið Northern Rock, segir í leiðara Financial Times í gær. Í blaðinu er að finna ítarlega umfjöllun um íslenskt efnahagslíf og banka á forsíðu, inni í blaði og í leiðara.

Í viðtali við blaðið segir Richard Portes, prófessor við London Business School, ekkert í rekstri eða aðstæðum íslenskra banka réttlæta skuldatryggingaálagið (CDS) sem þeir búa við. „CDS-markaðurinn er mjög brenglaður. Hann byrjaði sem trygging á skuldir, en varð svo verkfæri fyrir spákaupmennsku,“ segir hann. Þá er vitnað í álit matsfyrirtækisins Moody's að stjórnvöld hér hafi aðgang að nægu fé, jafnt erlendu sem krónum, til að eiga við stóráföll í bankakerfinu, þrátt fyrir miklar erlendar skuldbindingar bankanna.

Í leiðara blaðsins er áréttað að landið og Seðlabankinn standi frammi fyrir nokkrum vanda við að koma böndum á verðbólgu og ná jafnvægi eftir uppgang í efnahagslífinu. „Það þýðir hins vegar ekki að Ísland lendi í kreppu,“ segir þar og er bent á margvíslegan styrk þjóðarinnar, svo sem í sjávarútvegi, ferðamennsku, tækni, áliðnaði og á sviði jarðhita. „Miður væri ef hræðslukast á alþjóðlegum mörkuðum yrði til að gera nauðsynlegt aðlögunarferli til að ná tökum á verðbólgu erfiðara.“

„Mjög jákvætt er að sjá þarna ákveðinn viðsnúning í umfjöllun erlendra miðla, bæði í Financial Times í gær og daginn áður á CNBC,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. „Þetta sýnir líka að samhent vinna hagsmunaðila hér við að koma á framfæri réttum upplýsingum er að skila sér.“ - óká



**ÓÐAGOT Á MIÐLURUM** Verðbréfamiðlarar í óðagoti eftir lækkanir í kauphöllinni í New York. Í leiðara Financial Times er sagt að það yrði miður ef alþjóðlegt hræðsluástand yrði til að trufla gang efnahagsmála hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Verðtryggðar skuldir minnka

Verðtryggðar skuldir heimilanna drógust saman um ellefu milljarða króna í febrúar. Þetta kemur fram í tölum Seðlabankans. Greiningardeild Kaupþings segir tölur benda til þess að heimili hafi að einhverju leyti greitt upp lán sín. Verðtryggðar skuldir heimilanna nema nú 594 milljörðum króna.

Greiningardeildin segir að enn sé áhugi á erlendum lánum, enda séu vextir hér í hámarki. Ekki hafi dregið úr yfirdráttarlánum, og svo virðist sem þau hafi heldur verið að aukast frá miðju síðasta ári. Þau nema nú 72,5 milljörðum króna og bera hæstu vexti. - ikh

# Englandsbanki til bjargar

**Englandsbanki hleypur á næstunni undir bagga með breskum bönkum og fjármálafyrirtækjum. Þetta mátti lesa úr orðum Mervyns King seðlabankastjóra á fundi með fjárlaganefnd breska þingsins í gær.**



MERVYN KING

**Bankinn mun ýmist lána fyrirtækjunum fé með tryggingu í verðbréfum og skuldabréfum eða kaupa þau af fyrirtækjunum. Þá séu meiri líkur nú en áður að bankinn lækki stýrivexti. Financial Times hefur eftir Mervyn King að á meðal eigna bankanna sem seðlabankinn taki veð í séu skuldabréfavöndlar sem tengjast bandarískum undirmálslánum. Ekki verði þó tekið veð í nýjum fasteignalánum. Þetta sé skammtímalausn á meðan bankar glími við lausafjárþurrð. - jab**

# Vextir íbúðalána hækka

Vextir af íbúðalánum eru þegar byrjaðir að hækka í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans.

Vextir af svonefndum hattalánum, íbúðalán sem sparisjóðir og Íbúðalánasjóður veita í sameiningu, hafa hækkað um 0,25 prósent. Hækkunin varð um leið og Seðlabankinn tilkynnti um 1,25 prósenta hækkun stýrivaxta í fyrradag.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir að hækkunin tengist ekki sjóðnum. Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá SPRON, segir að hækkunin hafi verið í undirbúningi um nokkurn tíma. Þegar Seðlabankinn hækkaði vexti hafi verið ákveðið að hún tæki gildi.

Ólafur býst við hækkun á öðrum vöxtum um mánaðamótin. „Við munum hækka vexti, en vaxtahækkunin tekur ekki gildi fyrr en um mánaðamótin.“ Hann segir óvíst hversu mikið vextir verða hækkaðir. Glitnir reiknar með vaxtahækkun á næstu dögum. og Kaupþing íhugar að hækka vexti. - ikh


Skipti

YFIRTÖKUTILBOÐ TIL HLUTHAFA Í SKIPTUM

Exista býður hluthöfum Skipta að kaupa hluti þeirra í félaginu

**Þann 19. mars 2008 tilkynnti Exista hf. („Exista") að það hefði ákveðið að gera öðrum hluthöfum Skipta hf. („Skipti") tilboð í hluti þeirra í félaginu.**

Tilboðið er valfrjálst yfirtökutilboð samkvæmt 101. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 (hér eftir nefnd „VVL") og um það gilda X. og XI. kafli laganna. Hljóðar yfirtökutilboðið upp á 6,64 krónur fyrir hvern hlut í Skiptum í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem fram koma í tilboðsyfirlitinu.

Exista á nú 43,68% hlutafjár í Skiptum í gegnum dótturfélög sín, Exista B.V. (43,65%), Vátryggingafélag Íslands hf. (0,02%) og Líftryggingafélag Íslands hf. (0,01%).

**Tilboðshafar**
Tilboðið nær til allra hluta í Skiptum sem ekki eru þegar í eigu Exista og dótturfélaga þess eða teljast til eigin hluta Skipta, sama dag og tilboðið er gert. Tilboðið mun einnig ná til þeirra hluta sem Skipti hafa skuldbundið sig til að gefa út í tengslum við kaup á fyrirtækjum, sbr. XVIII. kafla tilboðsyfirlitsins. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Skipta við lokun viðskipta miðvikudaginn 26. mars 2008 munu fá sent tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag.

Framangreind skjöl eru einnig aðgengileg hjá fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Borgartúni 19 í Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Kaupþings banka hf., http://www.kaupthing.is, og í gegnum fréttakerfi OMX Nordic Exchange Iceland hf. („OMX ICE"), http://www.omxgroup.com.

**Umsjónaraðili**
Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. („Kaupþing") hefur umsjón með yfirtökutilboðinu fyrir hönd Exista. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar bankans í síma 444 7000.

**Tilboðsverð og greiðsla**
Verð samkvæmt yfirtökutilboði þessu er 6,64 krónur fyrir hvern hlut í Skiptum, kvaða- og veðbandalausan. Greitt verður fyrir hlutina með hlutabréfum í Exista þar sem hver hlutur í Exista er verðlagður á 10,1 krónu, sem var lokagengi þeirra í kauphöll 18. mars 2008, daginn fyrir tilkynningu um að yfirtökutilboð væri væntanlegt. Skiptigengið er því 0,6574 hlutir í Exista fyrir hvern hlut í Skiptum. Verði fjöldi hluta sem tilboðshafi á rétt á að fá afhentan ekki heil tala verður námundað upp í næstu heilu tölu fyrir ofan.

**Gildistími**
Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9 árdegis þann 31. mars 2008 til kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008. Samþykki við yfirtökutilboðinu verður að hafa borist til Kaupþings eigi síðar en kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykkiseyðublaðið hafi borist til Kaupþings. Exista áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublöð sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út verði tekin gild. Yfirtökutilboðið getur verið framlengt að því marki sem heimilt er samkvæmt VVL.

**Taka úr viðskiptum**
Ef tilboðið nær fram að ganga munu Skipti ekki lengur uppfyllas skilyrði um lágmarksdreifingu á eignarhaldi. Mun Exista þá fara fram á það við stjórn Skipta að hún óski eftir því að hlutabréf Skipta verði tekin úr viðskiptum af aðalmarkaði OMX ICE.

EXISTA

KAUPÞING

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Peningamálastefnan:

## Í bráð og lengd

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Vaxtahækkun Seðlabankans og ráðstöfunum hans til þess að auka lausafé á fjármálamarkaðnum var yfirleitt mætt á fremur jákvæðan hátt. Samtímis höfðu hræringar á erlendum fjármálamörkuðum jákvæð áhrif bæði á gengi hlutabréfa og krónunnar.

Með vissum hætti má þó segja að ákvarðanir Seðlabankans gangi hvor í sína áttina. Annarri er ætlað að draga úr útlánum en hinni að greiða fyrir þeim. Við ríkjandi aðstæður var mikilvægast að greiða fyrir lánastarfsemi bankanna. Sú ákvörðun Seðlabankans var bæði tímabær og þýðingarmikil. Hún hafði ótvírætt jákvæð áhrif í þá veru að auka trú á virkni fjármálakerfisins og stuðla að viðvarandi verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum.

Meiri vafi er um gildi vaxtahækkunarinnar. Vera má að þýðing hennar felist fyrst og fremst í því að sýna að bankastjórnin sé sjálfri sér samkvæm. Vandi Seðlabankans er einkum fólginn í því að hann hefur ekki getað sýnt fram á að hann ráði yfir þeim meðulum sem duga til að geta framfylgt þeirri stöðugleikastefnu í peningamálum sem ákveðin var 2001.

Seðlabankinn hefur fram til þessa sagt að gengi krónunnar ætti að lækka þegar liði á árið. Þegar það gerist fyrr og hraðar en bankinn gerði ráð fyrir segir hann að breytingin þurfi að ganga til baka. Þessi misvísandi skilaboð kalla á nánari útskýringar.

Er markmiðið að freista þess að hækka gengi krónunnar með vöxtum sem engin verðmætasköpun stendur undir? Leiðir það ekki til óraunhæfrar eftirspurnar og viðskiptahalla? Ýtir það ekki undir verðbólgu til lengri tíma? Er einhver önnur leið til að styrkja krónuna með raunverulegum hætti en að auka verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum?

Ljóst er að efnahagsþrautirnar sem nú blasa við væru mun þyngri ef fjárfesting í stórvirkjunum og orkufrekum iðnaði væri ekki að skila nýjum tekjum inn í hagkerfið á þessu ári. Mikilvægt er að jafnt og þétt sé haldið áfram á þeirri braut. Jákvæð skilaboð berast þar um frá fjármálaráðuneytinu en neikvæð frá umhverfisráðuneytinu. Sú misvísun er slæm.

Seðlabankinn gefur nú til kynna að hann ætli að taka á þeim innlendu aðilum sem hugsanlega hafa haft áhrif til lækkunar á gengi krónunnar með spákaupmennsku. Skiptir máli hverjir það eru sem slík viðskipti stunda? Er verra að menn styrki stöðu sína með þessum hætti ef þeir eru Íslendingar en útlendingar? Eða er slíkum athugasemdum einungis ætlað að draga athyglina frá raunverulegum vanda á þessu sviði? Hér skuldar bankinn skýringar.

Menn vita að íslensku bankarnir hvíla á góðum undirstöðum. Á hinn bóginn þurfti ráðstafanir til að greiða fyrir lánsviðskiptum vegna alþjóðlegrar lausafjárkreppu. Reikna verður með frekari aðgerðum á því sviði. Þetta eru traustvekjandi og uppbyggjandi viðbrögð. En eftir stendur að samtímis þarf að leggja línur um peningamálastefnu sem er líkleg til að tryggja sambærilegan stöðugleika og helstu samkeppnis- og viðskiptalöndin njóta.

Forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar hagfræðisviðs Seðlabankans sagði í háskólafyrirlestri í síðustu viku að niðurstöður rannsókna sem hann hefur gert bentu til að með aðild að Myntbandalagi Evrópu mætti ná betri tökum á verðbólgu hér en vænta mætti með umbótum á peningastefnunni. Sú niðurstaða er ekki umhugsunarefni fyrir framtíðina. Hún kallar á tafarlausa stefnumótun fyrir framtíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

*Börn og sorg*

Fræðslufundur í Safnaðarheimili Háteigskirkju í kvöld 27. mars kl. 20.

Fyrirlesari Anna Ingólfsdóttir. *Allir velkomnir*




*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Með strætó í Kauphöllina**

Á vef Norrænu kauphallarinnar á Íslandi er hægt að nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar, til dæmis um hvar megi finna Norrænu kauphallirnar í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Helsinki og Reykjavík. Þurfi maður að komast í Kauphöllina á Íslandi þarf ekki nema að fara á icex.is og við blasa þessar upplýsingar: „OMX Norræna kauphöllin Íslandi stendur við Laugaveg 182. Strætóleiðir 2, 14, 15, 17 og 19 þjóna miðborgarsvæðinu og stoppa nálægt Kauphöllinni. Frekari upplýsingar er að fá á www.bus.is.“ Draga má í efa að þeir sem eiga erindi upp í Kauphöll kunni vel á leiðakerfi Strætó. En miðað við horfurnar er kannski ekki seinna vænna að fara að læra á það.

**Dagamunur**

Guðni Ágústsson hefur dvalið á Kanaríeyjum undanfarnar vikur. Meðal annars hélt hann tvo fjölmenna fundi á Klörubar. Að sögn þeirra sem sáu fann Guðni fjölina sína á Klörubar og var í miklum ham þar sem hann lét ríkisstjórnina finna til tevatnsins. Að sögn sjónarvotta talaði Guðni eins og sá sem valdið hafði og var hylltur sem kóngur. Guðni snýr heim úr sólinni í dag. Þá tekur veruleikinn við – síðpáskahret og stjórnarandstaða.



**Nóg af verkefnum**

Helmingur þingmanna Frjálslynda flokksins hefur ráðið sér aðstoðarmann. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, réð Magnús Þór Hafsteinsson varaformann sem sinn aðstoðarmann og Grétar Mar Jónsson hefur ráðið Guðrúnu Maríu Óskarsdóttur. Á heimasíðu Frjálslyndra segir Grétar að nóg sé af verkefnum fyrir nýju hjálparhelluna, til dæmis geti hún setið fundi fyrir sig þegar hann eigi ekki heimangengt. Þetta er sniðugt fyrirkomulag. Aðstoðarmennirnir geta vafalítið líka séð um að semja frumvörp og þingsályktunartillögur þegar andinn er ekki yfir þingmönnum. Og styttist þá í að þeir fari hreinlega að greiða atkvæði á þingi.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Þegar gengið fellur

Nálægar þjóðir nefna það skiptahlutfall sem við köllum gengi. Bæði orðin lýsa því, hversu mikið af innlendri mynt þarf til að greiða fyrir erlendan gjaldeyri, til dæmis hversu margar krónur fyrir einn dollara eða eina evru. Gengi hefur þann eiginleika umfram skiptahlutfall, að orðið sjálft tekur afstöðu: það er hlaðið. Hátt gengi er betra en lágt. Gengisfall er ekki góðs viti. Gengi lýsir meiri samúð tungunnar með þeim, sem gengisfallið bitnar á, en með hinum, sem það hjálpar. Orðið lýsir meiri samhug með launafólki, sem verður fyrir rýrnun kaupmáttar vegna gengisfalls, en með útflutningsatvinnuvegunum, sem hagnast á föllnu gengi.



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Gengisfall krónunnar

### Gengisfall efnahagslífsins

Gengisfall krónunnar þýðir gengisfall efnahagslífsins eins og það leggur sig. Þegar dollarinn kostaði 60 krónur í fyrra, var landsframleiðsla á mann á Íslandi 66.000 dollarar á móti 43.000 dollurum í Bandaríkjunum. Tekjur á mann hér heima voru því orðnar nær helmingi meiri en í Bandaríkjunum. Þeir, sem héldu því fram, að gengi krónunnar væri þá rétt skráð og allt væri með felldu, lýstu í reynd þeirri skoðun, að Íslendingar hefðu skotið Bandaríkjamönnum langt aftur fyrir sig í efnahagslegu tilliti. Sama máli gegnir um þá, sem segjast nú telja, að gengi krónunnar eigi eftir að rísa aftur í fyrra horf. Hvernig getur mönnum dottið annað eins í hug?

Hugmyndin um tímabundið gengisfall, sem á eftir að ganga til baka, á sér tvær skýringar. Önnur skýringin er sú, að stjórnvöld sjá sér hag í háu gengi, þar eð þjóðarbúið virðist þá standa betur en það gerir í raun og veru. Stjórnvöld stæra sig jafnan af góðum efnahag fólks og fyrirtækja og sjá sér hag í að viðhalda blekkingunni. Þau þræta í lengstu lög fyrir of hátt gengi, enda myndi viðurkenning þeirra á of háu gengi verða túlkuð sem fyrirboði gengisfalls. Blekkingin veldur skaða vegna þess, að of hátt gengi grefur undan útflutningsfyrirtækjum og innlendri framleiðslu í erlendri samkeppni og veikir með því móti innviði efnahagslífsins og ýtir undir skuldasöfnun í útlöndum. Hin skýringin er sú, að fólk fyllist vonglaðri bjartsýni, þegar kaupmáttur heimilanna eykst í krafti hágengis. Margt fólk kýs þá að leiða hjá sér aðvörunarorð þeirra, sem sjá í gegnum blekkinguna. Viðvaranir hljóma í eyrum þess eins og úrtölur. Fólkið telur sér trú um, að það hafi sjálft unnið til aukins kaupmáttar, þótt hann hvíli að nokkru leyti á of háu gengi í skjóli skulda. Bjartsýnin getur snúizt upp í oflæti. Þá reynir á stjórnvöld og seðlabanka, sem ber lögboðin skylda til að standa gegn ofþenslu og verðbólgu.

### Okkar mynt, okkar vandamál

Gengi krónunnar hlaut að falla, svo sem það hefur nú gert. Til þess liggja ástæður, sem ég rakti síðast í tímaritinu Herðubreið í sumar leið. Mikill viðskiptahalli árum saman er nær ævinlega órækur vottur um falskan kaupmátt í krafti skuldasöfnunar. Reglan er þó ekki algild. John B. Connally, þá fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði um dollarann við erlendan viðmælanda: „Dollarinn er okkar mynt og ykkar vandamál.“ Hann átti við, að Bandaríkjamenn geta safnað skuldum í dollurum og hafa það þó í hendi sinni að rýra þær að verðgildi með því að hleypa verðbólgunni á skrið heima fyrir. Þetta getum við ekki gert frekar en flestar aðrar þjóðir, því að erlendar skuldir okkar eru skráðar í dollurum og evrum, ekki í krónum. Krónan er okkar mynt og okkar vandamál.

Óhófleg skuldasöfnun er einnig að sínu leyti órækur vottur um falskan kaupmátt, og útgjöld um efni fram. Samsetning skuldanna skiptir máli, einkum skipting þeirra milli skamms og langs tíma. Bankarnir tóku fyrir fáeinum árum erlend skammtímalán í stórum stíl til að fjármagna langtímalánveitingar til húsnæðiskaupa. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn ýttu undir útlánaþensluna. Bankarnir virtust treysta því að geta velt skammtímalánunum áfram við þeim lágu vöxtum, sem voru þá í boði. Annað kom í ljós. Skammtímaskuldir bankanna hafa á fáum árum vaxið hagkerfinu yfir höfuð og nema nú um fimmtánföldum gjaldeyrisforða Seðlabankans. Seðlabankinn hefur engin ráð til að koma krónunni til bjargar.

Þegar miklar skammtímaskuldir viðskiptabanka urðu gjaldmiðlum nokkurra Asíuþjóða að falli 1997-98, lækkaði gengi þeirra um 40 prósent í Kóreu, Malasíu og Taílandi og 80 prósent í Indónesíu. Gengisfallið í Kóreu gekk smám saman að nokkru leyti til baka. Öll löndin réttu úr kútnum eftir gengisfallið, því að undirstaðan var sterk. Framleiðsla á mann í Kóreu komst aftur í fyrra horf eftir tvö ár og í Malasíu og Taílandi eftir fimm ár. Indónesía þurfti átta ár.

# 600 íbúðir fyrir stúdenta HÍ

**UMRÆÐAN**

Hagsmunamál stúdenta



**BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**

Fyrir viku undirritaði Stúdentaráð Háskóla Íslands þríhliða samkomulag við Reykjavíkurborg og Félagsstofnun stúdenta (FS). Samkomulagið kveður á um að valdhafar í höfuðborginni útvegi FS lóðir undir 600 stúdentaíbúðir á næstu 4 árum.

Hinar sex hundruð íbúðir skulu rísa að meirihluta í nágrenni miðborgarinnar en það svæði sem er til sérstakrar skoðunar er svonefnt Hlemmur+ svæði; í nágrenni við Hverfisgötu, á hafnarsvæði og í Vatnsmýrinni. Á þessu ári skal ráðast í framkvæmdir á Sléttuvegi þar sem 70 fjölskylduíbúðir verða staðsettar sem og á miðsvæði þar sem 100 einstaklingsíbúðir verða upp byggðar. Á næstu þremur árum verður tekið til hendinni - stúdentum til þæginda – á miðsvæði, á jaðarsvæði höfuðborgar þar sem fjölskylduíbúðir eru áætlaðar og í póstnúmeri 102 í Vatnsmýrinni. Við uppbyggingu á síðastnefndu svæði kveður samkomulagið á um sérstakt samráð og samkomulag við Háskóla Íslands.

Það leikur enginn vafi á því að þríhliða samkomulagið kemur afar vel við stúdenta Háskóla Íslands, sem verða ríflega 12.000 talsins eftir sameiningu við KHÍ 1. júlí næstkomandi. Enda var það unnið í samvinnu við Stúdentaráð og kröfur þess, meðal annars hvað viðkemur staðsetningu nýbygginganna. Þá er samningurinn vissulega svar í sjónmáli við æði löngum biðlistum eftir stúdentaíbúð en undanfarin misseri hefur gríðarlegur fjöldi stúdenta sóst eftir þess konar íbúðum, að hluta til vegna uppsprengds fasteignaverðs á almennum markaði. Þannig má ætla að samkomulagið komi til með að saxa allverulega á þá biðlista.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar að vonum þessum áfanga í íbúðarmálum umbjóðenda sinna. Jafnframt hvetur ráðið borgaryfirvöld til þess að hefja fyrirhugaðar framkvæmdir hið fyrsta svo stúdentar í Háskóla Íslands fái það sem þeir þurfa: þak yfir höfuðið á viðráðanlegum kjörum.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*

# HELGAR BOMBA

## FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

# 35%

## afsláttur af ÖLLUM flísum*

Veggflísar, gólfflísar og glermósaík!

*Gildir ekki með öðrum tilboðum






## SPRENGITILBOÐ Á PARKETI

Vnr. 0113566
**Plastparket**
Plastparket, hlynur,
7x195x1210 mm.
Rakahelt gæðaparket.
**749** kr. $m^2$

Vnr. 0113713
**Parket**
Nordic, hlynur,
15x189x2200 mm.
**1.990** kr. $m^2$

Vnr. 0113703
**Parket**
VITO smelluparket
eik, matt, lakk,
14x204x2280 mm.
**3.990** kr. $m^2$

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!

**BYKO**

# Landskiptalög og stjórnarskrá II

**UMRÆÐAN**
Dómsmál

Þessi grein er skrifuð í framhaldi af samnefndri grein sem birtist í Fréttablaðinu 10. des. 2007. Þar var fjallað um dóm í héraðsdómsmálinu E-723/2006. Í málinu er tekist á um eignarrétt á Sólheimatorfu í Mýrdal. Sá dómur er hliðstæður við eftirfarandi dæmisögu:

Tveir menn, Ari og Orri, eiga til helminga 100 hektara af óskiptu sameignarlandi. Þeir verða ásáttir um að skipta út einum hektara lands til hvors þeirra. Þannig að hvor fyrir sig á þá 49 hektara í óskiptu og 1 hektara af úrskiptu landi, samtals 50 hektara.

Ari fékk sinn hektara á skjólsælum stað og ræktaði þetta úrskipta land sitt í aldingarð. Úrskipt spilda Orra er hins vegar á berangri og gerir hann engar landbætur á spildunni. Þegar hér er komið sögu er land þeirra félaga metið til fasteignaskattmats og hækkar heildarfasteignamat lands Ara mikið vegna landbótanna á úrskipta landinu. Þá eru sett lög í landinu sem kveða á um að eignarhlutföll á sameignarlandi skuli fara eftir hinu nýja fasteignamati. Á grundvelli þessara nýju laga krefst Ari þess að hlutur hans í landinu sé skráður 70 hektarar og telur að svo sé samkvæmt hinum nýju lögum. Orri er ósáttur við að eignarhlutur hans á óskipta landinu hafi minnkað, úr 50% í 30%, fyrir þá sök að nágranni hans, Ari, ræktaði úrskipt land sitt!


TÓMAS ÍSLEIFSSON

Orri höfðar mál og krefst þess að honum verði dæmdur 50% eignarhlutur á óskipta landinu á þeirri forsendu að engir löggerningar hafi farið fram sem minnkað geti eignarhlut hans á óskipta landinu. Dómstóllinn hafnar dómkröfu Orra og kveður Ara eiga skýlausan rétt, lögum samkvæmt, á að eignarhluti hans verði reiknaður samkvæmt hinum nýju lögum.

Forsendur dómsins eru landskiptalögin nr. 46/1941. Í fyrri greinum hefur komið fram að lögin kveða á um að eignahlutfall skuli ákvarðað með því að nota jarðabækur eða fasteignaskattmöt frá 1847 eða síðar. Lögin ganga því þvert á þá stefnu í þjóðlendumálum að leita skuli elstu heimilda og rekjanleika þeirra til nútíma. Landskiptalögin benda ekki á þinglýst afsöl eða aðrar heimildir til sönnunar á eignarrétti en þau banna heldur ekki að nota slíka sönnun. Íslenskur réttur hefur frá fornu tekið þinglýst afsöl sem fullgilda og bestu sönnun um eignarhlut í sameign.

Stefnendur í héraðsdómsmálinu E-723/2006 gerðu þá dómkröfu að þeim væri dæmdur 25% eignarhluti í óskiptri sameign Sólheimatorfu. Eigendur þriggja annarra Sólheimajarða fylgja þeim að málum og er samanlagður eignarhluti þessa bandalags tæp 70% af Sólheimatorfu.

Helstu sannanir um eignarhlut stefnenda eru eftirfarandi:

- Eignarhluti jarðar stefnenda er 25% við uppboð á Sólheimatorfu 20. okt. 1869.
- Eignarhluti jarðar stefnenda er 25% í kaupsamningi, Erlings Brynjólfssonar afa stefnanda, 30. jan. 1905. Kaupsamningnum var þinglýst 14. júní 1915.
- Jörð stefnenda er veðsett sem 25% af Sólheimatorfu 5. des. 1911.
- Í matsgögnum fyrir fasteignamatið 1922 kemur fram að eignahlutföll á Sólheimatorfu í óskiptri sameign eru samkvæmt fornu mati og er þá jörð stefnenda 25% Sólheimatorfu.
- Á jörð stefnenda hvíldi 25% af prestsmötu Sólheimatorfu. Ísleifur faðir stefnanda fékk afsal fyrir 25% kvaðarinnar 20. des. 1943.
- Jörð stefnenda nýtir 25% daga á Sólheimafjöru.

Dómari hefur ekki eitt orð um þessar sannanir í niðurstöðu dómsins. Í þess stað rekur hann skráningu Sólheimajarða í fasteignabókinni frá 1922 svo og að nota nýrri möt til að ákveða eignahlutföll. Þá segir í niðurstöðu dómsins:

Samkvæmt þessu, og að virtu öðru því sem hér hefur verið rakið, þykja stefnendur ekki hafa sýnt fram á að eignarhlutdeild þeirra, sem eigenda Ytri-Sólheima III, sé 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum.

Hér vísar dómari til umfjöllunar sinnar um fasteignamatið 1922 og yngri mata.

Hvað á dómari við með orðunum: „...og að virtu öðru því sem hér hefur verið rakið...“?

Væntanlega er dómari að vitna til eigin orða í niðurstöðu dómsins en ekki endursögn sína á málflutningi stefndu, eða hvað? Hvað var hér rakið sem kippir stoðunum undan eignarrétti stefnenda?

Á dómari við að ekki sé takandi mark á þeim gögnum sem stefnendur telja til sannana um eignarhlut sinn? Í öllu falli ber dómara að taka mikilvæg sönnunargögn um eignarrétt, eins og þinglýst afsöl á jörð og prestsmötu, til efnislegrar úrlausnar. Í þess stað kýs hann að þegja um þessi gögn í niðurstöðu dómsins.

Jörð Erlings er nú í höndum stefnenda og er eignarhlutinn í óskiptri sameign Sólheimatorfu óskertur. Eignarhlutinn í Sólheimatorfu hefur ekki verið rýrður með löggerningi; þ.e. sölu, gjöf, erfð eða fjárnámi.

Hlutur núverandi eigenda jarðar Erlings í óskiptri sameign Sólheimatorfu er því varinn af Stjórnarskrá Íslands.

*Höfundur er líffræðingur.*





* Fjármögnunarleiga m.v. 60 mán. lán í erlendri myntkörfu (50% chf og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án/vsk.

www.renault.is

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

www.atvinnubilar.is

**RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!** Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

**B&L ATVINNUBÍLAR**

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

RENAULT


# Þingræði

**UMRÆÐAN**
Borgarmál

Þekktur höfundur dálksins „Í dag“ í Fréttablaðinu birti þar eftirfarandi fullyrðingu: „Sjálfstæðismenn. Þeir eru ekki þingræðissinnar (sem sýndi sig nú síðast í Reykjavík þegar þeir leiddu Ólaf F. Magnússon umboðslausan í hásætið).“


BIRGIR DÝRFJÖRÐ

Sem samfylkingarmanni er mér slétt sama þótt pistlahöfundur tyggi skít í lesendur Fréttablaðsins til að hrella sjálfstæðismenn. Aftur á móti þykir mér slæmt ef hann ýtir um leið undir ranghugmyndir um rétta stjórnarhætti og lýðræði. Ísland er lýðræðisríki og allir atkvæðisbærir þegnar þess hafa rétt til aðildar að ákvörðunum, sem varða lagasetningar og almannahag. En ófært yrði ef allir atkvæðisbærir Íslendingar mættu í sali Alþingis til að biðja þar um orðið og taka þátt í atkvæðagreiðslum. Og eins ef allar ákvarðanir sveitarfélaga yrðu teknar á almenningsfundum.

Til að sneiða hjá vandræðum af slíku verklagi höfum við komið á fulltrúalýðræði. Það útfærum við þannig að kjósandi velur sér fulltrúa og veitir honum umboð sitt til að taka afstöðu til mála. Alþingis- og sveitarstjórnarmenn hafa þannig lögboðið umboð kjósenda.

Þórólfur Árnason var aldrei í framboði. Þó var hann kosinn borgarstjóri í Reykjavík með átta atkvæðum borgarfulltrúa R-listans sáluga. Enginn efaði réttmæti þess því átta borgarfulltrúar R-listans höfðu lögboðið umboð frá meirihluta kjósenda í Reykjavík. Eins var það þegar átta borgarfulltrúar kusu Ólaf F. Magnússon sem borgarstjóra, þá gerðu þeir það í umboði meirihluta kjósenda í Reykjavík. Ráðning hans var því rétt útfært lýðræði og kom stærð F-listans ekkert við. Ekki frekar en fámenni á Íslandi kemur því við hvort meirihluti á þingi Sameinuðu þjóðanna velur Íslending sem fulltrúa sinn í Öryggisráðið.

Sumir, sem greina ekki milli magns og gæða, efast um réttindi stjórnmálahreyfinga fyrir það eitt að þær eru ekki stórar. Þeir sömu hljóta að efa réttmæti þess að Íslendingar njóti jafnræðis meðal stærri þjóða.

*Höfundur er í flokkstjórn Samfylkingarinnar.*

**Betri heilsa**
**Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?**
svæðanudd gæti hjálpað þér

***Ásta svæðanuddari***
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367



*Stinnari á 4 vikum...*
*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*



SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
eða 6.660 á mán. í 3 mán.



ALVÖRU HLAUPAGREINING



Hlaupagreining framkvæmd af fagmanni auðveldar valið á réttu hlaupaskónum og getur komið í veg fyrir meiðsli. Við höfum hlaupagreint marga af fremstu íþróttamönnum landsins í yfir 20 ár.
***Hafðu samband og pantaðu tíma strax!***

STOÐ
*Við styðjum þig*
Trönuhrauni 8 • Hafnarfjörður • Sími 565 2885 • www.stod.is




Í hvert skipti sem Hallbera fer í kápunni í bæinn gerist eitthvað óvænt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Álagakápan rauða

***Hallbera Guðný Gísladóttir er ósjaldan í rauðu enda æfir hún fótbolta með Val. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hún klæðist þeim lit við önnur tækifæri.***

„Foreldrar mínir gáfu mér rauða kápu frá French Connection í afmælisgjöf í fyrra. Hún er keypt í Manchester en við vorum þar á Manchester-Newcastle leik,“ segir Hallbera Guðný Gísladóttir, leikmaður Vals í fótbolta, sem nýlega var valin í íslenska landsliðið.

Hallbera segist mjög ánægð með kápuna en hana grunar þó að einhver álög séu á henni. „Í hvert skipti sem ég fer í henni í bæinn lendi ég í einhverju óvæntu. Nú síðast endaði ég á því að fá far með götusópara sem gerist nú ekki á hverjum degi,“ segir hún kímin. „Eftir það er ég eiginlega hætt að þora í henni í bæinn,“ bætir hún við og hlær dátt. Hallbera segist luma á fleiri sögum af sér í kápunni en ætlar að halda þeim fyrir sig.

Hallbera á annars föt í öllum regnbogans litum í bland við svört og klassísk. Síðast keypti hún sér rauða sparskó á Spáni þar sem hún var að spila með landsliðinu. „Ég er að verða ansi rauð,“ segir Hallbera en hún hefur spilað með Val síðastliðin þrjú ár. Hún er þó alin upp á Skaganum og spilaði lengi með ÍA.

*vera@frettabladid.is*






**Rautt** er litur hlýju og rómantíkur. Skelltu þér í rauðan kjól og láttu ekki kuldabola hræða þig frá því að klæða þig upp á.







Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!

TRIND®

Alltaf no. 1




Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir

trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!



Jakkar Stuttkápur
Rússkinnskápur Dúnkápur
Vattkápur



Útsöluhornið enn í gangi

Opið laugardag 10-16

ToppHÚSIÐ

Mörkinni 6, s. 588 5518


# Perlur, silki og Mína mús

***Nokkrir tískuhönnuðir hafa þegar kynnt haust- og vetrarlínurnar fyrir næsta vetur þótt enn virðist langt í sumarið.***

Einn af þeim sem sýndi haust- og vetrarlínu á tískuvikunni í París nú í febrúar var indverski hönnuðurinn Manish Arora.

Manish Arora stofnaði sitt fyrirtæki árið 1997 og hefur sýnt um allan heim síðan undir sínu merki. Hann er þekktastur fyrir líflega liti og notar indverska handverkshefð í fatnað sinn eins og útsaum og perluskreytingar.

Í haust- og vetrarlínunni mátti sjá áhrif frá brynjum kínverskra fornstríðsmanna en hönnuðurinn lýsir línunni sjálfur sem „skínandi, gleðilegri og tærri“. Hann hefur áður unnið undir áhrifum frá skylmingaþrælum og miðalda herbúningum. Þröngar buxur, víð pils og aðskornir skósíðir kjólar voru áberandi og efnin voru silki, flauel og leður. Litirnir voru sterkir og mikið svart og silfrað, rautt og gult. Sjá mátti teiknimyndafígúrur á nokkrum kjólanna en Arora segir þau Mikka mús og Mínu miklar stríðshetjur og að þau auki við húmorinn í fatnaðinum.

*heida@frettabladid.is*



Áhrifa frá brynjum kínverskra stríðsmanna til forna gætti á sýningunni.



Sjá má teiknimyndafígúrum bregða fyrir í fatnaði Arora en hann segir Mikka mús og Mínu stríðshetjur sem bæti húmor við fatnaðinn.

Eldrautt og efnismikið í vetur hjá Arora.

Indverskur útsaumur og perlusaumur er áberandi í hönnun Manish Arora.



Manish Arora segir nýjustu tískulínu sína vera „skínandi gleðilega og tæra“.




Heimagallar

Kr. 4.500.-

www.vefta.is

Vefta

Tískuföt Hólagarði

s: 557 2010



vísir.is

„...ég sá það á vísi“



# Alvöru dísil jeppi

## fyrir íslenskar aðstæður...



**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**

Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**

- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálfvirk tölvustýrð miðstöð
- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- **31” TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
- Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
- Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

ÖRFÁ EINTÖK Á GAMLA GENGINU

3.990.000

DÍSIL - SJÁLFSKIPTUR




Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr á 100 km.

SSANGYONG



ACTYON SPORTS KYRON REXTON II

**Reykjavík**
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

**Akureyri**
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

**Borgarnes**
Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

**Egilsstaðir**
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

**Reykjanesbær**
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

Bílabúð Benna

www.benni.is - 590 2000

**Tannhirða** þarf að vera fastur liður í daglegri rútínu okkar. Bursta á tennurnar kvölds og morgna og líka strax eftir mikið sykurát eins og til dæmis páskaeggjaveisluna.



# Dorgað á ísnum í höfuðborginni

***Reynisvatn er rétt við Grafarholtið í Reykjavík. Reynisvatn er tilvalinn staður fyrir alla fjölskylduna að fara saman og prófa ísdorg og njóta útivistar.***

Á Reynisvatni er frábær aðstaða fyrir veiðimenn og aðra áhugamenn til að njóta náttúrunnar. Hjá Reynisvatni er gott veiðihús og kaffistofa sem selur léttar veitingar. Þar er að finna allt sem til þarf til þess að renna fyrir fisk.

Tjald er á staðnum sem hægt er að leigja út og þá eru það aðallega stærri hópar sem vilja halda gleði og hefur aðsóknin verið mikil. Yfir vetrartímann er opið um helgar þegar veður leyfir í ísdorg. Yfir dimmustu mánuðina er minna að gera en þó alltaf einhverjir sem stunda ísdorg á vatninu. Á sólardögum koma margir til að dorga.

Drjúgt er af fiski í vatninu, allt frá tveggja punda fiski upp í fimmtán punda. Fólk getur komið með eigin stangir en einnig eru leigðar út stangir og annað sem þarf til veiðar. Starfsmenn Reynisvatns sjá um að bora göt í ísinn fyrir gesti og velja góða veiðistaði þar sem fiskurinn bítur á. Frá og með fyrsta apríl verður opið frá morgni til kvölds.

Margir stunda útiveru í kringum vatnið enda tilvalið svæði til útivistar. Veiðihúsið hefur verið gert upp og er aðstaðan til fyrirmyndar.

*- mmr*



Anna Kvaran og Wolfgang Pomorin staðarhaldari dorga úti á miðju vatni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hollt og gott fyrir önnum kafið fólk

***Matreiðslunámskeið fyrir þá sem vilja breyta um lífsstíl og fara að borða hollari fæðu verður haldið hjá Manni lifandi í næstu viku.***



Heilsukostur er heiti matreiðslunámskeiðs sem haldið verður í Manni lifandi fimmtudaginn 3. apríl frá klukkan 18 til 21. Auður Ingibjörg Konráðsdóttir mun á námskeiðinu kenna hvernig hægt er að elda hollan og góðan mat án mikillar fyrirhafnar og gefa uppskriftir og ráðleggingar um heilbrigðan lífsstíl.

*- eö*

## Allt til fyrir húðina

STUNDUM NÆGIR AÐ LEITA Í SKÚFFUM, ÁVAXTASKÁLINNI EÐA ÍSSKÁPNUM ÞEGAR HÚÐINA VANTAR HRESSINGU.



**Bananar** gefa góða fitu og vítamín sem húðin kann að meta.



**Jógúrt** án bragðefna er upplagður grunnur í andlitsmaska.




**Haframjöl** virkar sem viðmótsþýtt skrúbb fyrir viðkvæma húð.



**Sykur** djúphreinsar og hressir og þrífur burt dauðar húðfrumur.

COMB & CARE

Sjampó og næring til varnar flóka

- Mild formúla sem svíður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sítt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem

- Verndar raka hársins með B5 vítamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.




Auðvelt í notkun – frábær árangur

(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.

Dr. Fischer

Fæst í apótekum um land allt.

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!




Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

**Útsölustaðir:** Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðarkaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan Blómaval, Nóatún í hafnarfirði, Heilsuhornið Akureyri og Samkaup/Úrval Njarðvík

heilsa –hafðu það gott

**Ísskápurinn** er mikilvægasta tækið á heimilinu og því ekki úr vegi að hafa hann fallegan fyrir augað. Ísskápur í björtum lit gerir matseldina skemmtilega.



Stigahúsateppi



Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
STRÖND EHF.
www.strond.is

RAFMAGNSHITARAR
VERÐ FRÁ 1.990



ís-húsið
S: 566 6000
netverslun ishusid.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

allt matur
Alla föstudaga



Hið klassíska vöfflujárn. Fæst í Heimilistækjum og kostar 3.995 krónur.



Skemmtilegt vöfflujárn frá Disney. Fæst í Heimilistækjum og kostar 4.995 kr.



Þetta vöfflujárn bakar vöfflulaufin aðskilin þannig að hægt er að bjóða upp á minivöfflur. Fæst í Heimilistækjum og kostar 6.995 krónur.

# *Ilmandi vöfflur í eldhúsinu*

***Hvort sem þær minna okkur á ömmu, afmælisveislur eða sunnudagssíðdegi þá er alltaf eitthvað notalegt við vöfflur.***

Heitar vöfflur með sultu og rjóma, og kannski heitt kakó með, er eitthvað sem getur ekki klikkað. Hægt er að baka vöfflur á hina ýmsu vegu, í Mikka mús-formi fyrir hina frumlegu, tvöfaldan skammt í einu fyrir hina óþolinmóðu, hjartalaga fyrir hina rómantísku og svo bara á venjulega mátann fyrir þá hefðbundnu.

**Hér kemur uppskrift af vöfflum:**

100 g smjörlíki brætt
75 g sykur
2 egg
250 g hveiti
3 tsk. lyftiduft
1/2 tsk. salt
vanillu- og sítrónudropar, eitt tappa af hvorum
mjólk eftir þörfum
Þurrefnin sett fyrst saman, svo er restin hrærð vel út. Bakist í vöfflujárni að eigin vali.

Berið fram með þeyttum rjóma og sultu, bræddu súkkulaði, Nutella, hlynsírópi eða öðru því sem hugurinn girnist. Einnig er gott að bæta Irish-coffee eða vanillusykri út í þeytta rjómann.



Tvöfalt vöfflujárn fyrir hina óþolinmóðu frá Bræðrunum Ormsson. Kostar 9.990 kr.

*klara@frettabladid.is*



Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda. Einnig vantar starfsfólk í uppvask.

Hafið samband í síma 898-3804 eða perlan@perlan.is.

The Pearls cafeteria is looking for full time and part time staff. We offer you a good and positive work environment. We are also looking for dishwashers.

Contact us by tel. 898-3804 or perlan@perlan.is.

PERLAN

Verklegt námskeið í styrktaræfingum

*Einkaþjálfarar – Íþróttakennarar – Þjálfarar athugið*

Næstu tvo sunnudaga kl: 10.00-16.00 verður verklegt námskeið í Íþróttaakademíunni þar sem farið verður í allar helstu grunn styrktaræfingarnar, kynntar góðar leiðir við að framkvæma þær og talað um hvað beri að varast. Teknar verða fyrir eins margar æfingar og tími leyfir.
Æfingarnar verða útskýrðar á rökrænan máta en ekki *„svona á alltaf að gera þessa æfingu bara útaf því".*

**Leiðbeinandi:** Haraldur Magnússon frá Sportmenntun
Nánari upplýsingar á www.akademian.is

vísir.is
*„...ég sá það á vísi"*







Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.



BJÖRNINN

AUGLÝSINGASTOFA ERACKMAN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.- Ármúla 20 - Sími 562 5000 - Fax 562 5045 - bjorninn@bjorninn.is - www.bjorninn.is

# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

**Margföld ending og slitþol!**

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is


# vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 27. MARS 2008

**Tryggingafélög mæla með að eigendur vinnuvéla tryggi tæki sín.**
BLS. 10





FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOES/GETTY IMAGES




# Öflug
## í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Stærðin er afstæð. Það sést greinilega hér þar sem flutningaskip sem í sjálfu sér er risavaxið flytur krana yfir sæinn en í samanburði við kranana er skipið ósköp smátt.



Risavaxnir kranar við höfnina í Los Angeles í Kaliforníu teygja anga sína út í loftið og bíða næstu verkefna sem eru ærin. NORDICPHOTOES/GETTY IMAGES

# Vinsamlegir risar

**Vinnuvélar birtast okkur í hinum ýmsu myndum og við fjölbreyttar aðstæður.**

Um allan heim hafa vinnuvélar áunnið sér fastan sess í tilveru mannsins. Fátt yrði úr verki ef þeirra nyti ekki við. Hús væru torbyggð og námuvinnsla mun hættulegri en hún er í dag. Vinnuvélar geta verið af öllum stærðum og gerðum. Þær stærstu eru þó mikilúðlegastar og minna á tíðum á vinalegar risaeðlur sem hreyfa sig hægt en örugglega. *-sg*



Á fáum stöðum eru stórar vinnuvélar jafn áberandi og í námuvinnslu. Hér birtist ein út úr reykjarkófi í malarnámu í Kanada.



Líklega yrði granítframleiðslan úr þessari námi heldur rýr ef stórvirkra vinnuvéla og krana nyti ekki við.



Hús væru torbyggð og námuvinnsla mun hættulegri en hún er í dag ef vinnuvéla nyti ekki við.



Þessi malarvinnsluvél í Port Hedland í Ástralíu minnir um margt á risaeðlu þar sem hún mokar og mylur grjót hægt og örugglega.




Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is**
eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN



# Væri ekki betra að nota **réttu tækin** í verkið?

Við höfum yfir að ráða fjölda sérhæfðra vinnulyfta sem henta vel við ýmsar erfiðar aðstæður og spara þér uppsetningu á vinnupöllum. Bjóðum upp á flestar gerðir af smágröfum og beltabörum ásamt jarðvegsþjöppum, völturum og fleiru.




Með því að nota réttu tækin er að hægt að tryggja góða vinnuaðstöðu í erfiðum verkefnum sem bæði létta vinnuna til muna og spara mikinn tíma. Vinnulyftur eru umboðsaðili fyrir tæki frá traustum og virtum framleiðendum og veitir viðskiptavinum sínum góða og örugga þjónustu.

## Við bjóðum vinnulyftur og jarðvegstæki til **leigu og sölu**
## Vinsamlegast hafið samband og fáið tilboð í síma 544 8444












SKYJACK niftylift TEREX BOMAG

## Tæki til leigu

Vinnulyftur leigja út vinnulyftur, jarðvegstæki og lyftara af ýmsu tagi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hvort sem þig vantar léttar skæralyftur, bómulyftur, stokklyftur eða minni jarðvegstæki, þá getur þú leigt tækið hjá okkur.

## Tæki til sölu

Vinnulyftur selja bæði notuð og ný tæki. Við erum viðurkenndur söluaðili á Íslandi fyrir Skyjack og Terex. Höfum ávallt fjölda tækja á lager en einnig er hægt að fá sérpantanir afgreiddar með stuttum fyrirvara.

BRÖS 0893/2007

**Vinnulyftur**

- vélar í verkið þitt

Vinnulyftur ehf. • Smiðsbúð 12 • 210 Garðabæ • Sími: 544 8444 • Fax: 544 8440 • www.vinnulyftur.is












„Það er svo mikið kikk að keyra gröfu eins og þessa upp á „trailer“ til flutnings,“ segir Vilborg Daníelsdóttir þar sem hún stendur stolt fyrir framan vörubílinn sinn og gröfuna sem hún hefur flutt milli staða. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Ljóshærð og litfríð og keyrir stóran vörubíl

**Vilborgu Daníelsdóttur vörubílstjóra finnst ekki tiltökumál að keyra gröfur og steypubíla og keyrði vörubílinn sinn þar til hún var komin á fimmta mánuð af sínu fyrsta barni.**

Vilborg Daníelsdóttir fór ekki hefðbundna leið þegar hún valdi sér starf. Eftir að hafa unnið í verslunarrekstri með foreldrum sínum í nokkur ár tók hún u-beygju og valdi sér annan vettvang. Hún tók meirapróf þegar hún var 21 árs 1997 og réði sig síðar í vinnu sem verkamaður við vegagerð.

Þegar blaðamaður heimsótti Vilborgu eða Villu Dan eins og hún er jafnan kölluð, stóðu gámar, traktor og snjósleðar úti á hlaði en inni í hlýju heimilisins var boðið upp á kaffi og nýskornar kökur á fati. Það fyrsta sem blaðamanni lék forvitni á að vita var hvað hafði ráðið því að hún ákvað að keyra vörubíl.

„Ég held að þetta hafi alltaf blundað í mér. Þegar ég var lítil þá langaði mig alltaf að vera vörubílstjóri. Ég held að það hafi verið sögur af afa sem keyrði vörubíl sem kveiktu þessa löngun“ rifjar Villa upp.

„Það er bara ótrúlega gaman að keyra þessa stóru trukka. Sérstaklega vinnuvélar eins og gröfur og steypubíla, það gefur mér orku. Ég keyrði bílinn minn fram á fimmta mánuð þegar ég gekk með mitt fyrsta barn og það var ekkert mál. Það er ekkert erfiðara að stjórna vörubíl en fólksbíl, maður þarf bara að venjast stærðinni,“ segir hún.

Vilborg byrjaði á því að keyra fjögurra öxla vörubíl en var fljótlega farin að stýra gröfu í Neskaupstað þar sem unnið var við snjófljóðagarð. Þar keyrði hún einnig svokallaða Búkollu sem er sérhannaður vörubíll fyrir námavinnu. Nú er hún orðin það fjölhæf að hún ekur því sem verkefnið krefst hverju sinni. Gildir einu hvort það er stór trukkur eða steypubíll.

Þegar vinnudegi Villu lýkur tekur við venjuleg keyrsla, en þá þarf hún að ná í börnin þrjú í skóla, leikskóla og til dagmömmu. Ef þannig stendur á hafa börnin fengið keyrslu heim í vörubíl eða fengið að fljóta með í síðustu ferð dagsins. Þriggja barna móðir sem býr í sveitinni rétt fyrir utan Akureyri hefur auðheyrilega í nógu að snúast.

*- vaj*

**● KENNT Á PÓLSKU** Öku- og vinnuvélaskóli Íslands býður upp á vinnuvélanámskeið á pólsku og byrjaði á því fyrir tveimur árum. Þetta er bóklegt nám sem gefur réttindi til að taka verklegt próf á allar stærri vinnuvélar.

„Það eru kenndar áttatíu stundir á þremur helgum og farið yfir allt sem snýr að vinnuvélum,“ útskýrir Knútur Halldórsson, skólastjóri Öku- og vinnuvélaskólans. „Eftir þetta námskeið hafa menn öðlast réttindi til að taka próf á vinnuvélar hjá Vinnueftirlitinu eins og gröfur, ýtur, krana og fleira en til að komast á námskeiðið þurfa menn að hafa almennt bílpróf.“

Öku- og vinnuvélaskólinn hefur haldið tvenn námskeið á ári og er nýtt námskeið að hefjast hjá þeim 4. apríl.

Nánari upplýsingar má finna á www.ovs.is






# KRAFTVÉLALEIGAN

## - ÚRVAL VINNUVÉLA TIL STÓRRA OG SMÁRRA VERKA

**Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu fyrir allt frá húsgrunnum til virkjana og jarðganga:**

- Smágröfur
- Beltagröfur
- Liðstýrðir trukkar
- Beltavagnar
- Smáskóflur
- Hjóla- og traktorsgröfur
- Skotbómulyftarar
- Valtarar og fl.

**Leiga vinnuvéla:**

- **er oft mun hagstæðari en kaup, bæði í smærri verk og stærri**
- **hefur marga kosti umfram kaup, t.d. lægri fjármagnskostnað og minni viðhaldskostnað**
- **er talin hagstæðari ef þær eru nýttar minna en átta mánuði á ári**

Mögulegt er að leigja tækin en kaupa þau síðar og gengur þá hluti leiguverðs upp í kaupin.

**Vertu í sambandi við sölumann!**



**KRAFTVÉLALEIGAN**
LEIGA/SALA

Lækjarmel 1
535 3570 / 535 3571
sigurdur@kraftvelaleigan.is
**www.kraftvelaleigan.is**

# Úðarabíllinn vökvar vegi og garða




Hróar Björnsson segir að í dag megi nota tankana á bílunum með ýmsum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Vörubílar með vatnstönkum koma að gagni þegar hreinsa þarf götur bæjarins eða rykbinda malarvegi. Hér áður fyrr var mikið um að gamlir mjólkur- eða olíubílar væru nýttir til þessara verka.**

Þegar mikið var um malarvegi í Reykjavíkurborg nefndu krakkarnir bíla sem bleyttu vegina oft „pissubílana“. Á þeim árum voru gamlir tankar yfirleitt nýttir og settir á vörubíla. Einnig var notast við gamla olíu- og mjólkurbíla. Hlutverk þeirra var að binda rykið á götum úti. Hér áður fyrr var dælt sjó á bílana til að mýkja göturnar. Sjórinn þótti halda rakanum vel í mölinni. Þegar malarvegir voru saltaðir til að binda niður rykið og síðan vegirnir vökvaðir var oft sagt að bílarnir pissuðu vatni á vegina.

„Þeir tankar sem settir eru á vörubílana í dag eru ekki eingöngu notaðir til þess að bleyta vegina með vatni. Á tankinn er settur ýmiss konar búnaður sem hægt er að nota á marga vegu,“ segir Hróar Björnsson hjá Línuborun ehf. „Þegar verið er að vinna við borun undir götur innanbæjar er þörf á miklu vatni. Mikið er um að verktakafyrirtæki sem taka að sér að vinna fyrir Vegagerðina eigi stóra vatnstanka, allt að átján þúsund lítra, og er þeim breytt til að hægt sé að setja þá á stóra vörubíla.“

„Nokkuð er um að háþrýstibúnaður sé tengdur við vatnstankinn. Vörubíllinn getur því séð um að hreinsa götur og bílaplön. Slíkur búnaður kemur auk þess að gagni við vökvun stórra garða. Einnig er hægt að nota búnaðinn til að spúla efni út úr rörum sem rekin hafa verið undir vegi,“ segir Hróar.

Hvorki Vegagerðin né Reykjavíkurborg sjá um að reka vörubíla í dag. Verktakafyrirtæki leggja til vörubílana og eru mismunandi tankar festir á þá. Vörubílarnir eru þannig sérútbúnir hvort sem um er að ræða þvott á götum eða rykbindingu á götum. Þar sem malarvegi er að finna á landinu er nauðsynlegt að „pissubílarnir“ séu á ferðinni. Líklega eru þeir ekki eins sýnilegir og þeir voru á árum áður þegar nær eingöngu voru malarvegir í borginni. *- vg*

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

**HANN ER GRIMMUR!**

**MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER**

**SKOTBÓMULYFTARI**

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON
**PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.**
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is

# Fimmtán ára á lyftara

Halldór Gylfason leikari hefur örlitla reynslu af því að keyra vinnuvélar.

Þegar Halldór var fimmtán ára gamall og vann við fiskvinnslu prófaði hann að keyra lyftara. Lyftarinn tengdist vinnu hans ekki neitt en honum þótti gaman að prófa að keyra lyftarann sem var á svæðinu af og til.

Þegar Halldór var sautján ára vann hann við Sundahöfn í eitt sumar og notaðist þar við litla lyftara til að færa eplakassa út úr gámum. Það sem var merkilegast við það sumar var að þá vann hann einnig við það að keyra traktora út úr gámum.

„Ég keyrði stundum traktora og bíla til,“ rifjar Halldór upp, sem þótti þetta mjög gaman og sömu sögu má segja um reynslu hans af vinnuvélum almennt.

„Í rauninni er ég alinn upp á vinnuvél, því að pabbi minn var vörubílstjóri og ég fór mikið með honum í vinnuna þegar ég var strákur,“ segir hann. Þá keyrðu feðgar niður á Sundahöfn og Reykjavíkurhöfn og þar gat hann séð stóra byggingarkrana og aðrar stórar og mismunandi vinnuvélar. Halldór á góðar minningar með föður sínum frá þeim tíma.

Spurður hvaða vinnuvél hann vildi prófa í dag segist Halldór helst hafa áhuga á að vinna á stórri gröfu. *- kka*



Halldór skemmti sér konunglega á lyftara á unglingsárunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Margrét Frímanns er þekkt fyrir að koma upp fallegum garði hvar sem hún býr og lítil grafa myndi létta henni störfin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vildi eiga litla gröfu í garðvinnuna heima

Margrét Frímannsdóttir fangelsistjóri á Litla-Hrauni er drjúg til verka. Eflaust mætti líkja henni við jarðýtu sem brýtur lönd og lætur fátt stoppa sig. Hún er heldur ekki óvön því að draga vagninn í víðri merkingu þess hugtaks. Þegar í Margréti náðist í síma eftir langan vinnudag á Hrauninu og lögð var fyrir hana spurningin: Hefurðu einhvern tíma unnið á vinnuvél? varð hún fyrst undrandi en svaraði síðan í léttum tón. „Ef dráttarvél kallast vinnuvél þá hef ég prófað að keyra hana en get ekki sagt að ég hafi unnið við það.“

Nú er forvitnin vakin og Margrét beðin að gera frekari grein fyrir dráttarvélarakstrinum. „Þegar verið var að heyja heima á Stokkseyri þá kom fyrir að ég fékk að taka í dráttarvélina í hirðingum og keyra á henni heyið heim. Mér fannst það afar spennandi.“ Ekki man hún glöggt hverrar gerðar dráttarvélin var en telur víst að hún hafi verið Ferguson.

Aldrei segir Margrét sig hafa langað að starfa á vinnuvél en í huganum er þó ein í uppáhaldi. „Ég vildi gjarnan eiga litla gröfu. Hef oft hugsað um hversu gott væri að eiga eina slíka til að vinna á í garðinum. Ég tel að slíkar gröfur séu þarft heimilistæki fyrir garðyrkjufólk.“ -gun

TEREX | PEGSON POWERSCREEN

Höfum tekið við umboði fyrir Pegson og Powerscreen brjóta og hörpur

Við munu leitast við að bjóða eigendum Pegson og Powerscreen tækja fyrsta flokks viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Global-tæki er einnig umboðsaðili fyrir Kato gröfur, Airman mínígröfur, Dieci skotbómulyftara, Kruz malarvagna, Choice og XL trailers vélaflutningavagna, Beco skóflur o.fl.





Global-tæki ehf
Flugumýri 14, 270 Mosfellsbær
Sími 544-2090, Fax 544-2091
www.global-taeki.com

MHG VERSLUN

Husqvarna Construction Products
STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR

Husqvarna Great experience







Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is



Vatni er sprautað frá hliðum kerrunnar undir miklum þrýstingu en við það losnar um drullu á dekkjum og undirvagni.



Þvottastöðvar sem þessar eru notaðar víðs vegar um heim, meðal annars í Alaska, þar sem er frostasamt, og því bendir ýmislegt til að stöðin henti vel hérlendis.




Karli Helgi Jónsson, yfirverkstjóri hjá Klæðningu, er hæstánægður með nýju þvottastöðina sem spúlar alla bíla í eigu fyristækisins áður en haldið er út á götur borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Spúlar trukka á nokkrum sekúndum

**Klæðning ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í gatnagerð og vegagerð en vinnur einnig mikið í húsgrunnum. Nýlega keypti fyrirtækið tæki sem verður notað til að þrífa alla undirvagna bíla þess áður en þeim er ekið út á vegina. Þetta er gert til að vera í sátt við íbúa og vegfarendur við starfsstöðvar fyrirtækisins.**

„Með hliðsjón af aukinni umræðu um umhverfisvernd og eins vegna svifryks, sem er alls staðar, er það orðin krafa hjá verkkaupa eins og Reykjavíkurborg að menn þrífi bílana áður en þeir fara út á götur borgarinnar,“ segir Karl Helgi Jónsson, yfirverkstjóri hjá Klæðningu, um ástæður fyrir kaupunum. „Þetta er svo við séum ekki að dreifa moldinni um allar götur eins og víða er gert. Enda er það krafa í útboðum núna.“

Þvottakerfið er af gerðinni MobyDick Quick 400 G. Því er komið fyrir á fjögurra metra langri kerru, heldur breiðari en flutningabíll. Vatni er sprautað frá hliðum kerrunnar undir miklum þrýstingi og við það losnar um drullu á dekkjum og undirvagni. Drullan fellur niður í gegnum grindur á gólfi kerrunnar og rennur þaðan með vatninu í söfnunartank. Föstu efnin setjast í botninn en vatnið er notað aftur og aftur að sögn Karls.

„Við ákváðum að vera fyrstir í þessu, drífa okkur í að kaupa þetta tæki og vera með það framvegis alls staðar þar sem við verðum í svona uppúrtekt,“ segir Karl Helgi og bætir við að tækið sé sérpantað frá Englandi. „Til lengri tíma litið munum við spara okkur tíma og fyrirhöfn. Ég var alltaf með Hreinsitækni í Kópavoginum í kringum Smáralind að hreinsa fyrir mig göturnar tvisvar á dag, og það safnast fljótt kostnaður í kringum það.“

Þess má geta að þvottastöðvar sem þessar eru notaðar víðs vegar um heim og meðal annars í Alaska, þar sem er afar frostasamt, og því bendir ýmislegt til að tækið reynist vel hérlendis.

„Það tekur bara nokkrar sekúndur að keyra í gegnum þetta,“ segir Karl Helgi. „Svo erum við með öfluga rafstöð sem þetta gengur fyrir, þannig að maður þarf ekki alltaf að sækja um rafmagn á hverjum stað.“

- nrg

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA







**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



**● SNÚNINGAPILTUR**

Liðléttingur er eflaust ekki tæki sem hringir bjöllum hjá mörgum. Þrátt fyrir að orðið liðléttingur geti þýtt lélegur verkmaður er vinnuvélin bæði lipur og öflug. Önnur merking orðsins er snúningapiltur og á það betur við vélina því hún hentar vel í þar sem þrengsli eru, eins og í fjósum, og hefur reynst íslenskum bændum vel. Liðléttingur er knúinn af vatnskældri díselvél og með vökvadrif á öllum hjólum. Mikið úrval er af aukabúnaði, svo sem rúlluspjót, snjóblásari og svo framvegis. Schäffer framleiðir vélarnar sem fást í ýmsum gerðum, í svokölluðum, 2000-, 3000- og 5000-línum. Þær fást meðal annars hjá Jötunn Vélar hf. og Bújöfur búvélar hf. og eru báðar verslanirnar á Selfossi.



Forskot til framtíðar!
Hydrema hönnun og hátækni
Vélin er á litaðri olíu og má vera á öllum götum og vegum
Vélin er skráð sem vinnuvél í IF flokki
• Vélin má bera 14 til 15 tonn á vegi.
• Vélin getur sturtað í 180°frá sér.
• Vélin er með veltibremsu og fjöðrun á lið.
• Vélin er útbúin fyrir snjótönn, sóp, krana, saltara og sandara ofl. ofl.
• Vélin útheimtir aðeins vinnuvélaréttindi til stjórnunar.
• Vélin hefur allstaðar slegið í gegn.
HYDREMA
Til afgreiðslu strax
Hydrema 912D flutningstæki/fjölnotatæki
VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is




AFKASTAMIKLIR
Ný tæki
Toyota 7FDF
2,5 - 3 tonn dísil
Frá 2.500.000 án vsk.
Toyota 7FBMF25
2,5 tonn rafmagns
Frá 2.990.000 án vsk.
Toyota 7FBEF
1,6 - 2 tonn rafmangs
Frá 2.500.000 án vsk.
Toyota Traigo
1,3 - 1,5 tonn rafmangs
Frá 2.100.000 án vsk.
www.tmh.is
Höfum opnað nýja heimasíðu allt um Toyota og BT
Alvöru lyftarar á góðu verði
Nýjir Toyota lyftarar til afgreiðslu strax. Vertu velkomin í glæsilegan sýningarsal okkar að Vesturvör 30b í Kópavogi og prófaðu tækin.
TOYOTA INDUSTRIAL EQUIPMENT
BT
TMH Iceland ehf - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is
TOYOTA
MATERIAL HANDLING



Karl Einarsson hjá TM tryggingum telur að allir eigendur vinnuvéla eigi að hafa ábyrgðartryggingu.



Húftrygging vinnuvéla (kaskótrygging) bætir tjón sem verða á vinnuvélinni sjálfri af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.

# Löglegt en siðlaust að tryggja ekki vélar

**Ólíkt almennum ökutækjum eru vinnuvélar ekki tryggingarskyldar og því er mikilvægt að eigendur slíkra tækja hugi veiti tryggingum sérstaka athygli.**

Tryggingar eru nauðsynlegur þáttur í rekstri fyrirtækja þar sem þau geta staðið frammi fyrir margs konar áhættu í rekstri sínum og ef ekki er hugað vel að geta háar bótakröfur fallið á eigendur. Einnig þurfa fyrirtæki að uppfylla ýmsar skyldur og því mikilvægt að stjórnendur geri sér grein fyrir þeim áhættum sem þeir standa frammi fyrir. Gildir þetta ekki síst um eigendur vinnuvéla.

Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að flestar vinnuvélar séu vélknúin ökutæki og sé jafnvel ekið um þjóðvegi landsins eru þær ekki skráningarskyldar. Það með er ekki tryggingarskylda á vinnuvélum, líkt og almennum ökutækjum. Því hvílir mikil ábyrgð á eigendum slíkra tækja að huga sérstaklega að vátryggingavernd vinnuvéla í rekstri sínum.

Fréttablaðið leitaði til nokkurra tryggingafélaga til að fá upplýsingar um tryggingar á vinnuvélum. Öll félögin leggja mikla áherslu á að veita ráðgjöf varðandi alhliða tryggingar sem henta viðkomandi rekstri og atvinnustarfsemi og telja því enga eina reglu gilda fyrir alla.

Karl Einarsson hjá TM tryggingum telur að sú grunntrygging sem allir eigendur vinnuvéla eigi að hafa sé ábyrgðartrygging fyrir vinnuvélina.

„Ástæðan er einfaldlega sú að tryggingin tekur til margs konar skaðabótaábyrgðar sem getur fallið á atvinnurekanda vegna líkamstjóns eða skemmda á hinum ýmsum munum við notkun tækis. Einnig legg ég til að notendur vinnuvéla séu slysatryggðir,“ segir hann.

Sigurður Ingi Viðarson hjá VÍS bendir á að húftrygging vinnuvéla tryggi vinnuvélina sjálfa fyrir þeim tjónum sem hún geti orðið fyrir í rekstri, en frjáls ábyrgðartrygging veiti rekstraraðilanum vernd gegn þeirri skaðabótaskyldu sem á hann gæti fallið vegna notkunar á vinnuvélinni.

Húftrygging vinnuvéla (kaskótrygging) bætir tjón sem verða á vinnuvélinni sjálfri af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Vinnuvélatryggingin er því ekki ósvipuð og kaskótrygging ökutækja, nema að bótasviðið er mun víðtækara þar sem tekið er tillit til þeirrar notkunar og aðstæðna sem vinnuvélar eru í.

Þorvaldur I. Birgisson hjá fyrirtækjasviði Sjóvár bendir á að í tryggingaskilmálum sé kveðið á um að vátryggðum og starfsmönnum hans beri að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafi lögbundin réttindi til stjórnunar slíkra tækja. Hafi viðkomandi vanrækt að hlíta varúðarreglum þessum má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. *- vaj*






Auðuni Blöndal féllust hendur þegar sprakk á bílnum hans um daginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sandkassadraumur

Auðunn Blöndal er lítill bílakarl og þaðan af síður vinnuvélakarl.

„Ég veit nákvæmlega ekkert um bíla en ætli ég gæti ekki helst hugsað mér að vinna á ýtu. Ef ég tæki upp á því myndi ég fá mér trukkagleraugu og örugglega byrja að reykja í leiðinni,“ segir Auðunn.

En af hverju ýta? „Ætli þetta sé ekki gamall sandkassadraumur frá því að ég var að moka sand í gamla daga,“ svarar Auðunn, sem segir bílaáhugaleysið hafa komið í veg fyrir að hann legði vinnuvélavinnu eða vörubílaakstur fyrir sig. Því til staðfestingar nefnir hann nýlegt dæmi:

„Það sprakk á bílnum mínum á leið frá Keflavík þar sem ég var að skemmta á dögunum. Þetta var seint um kvöld og mér féllust algerlega hendur. Ég fór eiginlega bara að grenja,“ lýsir Auðunn og segist hafa endað á því að fá lánaðan bíl hjá félaga sínum í Keflavík „Ég var reyndar ekki með varadekk en þótt svo hefði verið hefði ég aldrei lagt í það að skipta.“ *- ve*

# Rafmagnstalíur



**DEMAG**

*Keðjutalíur og víratalíur*

*Aflið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.*

**ÞÓR HF**
REYKJAVÍK - AKUREYRI

**ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is**



Iðnaðarhurð



Rúlluhurð



Vörulyftur og veðurhlífar



Hraðlyftihurð



Eldvarnarhurð



Hlið

HÖRMANN

**Hjá Glófaxa færðu: Iðnaðarhurðir, bæði sem flekahurðir og rúlluhurðir.**

**Iðnaðarhurðir, með gönguhurðum, með eða án þröskulds. Í hurðunum eru gluggar ísettir plastrúðum sem rispast ekki.**

**Einnig fást eldvarnar- ,öryggis- og bílskúrshurðir.**

**GLÓFAXI ehf.**

Ármúla 42• Sími 553-4236 / 553-5336
Fax 588-8336 • glofaxi@simnet.is

Auglýsingasími

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

PIPAR • SÍA • 80549




## Alorka er nafnið á sameinuðum félögum Gúmmívinnslunnar og Alorku á sviði hjólbarðaþjónustu

Gúmmívinnslan á Akureyri tók nýverið yfir allan rekstur Alorku í Reykjavík, sem er ört vaxandi fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í sölu á hjólbörðum og flutningatækjum. Í kjölfarið var ákveðið að sameina alla hjólbarðasölu og hjólbarðaþjónustu félagsins undir nafni og vörumerki Alorku.

Með þessum breytingum verður til eitt öflugasta félag landsins á sviði hjólbarðaþjónustu. Alorka er með starfsstöðvar á **Akureyri** og í **Reykjavík** og býður breiða vörulínu af hjólbörðum fyrir flestar gerðir farartækja. Hjólbarðaverkstæði Alorku að Réttarhvammi 1 á Akureyri og Tangarhöfða 15 í Reykjavík hafa á að skipa traustum fagmönnum með mikla reynslu.

Gúmmívinnslan verður áfram í fullum rekstri en mun fyrst og fremst sjá um framleiðslu á sóluðum hjólbörðum og ýmsum vörum úr endurunnu gúmmíi.

Þessar breytingar gera okkur kleift að veita enn betri þjónustu og meira vöruúrval á samkeppnishæfu verði. Þannig viljum við styrkja tengsl okkar við núverandi viðskiptavini ásamt því sem við **bjóðum nýja viðskiptavini velkomna í hópinn**.



Alorka er umboðsaðili á Íslandi fyrir:
BRIDGESTONE

www.alorka.is

Réttarhvammi 1 • Akureyri • Sími 464 7900
Tangarhöfða 15 • Reykjavík • Sími 577 3080
Vagnhöfða 6 • Reykjavík • Sími 577 3080

# Flytjum allar gerðir vinnuvéla







Fljót og góð þjónusta



**KRÓKUR** BÍLASTÖÐ

Suðurhraun 3 • 210 Garðabær • Sími 522-4600













**Stórslys geta hlotist af ef tengivagn fer á hliðina eins og hér hefur gerst.**

# Þröngt um trukkana

Samtök verslunar og þjónustu munu á næstu vikum funda með Vegagerð ríkisins og samgönguyfirvöldum í Reykjavík og bera fram kvörtun yfir því að flutningafyrirtæki hafi gleymst við hönnun umferðarmannvirkja í borginni og nágrenni hennar.

Sumir vörubifreiðastjórar hafa nefnt veginn á leiðinni Reykjavík/Borgarnes sem versta vegarspotta landsins. Það er vegna hinna mörgu hringtorga á þeirri leið. Stórar vörubifreiðar með tengivagna eiga oft í stökustu vandræðum með að aka um þau án þess að taka yfir næstu akrein líka og sömuleiðis að sneiða fram hjá umferðareyjum án þess að keyra upp á þær. Einkum hafa menn áhyggjur af öryggismálunum því hætta er á að farmur falli af bílum við svona aðstæður. Göngubrýr eru líka þrándur í götu vöruflutningabíla. *- gun*




**Hér er GEHL-grafa Bergrisans við störf á lóð stúdentagarðanna í Hafnarfirði.**

# Ný smágrafa gerir sig gildandi á landinu

MHG verslun hefur hafið innflutning á Gehl-smágröfum.

Gehl-gröfur eru bandarískar og eru frá samnefndu fyrirtæki sem var stofnað árið 1859 og verður því 150 ára á næsta ári. Hilmar Árnason framkvæmdastjóri hjá MHG verslun sem er umboðsaðli fyrir Gehl hér á landi segir hinum nýju smágröfum hafa verið vel tekið og að margar fyrirspurnir hafi borist um þær. „Verðið virðist líka hagstætt miðað við verð á sambærilegum vélum hér á markaði," fullyrðir hann.

Hilmar segir fyrirtækið Bergrisann ehf. hafa fest kaup á fyrstu Gehl-vélinni og láti það vel af henni. Grafan flýti mikið fyrir og létti starfsmönnum Bergrisans vinnuna eins og vænta má. Nú ráði fyrirtækið líka við margslungnari verk en áður. *- gun*

**● FLEIRI HESTÖFL FRÁ ZETOR** Zetor kynnti nýja gerð af Forterra dráttarvél í febrúar síðastliðnum.

Á búvélasýningu í Louisville í Bandaríkjunum þann 13. febrúar kynnti dráttarvélaframleiðandinn Zetor nýja viðbót við Forterra-línuna, Forterra 13241. Þessi nýja vél er ein af þremur nýjum Forterra-gerðum, fjórhjóladrifin með 132 hestafla vél og hönnuð til að mæta hörðustu kröfum í nútíma búskap. Zetor leggur áherslu á sterkan undirvagn úr járni í allar gerðir véla sinna og er nýja vélin engin undantekning.

Meðal annars er stýrishúsið sérstaklega styrkt til að tryggja öryggi og stöðugleika.

Zetor er einn þekktasti dráttarvélaframleiðandi í Evrópu en fyrirtækið var stofnað fyrir rúmum sextíu árum. Vélarnar eru framleiddar í Brno í Tékklandi og eru í notkun á bóndabæjum í yfir hundrað löndum um allan heim.



# Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSER INDUSTRIE SERVISE

*Á gamla genginu!*



impex EHF

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is



**TUDOR - rafgeymaþjónusta**




mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla




SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30

Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir allar gerðir vinnuvéla

TUDOR

fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi



# Allar gerðir af kerrum

## Allir hlutir til kerrusmíða





**Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla**



VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Ottó segir að með notkun stýranlegra jarðbora við gatnamannvirkjagerð þurfi ekki lengur að bora heilu vegina í sundur með tilheyrandi óþægindum.



Rörhamarinn kom að góðum notum við ræsagerð fyrir ofan Nesjavallavirkjun.

# Rörhamarinn breytir miklu

**Línuborun ehf. sérhæfir sig í stýranlegum jarðborunum. Nýlega festi fyrirtækið kaup á stórum „rörhamri“ sem notaður var þegar reka þurfti rör undir hraunlagða veginn að Bláa lóninu.**

Með stýranlegum jarðborunum er hægt að bora undir götur, hús, ár eða vötn þegar lagnir fyrir rafmagn, vatn eða frárennsli eru lagðar í jörðu. Starfsemi Línuborunar ehf. byggir á kjarnborun, stýranlegri línuborun og steinsteypusögun. Nýleg viðbót í „verkfærakistu“ fyrirtækisins er svokallaður rörhamar sem er tveggja metra langur og um 50 sentímetrar í þvermál. Rörhamarinn er um 600 kíló á þyngd að viðbættum aukahlutum.

„Það þarf að huga að mörgu við notkun verkfærisins til að góður árangur náist og ekki fari illa,“ segir Ottó Gunnarsson hjá Línuborun ehf. „En rörið er lagt á jörðina og hamarinn festur á rörið með þar til gerðum búnaði. Loftpressan er sett í gang og rörið fer af stað.“

Að sögn Ottós var rörhamarinn notaður þegar rekið var 70 sentimetra rör undir veginn að Bláa lóninu, en þar fyrir er hraun. „Hamarinn er loftknúinn og er fyrir vikið umhverfisvænn,“ segir hann og bætir við að rörhamarinn hafi líka komið að góðum notum þegar fyrirtækið vann við ræsagerð fyrir Orkuveituna fyrir ofan Nesjavallavirkjun.

Ottó segir að Línuborun hyggi á frekari fjárfestingar á tækjum til þverunar á gatnamannvirkjum og til lagningu röra og strengja neðanjarðar. „En þegar unnið er við gatnamannvirki er krafan orðin sú að hvorki vegfarendur né íbúar í hverfum sem verið er að vinna í verði fyrir nokkrum óþægindum. Í febrúar síðastliðnum þegar fyrirtækið vann við að draga í rör fyrir nýjan rafstreng við Höfðabakkann í Reykjavík urðu vegfarendur lítið sem ekkert varir við framkvæmdirnar. Sú vinnuaðferð þegar stýranlegir jarðborar eru notaðir við gatnamannvirkjagerð hefur orðið til þess að ekki þarf lengur að bora heilu vegina í sundur með tilheyrandi óþægindum.“

Hér á landi hefur þessi vinnuaðferð við mannvirkjagerð, þar sem stýranlegir jarðborar eru notaðir, átt örlítið erfitt uppdráttar að sögn Ottós, þar sem hún hefur verið talin dýrari en hefðbundinn uppgröftur. Þegar allir þættir eru skoðaðir ofan í kjölinn vill Ottó þó meina að þessi nýja vinnuaðferð við mannvirkjaferð sé mun hagkvæmari og ekki síst umhverfisvænni í alla staði. *-vg*


Enn bætum við í blómlegan hóp



Gangsetning álversins við Reyðarfjörð er á lokastigi. Starfsmenn Fjarðaáls eru nú orðnir rúmlega 400 en engu að síður eru enn spennandi atvinnutækifæri í boði hjá fyrirtækinu.

Framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn
Enn eru í boði nokkur framtíðarstörf fyrir framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn.

Sumarstörf
Fjarðaál leitar einnig að duglegu fólki í fjölbreytt sumarstörf bæði í framleiðslu og á skrifstofu.

capacent RÁÐNINGAR
Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is
Alcoa Fjarðaál
ALCOA
ÍSLENSKA SIA.IS ALC 41721 03.2008



Hágæða vörur á góðu verði
auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka
NÝTT
NÝTT
VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA
aldrei að skafa
Webasto olíumiðstöðvar
Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!
Webasto
Feel the drive
Parlok vörubílabretti úr polyethylen
PARLOK
SV vörubílademparar
viðhaldsfríir - mjög sterkir
SV
Ryðfríir kassar
margar gerðir
frábært verð
NÝTT
Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum
NÝTT
Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330




JCB
Setur nýja staðla sem aðrir fylgja!
JCB er stærsti vinnuvéla framleiðandi heims í einkaeigu og hafa JCB vinnuvélar verið vinsælustu vinnuvélarnar á Íslandi s.l. 45 ár.
BELTAGRÖFUR
Ný lína 2,5 - 5,7 tonna ZTS véla!
AFKÖST
Til að komast á staðinn þar sem grafa á eða ýta á jarðvegi eru 27 - 46 hestafla mótorar.
ÞJÓNUSTA
Frábær aðkoma að mótor og öðru sem þarf að sinna reglubundið leiðir til styttri stopp tíma.
ÞÆGINDI
Rúmgott ökumannshús, skilvirk miðstöð og lúxus sæti tryggir stjórnandanum minni áreynslu og þreytu.
ZTS HÖNNUN
Vélarnar fara ekki út fyrir beltin og henta því vel í verk þar sem rými takmarkar vinnuaðstæður.
VÉLAVER HF
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER HF
1963 JCB 2008
45 ÁR Á ÍSLANDI


Loftpressur
Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is




Hringstigar
Weland hringstigarnir eru einföld og hagkvæm lausn.
SINDRI
Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði


# Jöklaferðir á vörubíl

**Græjubíllinn hjá Pegasus kemur við sögu í mörgum auglýsingum og kvikmyndum.**



Eiríkur Júlíusson hjá tækjaleigunni hjá kvikmyndafyrirtækinu Pegasus hefur farið víða um landið á vörubíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Við erum búin að eiga þennan bíl í tíu mánuði. Hann er af gerðinni Benz og er frá árinu 1992. Síðan erum við með lítinn sendlabíl sem er mest fyrir minniháttar snatt,“ segir Eiríkur Júlíusson sem starfar hjá tækjaleigu kvikmyndagerðarfyrirtækisins Pegasus.

Bíllinn er fluttur inn frá Þýskalandi og að sögn Eiríks var fenginn maður til að keyra bílinn alla leið. „Benzinn er með ákveðinn staðalbúnað af ljósa- og gripbúnaði. Síðan er bætt við og skipt um miðað við þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Hins vegar þurfum við aldrei að afferma allt og hlaða lengur. Það gat tekið um fimm tíma en í dag tekur þetta kannski tvo tíma og því mikill tímasparnaður,“ segir Eiríkur sem er oftast með rafstöð meðferðis við tökur og að sjálfsögðu bíl fyrir kvikmyndatökubúnaðinn.

„Önnur rafstöðin er 80 kw á kerru sem kemst nánast hvert sem er. Hin er 20 kw og hana höfum við tekið á vélsleða til að komast upp á jökla og fjöll í tökur,“ segir Eiríkur, sem er önnum kafinn við auglýsingar þessa dagana. „Við erum mest í auglýsingum, þó erum við einnig að fara í sjónvarpsseríu og kvikmynd á næstunni. Innlendu auglýsingar eru mestmegnis teknar innanbæjar, í heimahúsum og í stúdíói. Síðan erum við mikið í erlendum auglýsingum þessa dagana, sérstaklega þegar gengið er svona lágt. Þá vill fólk helst nota íslensku náttúruna,“ útskýrir Eiríkur sem hefur farið um fjöll og firnindi á tækjabílnum, nú síðast með kvikmyndagerðarfólki frá Kóreu.



Staðlaður ljósa- og gripbúnaður er að staðaldri í bílnum. Síðan er minni hlutum skipt út fyrir hvert verkefni hjá Pegasus.

„Síðustu helgi vorum við uppi við Fjallsárlón og fórum með bílinn alveg upp að. Flestar þessar ferðir hafa verið eftirminnilegar en þessi bíll er svo ungur að hann hefur ekki lent í neinum stórkostlegum ævintýrum enn sem komið er,“ segir Eiríkur -rh




Nú hefur N1 hafið sölu á Biodísel sem er lífrænt endurnýjanlegt eldsneyti, blandað í venjulega díselolíu. Biodísel er á sama verði og venjuleg díselolía en mengar mun minna og smyr bílinn betur.
Biódísel fæst á eftirtöldum þjónustustöðvum:
N1 Hringbraut í Reykjavík
N1 Skógarseli í Reykjavík
N1 Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði
N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR WWW.N1.IS



HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ



vísir.is
„...ég sá það á vísi“





Hliðslár
Sindri býður hliðslár frá Automatic Systems með GSM opnunarbúnaði!
Þú getur hringt í hliðið hvaðan sem er og opnað það.
SINDRI
Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði



Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið




# Afrétting og heflun ehf.

Sími 892-5905.
Guðmundur Böðvarsson

**● NÝ ÞJÓFAVÖRN**

Volvo Trucks hefur fjárfest í sérstökum þjófavarnarbúnaði fyrir flutningabíla.

Árlega er varningi fyrir margar milljónir króna stolið úr flutningabílum í Evrópu og hefur fer sú tala síhækkandi. Tap flutningafyrirtækjanna er mikið og ræningjarnir ógna að auki öryggi bílstjóranna.

Það er tæknifyrirtækið Datachassi í Jönköping í Svíþjóð sem hefur þróað og hannað þjófavarnarkerfi sem Volvo Trucks hefur ákveðið að setja í flutningabíla sína. Hugmynd Datachassi er að setja upp samtengda hreyfiskynjara sem tengdir eru móðurstöð á hliðar og gafla bílanna og tengivagninn. Ef farið er of nálægt bílunum senda skynjararnir merki til ökumannsins, til flutningafyrirtækisins og öryggisfyrirtækis.

Hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eru miklar vonir bundnar við þennan búnað enda um þrjár milljónir flutningabíla á ferðinni um Evrópu. Fleiri flutningabílaframleiðendur hafa sýnt nýja búnaðinum áhuga.



# Heitt og kalt gerir gott svell

**Skautahöllin í Laugardal nýtur sífelldra vinsælda á meðal höfuðborgarbúa en ýmsum aðferðum er þar beitt til að halda skautasvellinu sléttu, meðal annars með notkun íshefils af gerðinni Olympia.**

Við fyrstu sýn kunna ísheflar að virðast sáraeinföld tæki. Nánari athugun leiðir hið gagnstæða í ljós þar sem þeir eru búnir flóknum búnaði, sem þjónar þeim tilgangi að skilja eftir sig glansandi, sléttan ís, eins og blaðamaður komst að raun um í samtali við Hilmar Björnsson, framkvæmdastjóra Skautahallarinnar í Laugardal.

„Það sem gerist þegar hefillinn fer yfir er að beitt blað fer niður sem skefur yfirborð íssins, en við aukum og minnkum þrýstinginn eftir því hvað við viljum að hann skafi djúpt ofan í skautaförin,“ segir Hilmar. „Annað blað er fyrir aftan það blað sem skefur þetta lausa sem hefur safnast á yfirborðið, en þar er snigill sem tekur upp skafið og færir í kassa á heflinum sem síðan er sturtað úr.“

Hefillinn leggur um leið nýtt lag af ís um leið og hann skefur, að sögn Hilmars. „Síðan eru tveir vatnstankar; annar með heitu vatni en hinn með köldu sem er blandað saman og dregið yfir ísinn í þunnu lagi með þvöru. Blöndunin á heita og kalda vatninu verður til þess að nýja íshimnan samlagast og festist vel á yfirborði íssins sem fyrir er.“

Íshefillinn sem hefur þjónað Skautahöllinni undanfarin ár er af gerðinni Olympia, sem er kanadískt merki, og drifinn af própangasi. „Það hlýst alltaf örlítil mengun af völdum íshefilsins,“ segir Hilmar og bætir við að á móti sé vel ræst út. „Þess má geta að hefillinn var í upphafi keyptur hingað sem útihefill, vegna þess að svellið var útisvell sem síðan var byggt yfir.“




**Íshefillinn sem hefur þjónað Skautahöllinni í Laugardal undanfarin ár er af gerðinni Olympia, sem er kanadískt merki, og er drifinn áfram af própangasi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hilmar segir að nýr hefill verði brátt keyptur og þarf þá að ákveða hvort það verði rafmagnshefill, própangashefill eða náttúrugashefill. „Plúsinn við gasið er að það má hefla endalaust. Það er hagstætt þegar byrjað er að leggja ísinn eftir sumarið,“ útskýrir hann. „Þá erum við að fara upp undir nokkur hundruð ferðir yfir ísinn til að byggja hann upp á tveim til þremur sólarhringum. Rafmagnshefil þarf alltaf að hlaða á milli.“

Hilmar segir að þrír sentímetrar séu tilvalin þykkt á svelli. Þykkara svell krefjist meiri orkunotkunar. Í dag þurfi starfsmenn Skautahallarinnar að mæla þykktina handvirkt, en með nýjum hefli heyri það fyrirkomulag sögunni til. „Þá kemur viðbótarútbúnaður, það er leysigeisli, sem stýrir hversu djúpt hefillinn sker. Þá verður svellið í Laugardalnum alltaf rennislétt,“ segir hann. - *nrg*




VÉLFANG
VERKIN TALA
TEREX
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is






# Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

ÍSLAND Í DAG

Skýrari sýn á það helsta sem er að gerast á Íslandi

**Þú horfir á Ísland í dag þegar þér hentar á visir.is.** Ísland í dag er fréttatengdur þáttur þar sem lifandi þjóðfélagsumræða fer fram alla virka daga. Svanhildur Hólm, Inga Lind Karlsdóttir, Sölvi Tryggvason og Þorfinnur Ómarsson standa vaktina og varpa nýju og skýrara ljósi á allt það helsta sem gerst hefur á Íslandi í dag.

vísir.is

...ég sá það á visir.is



SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · GLUGGAR · HURÐIR · GLER · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU

565 0000



LENGDU SUMARIÐ ...

Glerborg PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

GLERBORG PGV
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 | Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 | Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson

Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

**RafList**

**Löggildir rafverktakar**

**Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**

**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

**www.raflist.is**

## Trésmíði

**E. Sigurðsson ehf**

**Húsfélag, einstaklingar og fyrirtæki! Get bætt við mig smíðaverkefnum.**

**Uppl. í s. 691 8842.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplýsingar í síma 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartimi er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.

**Kvenfatalager til sölu**

Um er að ræða nýlegan danskan fatnað í stærðum 38 til 58. Selst á mjög góðu verði. Upplýsingar í síma 565 3900.

**Bílalyfta**

4 pósta 3ja tonna bílalyfta til sölu. Gott verð, Uppl. í S. 897 8254.

**Tilvalið fyrir veitingastað**

Pizzaofn og pizzabakkar til sölu. Uppl. í s. 862 5460.

**Orlando, Florida**

Einbýlishús til leigu. Uppl. í s. 862 5460 bennjoku@khi.is.

Hágæða Hanak innréttingar til sölu. Fást á mjög góðu verði. Málningarvinna fritt með. S. 697 4008.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa 300 L hitakút. S. 845 9120.

## Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykrja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til byggingа

**Krossviður til sölu**

Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.545 kr/m2, timbur 1x6 & 2x4, uppl. 840 7273 og á ulfurinn.is

## Verslun

Rakavarnar- og byggingaplast



Rakaþolplast, verð aðeins 7.490 kr. pr. 100m² rúlla. Vottuð vara!

MÚRBÚÐIN

-Afsláttur eða gott verð?

XXX DVD

Besta verðið!! Nýjar myndir frá USA á aðeins 2950.-kr

DVD

Leiga kr 650,-

Grensásvideo.is

Grensásvegi 24

S. 568 6635

Opið frá kl. 15-23.30

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is



**Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - clean 9 - lifestyle 30**

Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. Nánari uppl. inná www.4ever.is




Villtu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**

**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**

**Líkamsskrúbbun - pottur (fritt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**

**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.**

**Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**

**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Líkamsrækt

Óska eftir 4 handlóðapörum. 10-15-20-25 kg. Vantar líka lyftingabekk fyrir handl. Uppl. h. Gunnari í s. 8615777

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Ýmsar nuddmeðferðir á góðu verði. Nálastungur Íslands ehf. Heilsuverndarstöðin, barónsstíg 47, Sími 458 9400.

Ekta líkamsnudd (BODYTOBODY) Láttu það eftir þér, þú átt það skilið. Nánari uppl. í síma 848 6255. Opið frá 11-21 þriðjud - laugard.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**

**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**

**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/linafina

Gullfallegir hreinræktaðir Papilon hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091.

Ungverskur Vizsla, hvolpar til sölu. upplýsingar í s. 691 5034. vizsla.blog.is

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**

**30 ára afmælistilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest ein-angruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. 13 ára reynsla á Íslandi. Eigum örfáa potta eftir á gamla genginu.**

**Opið alla daga frá 09 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

Nýtt young chang píanó til sölu. Hæð 110 cm. breidd 142 cm. Kostaði nýtt 230 þús. tilboð óskast. Uppl. í S. 616 2101.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Tökumúll kr. 1.889 kr. Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

Ístölt

Ístölt 2008 verður í Skautahöllinni 5. apríl. Bestu knaparnir og hestarnir mæta!!! En þú?

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

Rentus

LEIGUMIÐLUN

Viltu leigja út eign? Viltu leigja eign?

Leiga.is

Löggild leigumiðlun

Tryggðu öryggi þitt

Leiga.is sér um leiguráðgjöf, mat á leigendum, gerð leigusamninga og trygginga.

sími 534-1024

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Hús og íbúðir til leigu á Spáni. Erum á Costa Blanca ströndinni,rétt suður af Torrevieja. Mikið úrval og frábært verð. Allar uppl. í síma 0034-617 559 726 og á lindhouses@lindhouses.is

Til leigu 2ja herbergja snyrtileg og björt íbúð við Reynimel (107). Leiga 120 þús á mán. Bankaábyrgð sem svarar 3ja mánaða leigu. Aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188

3.herb.íbúð til leigu í miðbænum m/ húsgögnum. 2 svefnh.og stofa.Mjög snyrtil.5680021og8693079

Glæsileg og nýleg 63fm 2ja herb íbúð til leigu á 2. hæð með læstum bílakj í Þverholti. Verð 136þ. Laus 1. apr. Netfang: grj2@hi.is

Til leigu 2 & 3 herb. íbúðir í nýju 6 íbúða húsi í Garðinum. Íbúðirnar eru allar með sérinngangi og eru lausar nú þegar. Uppl. í s. 587 1188 & leigufelagid@verkvik.is

Ný 109 fm 4 herb. íbúð í Norðlingaholti pnr. 110. Laus strax. Leiga 168 þ. á mán. Hússj. og hiti innifalið. Trygging óskast. S. 659 7822.

**Leiguliðar Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsa Notaðar og nýjar íbúðir til umsóknar. www.leiguli-dar.is eða 517-3440.

Einbýlishús til leigu í Grindavík 160 fm. bílskúr fylgir ekki með. Laus 01.04.2008. Leiga 120.000. Hiti og rafmagn innifalið. Uppl. í s. 846 7200.

## Húsnæði óskast

Bræður utan af landi óska eftir 3ja herb. íbúð í langtímaleigu. Greiðslugeta 100-130 þ. á mán. Helst á sv. 105 & 108. Uppl. í s. 691 6673.

2 lattneskir menn leita að íbúð með 2 svefniherbergjum í reykjavík. Uppl. í S. 844 6305.

28 ára gömul snyrtileg kona óskar eftir kósí íbúð eða einstakl m aðstöðu, fyrirframgr og meðmæli ef óskað er. Hrefna. S: 861-7487

# TIL SÖLU

Besta lausn fyrir þröng rými.

Addco ehf

S. 586 9010

eða á

addco@addco.is




# TIL SÖLU




Verð 13,421 með vsk



9 stk skralllyklar í tösku

LOGEY EHF

Mikið úrval verkfæra

Sími 511 2055

Vesturvör 7 - Kópavogi

Opið frá 8 - 18

laugardaga frá 10 - 16

logey@logey.is

www.logey.is

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðiráðgjöf • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

## Ársfundur Veiðimálastofnunar 2008 og málþing um stöðu stórlax á Íslandi

haldið af Veiðimálastofnun og Landssambandi stangveiðifélaga

Fimmtudaginn 27. mars 2008
Hótel Loftleiðum
Bíósal

**Ársfundur Veiðimálastofnunar**

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 16:00 | Fundur settur. |
| 16:05 | Ávarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra<br>Einar K. Guðfinnsson |
| 16:15 | Yfirlit um starfsemi Veiðimálastofnunar.<br>Sigurður Guðjónsson |
| 16:30 | Veiðin 2007 og veiðihorfur sumarið 2008.<br>Guðni Guðbergsson |
| 16:45 | Umræður og fyrirspurnir |
| 16:55 | Fundarhlé |

**Málþing um stöðu stórlax í íslenskum ám**

| | |
|---|---|
| 17:05 | Staða stórlaxastofna í íslenskum ám<br>Sigurður Guðjónsson og Guðni Guðbergsson<br>Veiðimálastofnun |
| 17:25 | Stjórnun laxveiða á Íslandi- aðkoma stjórnsýslu<br>Árni Ísaksson, Matvælastofnun |
| 17:35 | Hvað þarf að gera til að viðhalda stórlaxi á Íslandi ?<br>Viðhorf nokkurra manna úr veiðigeiranum.<br>Óðinn Sigþórsson, Orri Vigfússon, Hilmar Hansson |
| 17:50 | Umræður |
| 18:30 | Fundarlok |

Fundarstjóri: Ingólfur Þorbjörnsson formaður Landssambands stangveiðifélaga

**Allt áhugafólk er velkomið á fundinn**

Fyrirtæki óskar eftir að taka á leigu fyrir starfsmenn stúdíó eða 2-3 herbergja íbúð sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu, öruggar greiðslur. Greiðslugeta ca. 100 þús. á mán. Uppl. í s. 661 2000.

Óska eftir íbúð Rvk. er einn, er ísl. reglusamur. Öruggum greiðslum heitið. S. 857 2690.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu mjög gott skrifstofuherbergi í Ármúla. Góð sameiginleg aðstaða. Allur sameiginlegur kostnaður innifalinn. Laust strax. Uppl. í síma 690 3650.

## Geymsluhúsnæði

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bettís Kópavogi & Garðabæ**
**Starfsfólk óskast á dagvaktir. Einnig óskast starfsfólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 899 8212.**

**POTRZFBNI PRACOWNICY**
**KIEROWCY KAT. C+E.**
**OPERATORZY KOPAREK**
**PRACOWNICY FIZYCZWI**
**PRACODAWCA ZAPEWNIA**
**PTUGOLETNI KONTRAKT**
**WYGOKIE ZAROBKI**
**TEL 861 9122**

N1

**Þjónustustöð**
N1 óskar eftir lífsglöðu, hressu og áreiðanlegu starfsfólki til starfa á þjónustustöð félagsins í Lækjargötu Hafnarfirði. Um ræðir almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. Nánari upplýsingar veitir Kristján Rósinkransson í síma 660 3252. Áhugasamir sæki um á www.n1.is

**Hjá Jóa Fel Holtagörðum og Smáralind**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum og einnig vantar á kaffihúsið okkar í Smáralind. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Hulda í síma 695 2933. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum fullt starf. Góð laun í boði. Ekki væri verra að tala smá íslensku. Uppl. gefur Berglind 899 1965 Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300 eða á staðnum.**

LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 / www.lodur.is

Bílaþvottastöðin Löður leitar að starfskrafti á starfsstöð sína að Bæjarlind í Kópavoginum. Um er að ræða fullt starf og að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Bílpróf skilyrði. Áhugasamir hafið samband við Róbert GSM: 898-7600.

**Virt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar eftir hressum starfskrafti til ýmissa skrifstofustarfa, allt frá umsjón með kaffistofu til innskráningar viðskiptasamninga í tölvukerfi fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að búa yfir ágætri tölvuþekkingu, hafa bílpróf og geta hafið störf sem fyrst.**
**Áhugasamir geta leitað upplýsinga í síma 660 5505 á skrifstofutíma.**

**Starfsfólk óskast**
Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Barðinn - Skútuvogi 2 - Sími 568 3080.

Óskum eftir að ráða duglegan og reglusaman starfskraft í skemmtileg útistörf. Upplýsingar í síma 898 9993, bjarni@laptop.is, www.verktakar.com

**Rizzo Pizzeria.**
Hresst og skemmtilegt fólk óskast í vinnu. Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Bakarar, afgreiðsla og sal. Hress og skemmtilegur vinnustaður. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Uppl. fást á Rizzo Grensásvegi og Bæjarlind. Íslenskukunnátta æskileg.

Heimakynningar! Erum að markaðsetja nýja mjög eftirsótta þjónustu á Íslandi. Mjög góð þóknun. Uppl. 6607707

Óskum eftir traustum einstaklingi á aldrinum 25-40 ára í sölumensku, útkeyrslu og fleira, á milli 08-17. Uppl. í s. 565 7744 milli 16 & 17. Ökuréttindi og íslenskukunnátta skilyrði.

**Hlutastarf**
Óskum eftir starfsmanni virka daga í móttöku í efnalaug, þæginleg vinna sem hentar fólki á öllum aldri. S. 564 6871 & 896 8171.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

**Aðstoðarmaður í Blikksmiðju!**
Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

**Bar/ skemmtistaður**
Óskar eftir starfsfólki í fulla vinnu og vaktavinnu. Áhugsamir hafi samband í síma 697 8333 & 848 4924.

Potrzebujemy kobiety do pracy (filetowanie). Zapewniamy zakwaterowanie. Blizsze informacje pod nr tel. 567 7040/ 899 3199.

Annan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna dragnótabát sem gerður er út frá suðurnesjum. S. 853 2999 & 845 3480.

Gröfumaður óskast. Uppl. gefur Gísli í s. 698 5222.

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Giftingahringur með áletruninni „þín Silla" glataðist um páskahelgina, fundarlaun í boði. S. 866 2020.

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

## Lækjarmelur - Iðnaðarhúsnæði




**Glæsilegt, fullklárað 223,2 fm iðnaðarhúsnæði í nýju húsi vel staðsettu rétt fyrir utan Mosfellsbæ.** Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Neðri salurinn er skráður 148,2 fm og sérstyrkt 75 fm milliloftið. Á neðri hæðinni er salerni og í salnum er innrétting með vaski. Lofthæðin er milli 6 og 7 m og eru innkeyrlsudyrnar 4,5 m háar og 3,6 m breiðar. Malbikuð lóð er í kring um húsið.
**Verð 35,9 millj.** (5169)

*Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.*

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**AÐALFUNDUR SFR**

Aðalfundur SFR verður haldinn laugardaginn 29. mars, kl. 13.
Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu

## TILKYNNINGAR

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2006/2007**

Fiskistofa auglýsir að nýju eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir

**Þingeyri**

Um úthlutunarreglur í ofangreindu byggðalagi vísast til reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007, með síðari breytingum, auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalagi sbr. auglýsingar nr. 279/2008 sem byrt hefur verið í Stjórnartíðindum. Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2008.

Fiskistofa, 25. mars 2008.

Fiskistofa
**www.fiskistofa.is**
Dalshrauni 1 – 220 Hafnarfjörður
Sími: 569 7900 - Fax: 569 7991

## TILKYNNINGAR



Terr Fjarskipti sjá um leigu á tetra talstöðvum á íslandi

Terr Fjarskipti býður fyrirtækjum, hópum og einstaklingum leigu á tetra talstöðvum. Tetra talstöðvar eru langdrægar talstöðvar sem hafa dreifikerfi um land allt.

Terr
Terr Fjarskipti
Stefán L. s. 846 2608
Ólafur Garðar s. 867 9067
terr@terr.is

## Strandvegur - Glæsileg íbúð.




Stórglæsil. 125,7 fm íb. á 1.hæð í nýl. vönduðu húsi. Stæði í bílageymslu. 3 svefnherb. og rúmgóðar stofur. Suðursvalir. Sérþvottahús. Vandaðar innréttingar. Hús byggt af Gunnari og Gylfa. Sölumenn sýna eignina.

## Selvað 1-5. Norðlingaholti



Fyrstu íbúðir til afh. fljótl. Allt að 95 % lánamöguleikar. Nýjar glæsilegar 2ja - 4ra herb. íbúðir í 36 íb. lyftuhúsi með þremur stigagöngum ásamt bílsk. á fráb. stað. Íb. sem eru mjög velskipul. afh. fullb. án gólfefna og án flísa á baðherb. Stórar svalir með íb. Keyptu íbúð og greiddu minna á mán en í leigu. Leitið upplýs. og bókið skoðun hjá sölumönnum okkar. Útborgun möguleg frá 1,3 millj. 7591

NÝTT **Nýjar íbúðir í Vindakór og Tröllakór sem möguleiki er á að fáist á svipuðum kjörum.**




**Háhæð Garðabæ m. aukaíbúð.** Fallegt 206 fm einbýli á einni hæð. Frábært skipulag. Glæsilegt útsýni. 30 fm. aukaíb. m.sérinngangi. Góðir sólpallar. Leiga á aukaíbúð getur borgað af stórum hluta lána!. V.69 m. Leitið upplýsinga. 8388




**Stórikriki - Mos. Skipti möguleg á ód.eign.** Glæsilegt mjög velskipulagt einbýli á einni hæð m. innb. bílskúr samt. 280,5 fm og þar af er bílskúrinn 39 fm. Afh. fullb. að utan og rúml. fokh. að innan. Skipti mögul. á ód.eign. V. 49,0 m. eða tilboð. 8399




**Hamrakór- til afh. fljótl. skipti mögul. á ód.eign.** Glæsileg mjög velskipul. hús á 2. hæðum á fráb. stað í Kórahverfi. Húsin eru til afh. fljótl. tilb. til innr. sandsp. og máluð. Fullb. að utan m. grófj.lóð. Tvöf. bílskúr 41,2 fm. Hús 187,3 fm, samt. 228,5 fm. Skipti mögul. á ódýrari eign. V. 51.0 millj. e./tilboð 4677




**Hraunprýði - Garðab. Skipti mögul. á ód. eign.** Glæsileg raðhús á einni hæð frá 263-318 fm að stærð. Húsin afh. fullb. að utan, sléttpússuð og máluð m. grófjafn. lóð. Að innan verða húsin rúmlega fokheld. Frábær staðsetn. Skipti möguleg á ódýrari eign. V. frá 58,0-63 millj./e. tilboð. 8401




**Rjúpnahæð - Garðabæ. Hús m. 3 íbúðum. Skipti á ód. mögul.** Glæsilegt ca 300 fm einb. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Rúmgóður innb. bilskúr. Mjög góð aðkoma. Tvær ca 40 fm íbúðir á neðri hæð. Glæsilegur garður. Góðar verandir, heitur pottur. V. 87,0 millj. /tilboð Skipti mögul. á ód. eign. 7856




**Glæsilegt 282,8 fm einbýli við Kleifakór** Höfum tekið í sölu vel staðsett og skemmtil. skipul. einbýlishús við Kleifakór í Kópavogi. Húsinu er skilað fokh. að innan og tilb. að utan, með grófjafn. lóð. Teikn. gerir ráð fyrir tveimur herb. uppi og þremur niðri. Tvær stofur og eldhús uppi ásamt 34fm svölum. Bílskúrinn er 30,6 fm. Verð 57,5 millj. 8395




**Raðhús við Tunguveg** Valhöll kynnir mikið endurnýjað raðhús við Tunguveg í Reykjavík. Efri hæð skiptist í 3-herb. og baðh., á neðri hæð eru eldhús og stofur sem hafa verið mikið opnaðar og uppgerðar. Í kjallara er sjónvarpsrými, þv.hús og herb. Eign sem vert er að skoða. Verð 35,9 milj. 8384



**Stekkjarflöt Glæsilegt einbýli.** Glæsilegt einbýli vel staðsett um 210 fm. á einni hæð 4. svefnh. Góðar stofur og nýleg sólstofa. Allar innréttingar gólfefni rafmagn þak bílaplan nýlega endurnýjað mjög gott skipulag. Frábær staðsetning. V. 67. mkr. 8378



**Glæsilegt parhús í Fossvogi** Stórglæsilegt 260 fm parhús á 2 hæðum, með innb. bílskúr, við Aðalland í Fossvogi. Um er að ræða vandað 2ja hæða hús með 4-5 svefnh. Húsið er í góðu ástandi og hefur fengið gott viðhald. Fallegur og gróinn garður, upphituð bílastæði. Húsið er laust við kaupsamning og sýnist í samráði við sölumenn. Óskað er eftir tilboðum í eignina. 8272

**Laxalind - Glæsilegt parhús. Skipti mögul. á ód.eign.** Í einkasölu glæsil. fullb. ca 210 fm hús á mjög góðum útsýnisstað. 4 svefnh. Fráb. skipul. Rúmg. stofur, glæsil. sérmíð. innrétt. , granít og vönduð tæki, Glæsil. mjög velhannað hús. V. 69,8 m. 8247

**Þetta er sýnishorn úr söluskrá okkar og allar okkar eignir á Mbl.is og Valholl.is. Í mörgum tilfella eru seljendur tilbúnir að taka ódýrari eign uppí kaupverð.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
**Síðumúla 27 – Sími 588 4477**
*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*

# Bókstaflegar þrengingar

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál


SKAFTI JÓNSSON

Meira en milljarður manna í heiminum þarf að láta sér duga innan við einn Bandaríkjadollara á dag. Meðalmaðurinn hér í Malaví þarf að gera sér að góðu hálfan dollara á dag – tæpar eitt þúsund íslenskar krónur á mánuði. Samt er mannlífið í Malaví blómlegt þegar sæmilega árar og flestir una glaðir við sitt – bera sig bara nokkuð vel. En þegar uppskera dugir ekki, eins og æ oftar gerist, líður fólkið í þorpunum neyð, sem er þyngri en tárum taki.

Malaví er eitt af þéttbýlustu löndum Afríku. Íbúarnir eru á fjórtándu milljón í landluktu ríki sem er aðeins stærra en Ísland. Gjöfult og ægifagurt Malavívatnið þekur rúman fimmtung flatarmálsins. Í lok nýlendutímans á sjöunda áratugnum voru Malavar 4 milljónir. Atvinnuhættir hafa ekki breyst í takt við fjölgun fólksins. Það er stóri vandinn.

**Stuttur kafli í sögunni**

Á Malavívatni er róið til fiskjar á eintrjáningum, sem hafa verið eins í þúsundir ára. Æ fleiri munna þarf að metta með aflanum úr vatninu, sem var næstum óbrigðult forðabúr til skamms tíma. Sama á við um landið. Smábændur áttu áður tveggja til þriggja hektara spildu. Nú þurfa þeir að láta sér nægja hálfan hektara til að brauðfæða sig og sína.

Þó að annálar greini frá uppskerubresti og hallæri á árum áður heyrði slíkt til undantekninga. Malavar höfðu yfirleitt nóg að bíta og brenna. En þegar fólksfjölgunin fór úr böndunum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar, sumpart vegna straums flóttafólks frá stríðshrjáðu grannríkinu Mósambík, fór að síga á ógæfuhliðina.

Engan skyldi undra þótt fólk, sem í þúsundir ára hefur kunnað sæmilega tryggar aðferðir til að brauðfæða sig, þurfi tíma til að ná fótfestu í gerbreyttum veruleika. Aldarfjórðungur er ekki langur tími í atvinnusögu þjóðar. Og þegar peningar eru ekki til er hægara sagt en gert að innleiða skjótvirka nýbreytni í atvinnumálum. Innfluttar vörur og innflutt þjónusta kosta himinháar fjárhæðir. Fólki eru allar bjargir bannaðar – er fast í gildru.

**Einfalt reikningsdæmi**

Glöggur smábóndi með þúsund krónur á mánuði veit að hann getur ekki eignast innflutta dráttarvél fyrir sjálfsaflafé. Það reiknar hann í huganum. Dráttarvél af ódýrustu gerð kostar árslaun meira en hundrað smábænda. Svo hrökkva laun hvers bónda um sig í heilt ár varla til að fylla tankinn af olíu. Ekki dugir bóndanum því, að öðru óbreyttu, að fá dráttarvélina að gjöf – nema gefandinn sé svo örlátur að rekstrarfé fylgi, þar til fjárfestingin hefur losað hann úr gildrunni.

Það er tómt mál að tala um forsjálni, sparnað og fjárfestingu þegar peningar eru ekki til og engar eignir til að veðsetja. Ráðagerðir um kaup og rekstur búvéla án fjárhagsaðstoðar á smábændafundi í Malaví eru álíka raunsæjar og tal um kaup á geimskipi á félagsfundi um stjörnuskoðun í menntaskóla. Hvort tveggja er út í bláinn.

Örbirgðin í Malaví veldur því, að ríkið fær litlar tekjur. Hið opinbera er því óttalegur væskill. Um það og bóndann gilda sömu lögmál. Það er hvorki svigrúm fyrir framsýni né stórhug. Því glatast gjarnan þær litlu fjárfestingar, sem ráðist er í. Mikið er til dæmis lagt í menntun lækna. En malavískir læknar eru eftirsóttir í Bretlandi, Bandaríkjunum og Suður-Afríku. Þar eru laun svimandi há á malavísku vísu. Enda hverfa níu af hverjum tíu læknum úr landi á vit betri lífskjara. Afleiðingin í Malaví er einn læknir á hverja fimmtíu þúsund íbúa, sem samsvarar sex læknum á öllu Íslandi. Tölur um hjúkrunarfræðinga endurspegla sama veruleika.

Það eru ekki bara kjörin sem lokka. Málið er ekki svo einfalt. Þess vegna er ekki hægt að átelja ríkar þjóðir, sem bjóða menntuðu fólki góð kjör. Tækifæri til að þroskast í starfi hanga nefnilega á spýtunni líka. Á malavískum spítala er sjaldnast að finna þau tæki og tól, sem læknir þarf til að nýta menntun sína og halda henni við. Enda kostar lítið röntgentæki meira en árslaun allra starfsmanna sjúkrahúss, sem sinnir tugum þúsunda. Ef tækið bilar getur verðmiðinn á varahlutnum sýnt verðgildi margra mánaða lyfjabirgða. Tækið góða nýtist því engum ef rekstrarfé er ekki tryggt. Það verður í besta falli minnisvarði um góðan ásetning gefanda, sem tók skakkan pól í hæðina.

**Lýsing prófessorsins**

Þorvaldur Gylfason prófessor lýsir svona stöðu í nýlegri grein í þessu blaði: „Fátækustu lönd í heiminum standa við stiga, sem hangir yfir höfðum þeirra og þau ná ekki upp í neðsta þrepið og sökkva því smám saman dýpra og dýpra í gljúpa jörð. Þau síga vegna þess að fólkið lifir bókstaflega frá hendinni til munnsins.“ Hann lýkur grein sinni með því að benda á hið augljósa: „Þetta fólk þarf hjálp til þess að ná upp í neðsta þrep stigans, og þá getur það klifrað upp af sjálfsdáðum. Það þarf hjálp til sjálfshjálpar. Það er áskorun til okkar allra.“ Hef engu við lokaorð prófessorsins að bæta.

*Höfundur er umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví.*




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 1. apríl

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 2. apríl

Einelti á vinnustað: Forvarnir og viðbrögð
haldið 3. apríl

Framvirkir samningar
haldið 7. apríl

Nýir stjórnendur
hefst 8. apríl

Vextir og skuldabréf
haldið 8. apríl

Breytingastjórnun og menning vinnustaða
hefst 8. apríl

Verkefnastjórnun I: Undirbúningur og áætlanagerð - grundvallaratriði
hefst 8. apríl

Skiptasamningar
haldið 14. apríl

Gæðasala
hefst 15. apríl

Prince2: Projects In Controlled Environments
hefst 21. apríl

Þjónustugæði og þjónustumælingar
hefst 22. apríl

Listin að selja hugmyndir og ráðgjöf
haldið 22. apríl

Innri gæðaúttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
hefst 6. maí

MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Mannlíf og menning í Barcelona
hefst 1. apríl

Spænska II
hefst 1. apríl

Jarðfræði og jarðsaga Íslands
hefst 14. apríl

Að skrifa góða grein
hefst 16. apríl

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**QUENTIN TARANTINO KVIKMYNDALEIKSTJÓRI ER 45 ÁRA.**

*„Ég hef alltaf litið á mig sem kvikmyndagerðarmann sem skrifar hluti til að hafa eitthvað að gera.“*

***Quentin Tarantino hefur meðal annars sent frá sér kvikmyndirnar Pulp Fiction, Kill Bill og Reservoir Dogs.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27 MARS 1980

## *Stórslys á borpalli í Norðursjó*



Alexander Kielland-olíuborpallurinn var nefndur eftir norskum rithöfundi. Olíuborpallurinn var í 320 kílómetra fjarlægð út frá strönd Skotlands og á honum hafði verið unnið í fjörutíu mánuði alls þegar slysið varð.

Tuttugasta og sjöunda mars var veður vont í námunda við borpallurinn r og öldur náðu tólf metra hæð. Um tvö hundruð manns voru ekki á vakt klukkan 18.30 þegar sex akkeriskaplar slitnuðu og borpallurinn hallaðist um þrjátíu gráður. Pallinum hélt nú aðeins eitt akkeri.

Klukkan 18.53 slitnaði síðasti akkeriskapallinn og hluta af borpallinum hvolfdi. Í þeim hluta voru um hundrað og þrjátíu manns.

Af tvö hundruð og tólf starfsmönnum borpallsins létust hundrað tuttugu og þrír. Slysið er það stærsta sinnar tegundar í norskri sögu.

**MERKISATBURÐIR**

- **1652** Karl I krýndur konungur Englands og Skotlands.
- **1884** Fyrsta langlínusímtal sögunnar átti sér stað þegar hringt var á milli New York og Boston.
- **1943** Breski togarinn War Grey var staðinn að ólöglegum veiðum við Stafnes. Togarinn stöðvaði ekki fyrr en varðskipið Ægir hafði skotið að honum 30 skotum.
- **1958** Nikíta Krústsjev var formlega gerður að forseta Sovétríkjanna.
- **1963** Mikill jarðskjálfti, um 7 stig, átti upptök norður af mynni Skagafjarðar. Fólk flúði hús sín.
- **1968** Rússneski geimfarinn Júrí Gagarín ferst í flugslysi.



## 70 ára afmæli

**Baldvin Jóhannsson**

varð sjötugur hinn 24. mars sl. Af því tilefni tekur hann á móti gestum í golfskála Keilis föstudaginn 28. mars nk. kl. 18.00.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Kristinsson**

frá Höfða, Stórasvæði 4, Grenivík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi hinn 20. mars sl. Útför verður auglýst síðar.

**Elísa Friðrika Ingólfsdóttir**
**Heimir Ásgeirsson** **Ólöf Bryndís Hjartardóttir**
**Ingólfur Kristinn Ásgeirsson** **Álfheiður Karlsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÆKKANDI OLÍUVERÐ** Öll sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum, segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims hf.

**SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKIÐ BRIM HF:** HEFUR VERIÐ STARFANDI Í TÍU ÁR

# Með starfsemi um allt land

Sjávarútvegsfyrirtækið Brims hf. fagnar nú tíu ára starfsafmæli. Brim hf. er eitt af stærstu og framsæknustu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi í dag og hefur Guðmundur Kristjánsson verið forstjóri frá upphafi.

„Brim veiðir og vinnur um allt land. Við erum með ferskan og frystan fisk og höfum verið að sjá aukningu þar. Enda neytendur í auknum mæli að gera kröfur um meiri og betri gæði,“ útskýrir Guðmundur sem segir fyrirtækið gera út sex skip á Íslandi, flest skráð í Reykjavík, þar sem höfuðstöðvarnar eru. Auk þess eru fiskvinnslur á Akureyri og Grenivík. Dótturfyrirtæki Brims, Laugafiskur hf. sér síðan um fiskþurrkun á Laugum í Þingeyjarsýslu og á Akranesi.

„Stefna fyrirtækisins er að skila arðbærum rekstri. Forsenda þess er gott starfsfólk, skynsamleg nýting auðlinda á hverjum tíma og aðgangur að fjármagni,“ segir Guðmundur. „Starfsmenn eru um 300, þar af tæplega 200 sjómenn sem búsettir eru um allt land. Því má segja að starfsmenn fyrirtækisins komi víða að.“

Við stofnun árið 1998 var Brim með einn bát í rekstri, á einum stað. Síðan hefur sú breyting orðið að fyrirtækið teygir anga sína um allt land í formi fiskvinnslu og útgerðar. „Ástæðan fyrir þess stækkuninni er kvóti á flestöllum fisktegundum og því er nauðsynlegt að fjárfesta í aflaheimildum ef útgerðarfyrirtæki á að stækka. Á síðustu árum höfum við keypt aflaheimildir, auk þess höfum við keypt sjávarútvegsfyrirtæki en þetta eru fjárfestingar sem liggja ekki á lausu,“ útskýrir Guðmundur.

Fram undan er aðlögun gagnvart olíuverði sem hefur gríðarleg áhrif á starfsemi eins og sjávarútveg. Einnig hefur fyrirtækið verið að aðlagast þeirri miklu skerðingu sem átt hefur sér stað á þorskkvótanum. Brim hf. hefur legið undir gagnrýni eins og önnur sjávarútvegsfyrirtæki fyrir að færa kvóta úr byggðarlögum. „Sú umræða er mjög yfirborðskennd vegna þess að stjórnmálamenn halda að þeir geti komist upp með það að skera veiðiheimildir niður og það komi hvergi fram. Svo er það sjávarútvegurinn sem á að hagræða og endurskipuleggja og takast á við nýja tíma. Samt á hann að vera fastur í fjötrum fortíðarinnar,“ segir Guðmundur og bendir á að þegar kvótakerfið var sett á árið 1984 þá var ekki rétt byggðamynstur í landinu.

„Byggðin og landið er alltaf í þróun og því mun kvótinn flæða á milli landshluta. Þannig verða framfarir og þannig er þróunin. Því má ekki gagnrýna þetta alltaf á neikvæðan hátt. Þetta er eins og að segja að ef þú fæðist á Seyðisfirði og foreldra þínir búa þar þá eigir þú að búa þar alla ævi,“ segir Guðmundur sem hefur sterkar skoðanir á sjávarútveginum.

mikael@frettabladid.is



*Elskuleg systir okkar, frænka og mágkona,*

**Auður Kristjánsdóttir,**

frá Ytra-Skógarnesi, síðast til heimilis á Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík,

sem lést á Elli-og hjúkrunarheimilinu Grund, fimmtudaginn 13. mars, verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 28. mars kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á minningarsjóð Grundar, sími: 530 6100.

**Jens Kristjánsson** **Ingibjörg Þorvaldsdóttir**
**Einar Haukur Kristjánsson** **Anna Jóna Sigurðardóttir**
**Kristjana Ágústa Kristjánsdóttir**
**Sigríður Dinah Dunn** **Magnús Hansson**
**Birgir Sigmundsson** **Ásdís Guðmundsdóttir**
**og aðrir ættingjar og vinir.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og kær vinkona,*

**Sigurjóna Sigurjónsdóttir**

áður til heimilis að Smáratúni í Þykkvabæ,

sem lést á heimili sínu, Hólavangi 9, Hellu, laugardaginn 15. mars, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarkirkju föstudaginn 28. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Heimir Hafsteinsson** **Særún Sæmundsdóttir**
**Friðsemd Hafsteinsdóttir** **Jón Thorarensen**
**Sighvatur Borgar Hafsteinsson** **Una Aðalbjörg Sölvadóttir**
**Kristborg Hafsteinsdóttir** **Nói Sigurðsson**
**Sigrún Linda Hafsteinsdóttir** **Steinar Sigurgeirsson**
**Bryndís Ásta Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Pálmi Viðar Samúelsson.**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurlaug Sigrún Björnsdóttir,**

áður til heimilis að Sólvallagötu 41 Reykjavík,

sem lést á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi, laugardaginn 15. mars sl., verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. mars kl. 13.00.

**Stefanía Drew, Arnold Drew, Elín Kristinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Þór Willemoes Petersen**

Arnarhrauni 40, Hafnarfirði,

lést á Barnaspítala Hringsins að morgni mánudagsins 24. mars.

**Sigrid Foss** **Guðmundur Jónsson**
**Per Willemoes**
**Laufey, Steinunn Ruth, Jón og Gobeline Willemoes**
**Þóra Antonsdóttir** **Friðþjófur Sigurðsson**
**Tormod Willemoes**
**Kristín Erla Þorgeirsdóttir**

## AFMÆLISBÖRN


**Mariah Carey** söngkona 38 ára.


**Stacy "Fergie" Ferguson** söngkona 33 ára.


**David Coulthard** formúluökumaður 37 ára.


**Jimmy Floyd Hasselbaink** knattspyrnumaður 36 ára.

**NAFNIÐ MITT:** NADIA KATRÍN BANINE

# Ættarnafnið breyttist í banana

„Ég held þú ættir frekar að hringja í mömmu til að spyrja út í nafnið mitt en einhvern tímann var mér sagt að Nadia þýddi morgundögg," segir Nadia Katrín Banine, dansari og dagskrárgerðarmaður. Faðir Nadiu er arabískur og þaðan er nafnið komið. „Ég hef oft verið spurð að því hvort þetta sé rússneskt nafn en pabbi segir að þetta sé arabíski rithátturinn, það er víst með j-i í rússnesku," útskýrir Nadia.

Nadia á þrjú systkin og öll heita þau einu arabísku nafni og einu íslensku. Nadia er hins vegar sú eina sem ber arabíska nafnið á undan. „Katrínarnafnið er síðan sótt í fjölskylduna hennar mömmu en það eru fjölmargar Katrínar í ættinni," segir Nadia sem á einmitt litla dóttur sem heitir Katrín að seinna nafni.

Samkvæmt þjóðskrá bera 22 konur nafnið Nadia og 33 heita Nadía með í-i. Nafnið var hins vegar sjaldgæfara þegar Nadia var að alast upp. „Ég man eftir því þegar ég hitti í fyrsta skipti einhvern sem hét það sama og ég. Þá var ég sautján eða átján ára. Núna veit ég hins vegar um nokkrar litlar Nadiur og finnst ég að sjálfsögðu eiga svolítið í þeim," segir Nadia. „Þetta þótti svolítið skrítið nafn þegar ég var lítil og oft þótti mér pirrandi að heita svona útlensku nafni. Ég lendi stundum í því enn í dag að fólk byrjar að tala ensku við mig þegar það sér nafnið mitt. Það gerist samt ekki oft enda held ég að Íslendingar séu orðnir vanari alls kyns útlendum nöfnum," segir Nadia og bætir við að nafnið falli vel að íslenskunni og hafi því aldrei verið til neinna vandræða. „Mér var náttúrulega strítt á þessu nafni þegar ég var krakki og ekki bætti ættarnafnið Banine úr skák. Það lá auðvitað beinast við að kalla mig banana," segir Nadia og hlær.


Þegar Nadia var yngri fannst henni stundum erfitt að heita erlendu nafni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is

# Nýtt á leitarsvið

Leitarsvið Krabbameinsfélag Íslands gekk nýlega frá samningi við EJS um kaup á hugbúnaði og vélbúnaði frá EMC, DELL, APC, Cisco og Raritan. Búnaðurinn er hluti af nýrri lausn vegna breytinga yfir í stafræna tækni á Leitarsviði Krabbameinsfélagsins. Árlega koma tugþúsundir kvenna til skoðunar og félagið á gögn sem ná allt aftur til ársins 1964. Krabbameinsfélag Íslands er fyrsti kaupandinn hérlendis að nýrri kynslóð Dell Blade netþjóna. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá félaginu.


**STAFRÆNAR BREYTINGAR** Nýjar tæknilausnir eru framundan hjá Krabbameinsfélaginu.

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Rögnu Möller**
Sóleyjarrima 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjartadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Steinn Hansson.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Sigríður Gísladóttir**
Miðleiti 5,

andaðist á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði hinn 18. mars. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 27. mars kl. 16.00.

**Sigurður Gísli Pálmason** | **Guðmunda Þórisdóttir**
**Jón Pálmason** | **Elísabet Björnsdóttir**
**Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir** | **Jón Ásgeir Jóhannesson**
**Lilja Sigurlína Pálmadóttir** | **Baltasar Kormákur**
**Baltasarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Oddsdóttir**
Kópavogsbraut 1a,

lést fimmtudaginn 20. mars á líknardeild Landakotsspítala. Útförin verður gerð frá Háteigskirkju, föstudaginn 28. mars kl. 11.00. Jarðsett verður að Keldum á Rangárvöllum.

**Ingibjörn Hallbertsson**
**Ragna Jónsdóttir**
**Ingunn Pétursdóttir Sim** | **John W. Sim**
**Einar Pétursson** | **Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Loftur Þór Pétursson** | **Dröfn Eyjólfsdóttir**
**Linda Björg Pétursdóttir** | **Jóhann Unnsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,*

**Sigurður Sveinn Másson**

síðast til heimilis í Vilnius í Litháen, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 28. mars næstkomandi kl. 13.00.

**Vaida, Samúel Másson og fjölskylda**
**Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir**
**Jón Guðmann Jónsson**
**Halldóra Elín Magnúsdóttir** | **Guðmundur Sæmundsson**
**Valdís Magnúsdóttir** | **Unnsteinn Hermannson**
**Sólveig Fanný Magnúsdóttir** | **Hallgrímur H. Gröndal**
**og aðrir aðstandendur.**

---

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorkell Þrándarson**
á Hvoli

andaðist á Landspítalanum á skírdag. Útför hans fer fram frá Grenjaðarstaðakirkju laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Börn hins látna.**

---



*Elskuleg móðir mín og dóttir okkar,*

**Þóra U. Jónsdóttir**

er látin.

**Fyrir hönd annara ættingja og vina,**

**Egill Þór Jóhannsson**
**Unnur Kolbrún Sveinsdóttir**
**Jón Þór Karlsson**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurbjörn Sigurpálsson,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, þriðjudaginn 18. mars. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 31. mars kl. 11.00.

**Hafdís Sigurbjörnsdóttir** | **Kristján Tómasson**
**Hafsteinn Garðarsson** | **Hildur Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Sigurjónsdóttir**
frá Flatey á Skjálfanda,

verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 29. mars 2008 kl. 14.00.

**Vigdís Helga Guðmundsdóttir** | **Pálmi Sigfússon**
**Sigurjón Guðmundsson** | **Ása Grímsdóttir**
**Jóhanna Guðmundsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Páll Sigfússon**
fyrrverandi kaupmaður,
Kleppsvegi 2, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut föstudaginn 14. mars, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 28. mars kl. 13.00.

**Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir**
**Bragi G. Kristjánsson** | **Erna Eiríksdóttir**
**María Anna Kristjánsdóttir** | **Jesús S. H. Potenciano**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eygló Bryndal Óskarsdóttir**
Hjalladæl 8, Eyrarbakka,

lést sunnudaginn 23. mars 2008 á Landspítalanum við Hringbraut. Hún verður jarðsungin frá Seljakirkju mánudaginn 31. mars kl. 13.00.

**Magnea Guðjónsdóttir**
**Jóhannes Klemens Steinólfsson** | **Hafdís Rósa Bragadóttir**
**Ástríður Björg Steinólfsdóttir** | **Hermann Þór Jónsson**
**Eysteinn Þór Bryndal Steinólfsson** | **Kristín A. Guðbjartsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ford 4x4
páskaaukastemning
í Brimborg

# Vertu 4x4

## Stórglæsilegur



### Frábær Sport Trac páskaauki

Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
4 dyra 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 371 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Páskaaukaverð: 4.355.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.



### Frábær Explorer páskaauki

Ford Explorer Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
7 manna 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 374 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Páskaaukaverð: 5.629.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Skoðaðu vel páskaaukatilboð Brimborgar. Berðu það saman við sambærilega 4x4 bíla. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu eldsneytisnotkunina. Komdu í Brimborg.**

**Veldu Ford 4x4**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Nýtt tákn um gæði



## Frábær Escape páskaauki

Ford Escape Limited AWD
3,0i V6 200 hö 261 Nm
5 dyra sjálfskiptur
CO2 losun 257 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,2 l/100 km
**Páskaaukaverð: 4.131.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

# í Ford Limited

páskaauki bíður þín í Brimborg

## Frábær Edge páskaauki

Ford Edge Limited AWD
3,5i V6 265 hö 339 Nm
5 dyra 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 313 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,8 l/100 km
**Páskaaukaverð: 5.530.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.





## Frábær Expedition páskaauki

Ford Expedition Limited Luxury 4x4
5,4i V8 300 hö 495 Nm
8 manna 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 425 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 16,8 l/100 km
**Páskaaukaverð: 6.690.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

## Nýir notaðir úrvalsbílar Brimborgar

Komdu einnig við í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma. Skoðaðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn þinn. Skoðaðu úrvalið af Ford 4x4. Komdu í páskaaukastemninguna. Við gerum næstum allt fyrir þig.

selja gamla
kaupa nýjan notaðan

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.






# Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

**Þú hlustar á Í bítið þegar þér hentar á visir.is.** Í bítið á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi frétta- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni líðandi stundar ásamt Gissuri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.

visir.is
...ég sá það á visir.is



# STUÐ MILLI STRÍÐA Dómsdagur í nánd

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** HEFUR FENGIÐ NÓG AF KREPPUKJAFTÆÐI



Mikið er ég orðinn leiður á þessu déskotans krepputali. Og eiginlega skammast ég mín fyrir að þjóð sem rekur ættir sínar til víkinga, berserkja og írskra konunga og hefur upplifað harðindi og hungursneyð, svarta dauða og Vestmannaeyjagos skuli láta eins og himinn og jörð séu að farast þótt ein lítil kreppa sé komin á kreik.

Það er nú ekki eins og þetta sé í fyrsta sinn sem við stöndum frammi fyrir kreppu og varla í það síðasta. Í öll skiptin hefur okkur reitt ágætlega af, þótt lærdómurinn hafi kannski reynst jafn eftirminnilegur og menntaskólastærðfræðin. Vonandi glósum við betur í þetta sinn, leggjum dæmin á minnið og höldum bókinni til haga.

Kreppa þarf nefnilega alls ekki að vera jafn slæm og af er látið og getur í raun leitt til góðra hluta, kjósi maður að koma auga á þá. Þannig má líta á kreppu sem námskeið í því hvernig sé best að losa sig við alls kyns óþarfa úr eigin lífi.

Tökum meðal-Jón sem dæmi. Kreppan auðveldar nú Jóni að ákveða að hætta að greiða afnotagjöld af sjónvarpsstöðvunum 125 sem hann er með í áskrift og þess í stað getur hann tekið upp þráðinn með fjölskyldunni sem hann hefur ekki talað við síðustu fimm ár.

Jón ákveður líka að selja jeppann, fara að hjóla og drepa í síðustu rettunni. Þar sem hann er kominn á bragðið, færir hann sig svo úr lúxusklefanum í ræktinni í almenninginn og hættir að fara í ljós, tannhvíttun, brasilískt vax og stólpípumeðferðir í megrunarskyni.

Jón hefur því ekki aðeins sparað pening heldur uppgötvað lífsstíl, sem er bæði heilsusamlegri en sá gamli og færir honum aukna hamingju og samt er hann rétt að byrja.

Jón hefði hæglega getað tekið undir með svartsýnisliðinu þegar kreppan barst fyrst í tal, orðið sér úti um skóflu og grafið sig inn í næsta fjall með vatnsbrúsa og niðursuðumat þar til hættuástandinu var aflýst. Jón kaus hins vegar að vera jákvæður, enda er hann fyrirmyndarborgari í flesta staði.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












Marbert er einna helst þekkt fyrir kremlínu sína sem hefur verið þróuð í gegnum árin með þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

Komið og kynnið ykkur hvað Marbert hefur upp á að bjóða og nýtið okkar sérfræðiþekkingu.

## Kynningar verða í verslunum Hagkaupa dagana 27. mars - 2. apríl.

Sérfræðingar frá Marbert verða á staðnum og veita viðskiptavinum góð ráð hvað varðar umhirðu húðarinnar og hvernig velja á krem sem hæfir hverri húðtegund.

Glæsileg tilboð verða í boði á meðan kynningu stendur ásamt fallegum kaupaukum.
Láttu þetta tækifæri ekki fram hjá þér fara, hlökkum til að sjá þig.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
30. mars - uppselt
3. apríl
4. apríl
10. apríl
11. apríl
17. apríl
18. apríl
23. apríl
24. apríl
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
frumsýn. 27/3 uppselt, 28/3 örfá sæti laus
Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. fös 28/3, lau 29/3
Sólarferð e.Guðmund Steinsson
sýningar. lau. 29/3 örfá sæti laus
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 29/3 örfá sæti laus
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýninga sun. 30/3 örfá sæti laus


# Disney-teikningar á heimleið

Ótrúleg ferðasaga teikninga úr nokkrum af frægustu teiknimyndum Disney-fyrirtækisins hefur fengið farsælan endi.

Upprunalegar teikningar úr kvikmyndum á borð við Þyrnirós frá árinu 1959 og styttri teiknimyndum frá fjórða áratugnum fundust í skáp í Chiba-háskólanum í Japan fyrir fjórum árum. Myndirnar höfðu upphaflega komið til Japans á sjöunda áratugnum til sýninga. Að sýningartímanum loknum gaf Disney-fyrirtækið Nútímalistasafninu í Tókýó myndirnar, en forstöðumönnum safnsins þóttu myndirnar ekki passa inn í safneignina og gáfu því Chiba-háskólanum teikningarnar í von um að þær myndu veita nemendum í listadeildum skólans innblástur. Skömmu síðar átti sér stað stefnubreyting innan háskólans og listnámsbraut var lögð niður. Því fór svo að Disney-teikningunum var pakkað niður og stungið inn í skáp og þar fengu þær að dúsa í rúmlega 40 ár.

Þegar myndirnar fundust að nýju voru sumar þeirra illa farnar vegna rakaskemmda. Því tóku við stórfelldar viðgerðir sem stóðu yfir í heilt ár. Að þeim loknum voru myndirnar sendar í sýningarferðalag um Japan við mikinn fögnuð almennings.

Stjórn Chiba-háskólans, sem ekki hefur endurvakið listnámsbraut sína, tók svo þá ákvörðun að teikningunum væri best komið hjá Disney-fyrirtækinu, þar sem þar væri framtíð þeirra tryggð.

Teikningar úr teiknimyndum þóttu á árum áður heldur ómerkilegur varningur og voru til að mynda seldar í Disney-World skemmtigarðinum á einn dollara stykkið. Þetta viðhorf hefur breyst; teiknimyndir teljast nú löggilt listform og eru því upprunalegar teikningar úr gömlum teiknimyndum ákaflega verðmætar og ganga kaupum og sölum fyrir svimandi háar upphæðir. Til að mynda hefur ekki en tekist að verðmeta safnið sem Disney-fyrirtækið endurheimti frá Japan þar sem sumar teikninganna eru svo sjaldgæfar og gamlar að ekkert fordæmi er fyrir verðlagningu þeirra.

Það er því ljóst að forsvarsmenn Chiba-háskólans báru hag menningarsögu Bandaríkjanna fyrir brjósti þegar ákvörðun var tekin um að skila teikningunum til Disney-fyrirtækisins. Reyndar umbunaði fyrirtækið skólanum með einnar milljónar dollara styrk fyrir vikið, en það er víst hugurinn sem gildir. **- vþ**



**ÚR TEIKNIMYNDINNI BLÓM OG TRÉ FRÁ 1932** Ómetanleg list sem nú hefur ratað heim eftir svaðilfarir í japanskri geymslu.


Salurinn
FIMMTUD. 27. MARS KL. 20
TÍMAMÓT - GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR
ÁSAMT FYRRVERANDI OG NÚVERANDI NEMENDUM O.FL.
KONSERTMEISTARI 60 ÁRA!
FÖSTUD. 28. MARS KL. 20 OG LAUG. 29. MARS KL. 16 OG KL. 20
SÖKNUÐUR - TÓNLEIKAR Í MINNINGU VILHJÁLMS VILHJÁLMSSONAR.
UPPSELT!
SUNNUD. 6. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR OG HRÖNN ÞRÁINSDÓTTIR.
FRUMRAUN Í TÍBRÁ!
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Frumsýning á Stóra sviðinu í kvöld
Fyndið og sorglegt leikrit eftir eitt magnaðasta leikskáld Evrópu í dag
Sjáðu og heyrðu meira á leikhusid.is



Engisprettur
eftir Biljana Srbljanovic
Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir

# Flett ofan af fölsurum

**Ótti hefur lengi verið meðal þeirra sem höndla með myndlist að viðskipti um net hefði í för með sér aukinn hlut falsaðra verka og sú virðist raunin. Í vikunni var tilkynnt á blaðamannafundi lögreglunnar í Chicago að samstarf hennar við ítalsku og spænsku lögregluna hefði nýlega komið upp um víðtækar falsanir á verkum sem sögð voru eftir Picasso, Dalí, Calder og Chagall. Falsararnir störfuðu á Spáni og Ítalíu og seldu verk sín í Flórída og í Chicago. Er söluverðmætið talið nema um 5 milljónum dala og verkin fölsuðu vera yfir þúsund. Hefur rannsókn málsins staðið frá 2006 og vöknuðu grunsemdir eftir að kaupandi vakti athygli á verki sem hann hafði keypt sem var sagt eftir Picasso.**

**Falsanirnar voru gerðar með ýmsu móti, bæði á striga og í þrykkjum af ýmsu tagi. Þeirra á meðal voru líka verk kennd yngri listamönnum á borð við Tapies, hinn katalónska meistara, og Warhol. Mest var framleitt af fölsunum í nágrenni Barcelona þar sem húsrannsókn á átta stöðum leiddi í ljós þúsundir falsaðra verka. Tveir Ítalir, einn Spánverji og fjórir Bandaríkjamenn hafa nú verið ákærðir og liggja fleiri undir grun um að hafa tekið þátt í þessu svindli, þeirra á meðal eigendur gallería sem seldu verkin með vitund um að þau væru stælingar.**

pbb@frettabladid.is



**MYNDLIST** Picasso var í mestum metum hjá falsarahringnum.







**> ALBA Í BÍÓHÚSUM**

Hryllingsmyndin The Eye er meðal þeirra kvikmynda sem frumsýndar eru um helgina en þar fer Jessica Alba með hlutverk blinds fiðluleikara. Hún fær nýjar augnhimnur en eigandi þeirra virðist hafa séð sitt-hvað misjafnt um ævina.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Heilagt stríð gegn æskudýrkun hafið

Athygli vakti fyrir skömmu þegar kvisaðist út að Clint Eastwood væri að velta því fyrir sér að endurvekja gömlu lögregluhetjuna og hörkutólið Harry Callahan, betur þekktan sem Dirty-Harry. Clint hefur á undanförnum árum einbeitt sér að leikstjórn stórra dramatískra mynda á borð við Flags of our Fathers enda elli kerling farin að færa sig upp á skaftið nú þegar Clint nálgast áttrætt.

Vefsíðan Ain't It Cool News greindi fyrst frá því að næsta verkefni Clints, Gran Torino, væri nafnið á nýrri Harry-mynd. Þar myndi Clint dusta rykið af gamla Magnum-hólkinum og elta upp morðingja sem væri með blóð barnabarns Callahans á höndunum. Eastwood hefur hins vegar enn ekki staðfest að um sé að ræða Harry-mynd en það yrði þá í fyrsta skipti síðan 2004 að hann stígur fram fyrir myndavélarnar.

Ef af yrði kæmi ákvörðun Eastwood þó ekkert á óvart. Rosknu hetjurnar frá Hollywood hafa nefnilega verið í heilögu stríði gegn æskudýrkun draumaverksmiðjunnar og nægir þar að nefna Bruce Willis í Die Hard 4.0 og ekki síst Harrison Ford í fjórðu Indiana Jones-myndinni.



**ÞRÍR GÓÐIR** Þeir Harrison Ford, Bruce Willis og Clint Eastwood sýna ungviðinu hvernig gömlu hetjurnar gera þetta.

# Sigurmynd Berlínar á Bíódögum

„Þetta er mikill fengur fyrir okkur enda hefur myndin ekki verið sýnd fyrir utan Brasilíu og Berlín," segir Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Græna ljóssins, en opnunarmynd Bíódaga verður Tropa De Elite sem fékk aðalverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Berlín. Myndin segir frá sjálfstæðri sérsveit lögreglunnar í Rio De Janeiro sem beitir öllum hugsanlegum ráðum í baráttunni við eiturlyfjabaróna borgarinnar.

Að sögn Ísleifs er nú komið á hreint hvaða myndir verða sýndar á Bíódögum. Meðal mynda sem hafa bæst við má nefna Sand and Sorrow eftir Paul Freeman sem fjallar um þjóðarmorðin í Darfur en George Clooney er þulur í henni. Bíódagar verða í Regnboganum og hefjast þeir 11. apríl.



**FORVITNILEGT ÚRVAL** Ísleifur B. Þórhallsson og félagar í Græna ljósinu bjóða upp á kvikmyndaveislu á Bíódögum.




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS


# Depp sem Dillinger

**Meistari Micheal Mann er um þessar mundir að kvikmynda sögu glæpamannsins Johns Dillinger en eltingarleikurinn við hann og aðra bófa bannáranna markaði einmitt upphafið að FBI.**



**DILLINGER** Johnny Depp verður Dillinger í kvikmynd Michaels Mann.

**Samkvæmt erlendum vefsíðum notar Mann meðal annars gamlan Studebaker sem Dillinger er sagður hafa beitt í einum af sínum mestu ránum. Myndin verður frumsýnd árið 2009 og skartar sjálfum Johnny Depp í hlutverki Dillinger.**




Frábær Fermingargjöf
Þessi sér um að vekja þarft að fara framúr til að slökkva á henni!
MAGNAÐASTA VEKJARAKLUKKA
ALLRA TÍMA
Fæst Hjá
iRobot ehf.
Hólshraun 7, 220 Hfj. S. 555 2585
Irobot.is
Max
Og hjá
Byggt og Búið
í Smáralind og Kringlu.




**HAPPAFENGUR** Leikstjórinn Ólafur Jóhannesson segist hafa dottið í lukkupottinn þegar hann fékk þá Eggert Þorleifsson, Pétur Jóhann Sigfússon og Micheal Imperioli til að leika í Stóra planinu.

# Imperioli í startholunum fyrir Stóra planið

**Kvikmyndin Stóra planið verður frumsýnd á föstudaginn en hún er að hluta til byggð á bók Þorvalds Þorsteinssonar, Við fótskör meistarans. Myndin er jafnframt fyrsta leikna kvikmynd Ólafs Jóhannessonar sem lítur á myndina sem útskriftarverkefni sitt úr háskóla bíómyndanna.**

Þó að Stóra planið sé frumraun Ólafs í leiknum kvikmyndum hefur leikstjórinn verið nokkuð áberandi á kvikmyndasviði Íslands. Heimildarmyndir hans; Blindsker, Africa United og nú síðast Queen Raquela, hlutu mikla athygli og lof gagnrýnenda og Ólafur hefur eiginlega verið á ferð og flugi undanfarinn áratug. Leikstjórinn viðurkennir enda að honum finnist hann vera að ná ákveðnum áfanga á sínum ferli. „Ég hef verið í skotgröfunum síðastliðin tólf ár og gert nokkuð mikið af heimildarmyndum. Með Stóra planinu og Queen Raquela er ákveðnum kafla í mínu lífi lokið og mér finnst eins og ég geti loks andað léttar og tekið því smá rólega," segir Ólafur.

Stóra planið fjallar um Davíð, hinn misheppnaða handrukkara, sem hafður er að háði og spotti í glæpagengi sínu. Þegar Davíð kemst hins vegar í samband við dularfullan leigusala og grunnskólakennara að nafni Haraldur tekur líf hans stakkaskiptum og flækist til muna. Ólafur kveðst vera ótrúlega sáttur með þann leikhóp sem hann hafði yfir að ráða og nefnir þar sérstaklega tvíeykið Eggert Þorleifssoon og Pétur Jóhann Sigfússon. „Þetta var mikill happafengur að fá þá tvo og ég var eiginlega bara heppinn að hafa allar þessar góðu manneskjur í kringum mig, leikhópurinn var eiginlega hálfgerð heppnisblanda," segir Ólafur.



**HÓFLEGA SPENNTUR** Stóra planið er fyrsta leikna kvikmynd Ólafs.

En stóra stjarnan í Stóra planinu er hins vegar bandaríski leikarinn Michael Imperioli sem er hvað þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Sopranos. Ólafur upplýsir að þrátt fyrir að hann komist ekki til Íslands á frumsýninguna þá hafi hann verið þeim stoð og stytta í Bandaríkjunum. En Imperioli er um þessar mundir að leika í nýjustu kvikmynd Peter Jackson, The Lovely Bones. „Hann hefur hjálpað okkur ótrúlega mikið með að koma Queen Raquela á framfæri og er eiginlega orðinn vinur fjölskyldunnar." Ólafur bætir því hins vegar við að það stoði lítið að hafa einhverja stórstjörnur í öllum hlutverkum ef myndin reynist síðan vera óttalegt drasl. „Góðar myndir kynna sig yfirleitt sjálfar, það er þannig með þessa mynd rétt eins og aðrar," segir Ólafur. - fgg

# Hulunni svipt af Moneypenny

Bréf sem skapari James Bond, Ian Flemming, skrifaði til ritara síns þykja sanna að hann hafi haft sína eigin Moneypenny sem var honum innan handar við að berja bækur hans saman. Bréfin verða boðin upp hjá uppboðsskrifstofu hertogans af Dorset hinn 10. apríl næstkomandi.

Talið er að Flemming hafi látið ritarann Jean Frampton skrifa upp bækur sínar og beðið um að fara vel yfir söguþráðinn og benda sér á eitthvað sem mætti laga. „Ef þú kemur auga á einhverja misbresti í söguþræðinum væri frábært ef þú létir mig vita af því," skrifar Flemming til frú Frampton. „Allar þær breytingar sem þú hefur gert hafa reynst ákaflega vel," bætir Flemming við í öðru bréfi.

Frampton var Flemming mjög innan handar þegar kom að skrifum bókanna You Only Live Twice og The Man with the Golden Gun en hins vegar er talið að hún hafi aldrei hitt rithöfundinn.



**HAFÐI SÍNA EIGIN MONEYPENNY** Ian Flemming hafði sína eigin Moneypenny í Jean Frampton. Bréfaskriftir þeirra bera þessa merki að Frampton hafi haft mikið að segja um söguþráð og önnur smáatriði.

HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU.

TÖLVULISTINN

# FRÁBÆR FERMINGATILBOÐ Í TÖLVULISTANUM

## ACER 5315-102

*FRÁ 2.561 KR Á MÁNUÐI

1.80Ghz Intel Celeron M 540 örgjörvi
2GB DDR2 minni • 120GB harður diskur
Skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár
128MB Intel GMA X3100 skjákort
Windows Vista Home Basic stýrikerfi

**VERÐ 69.900**

## ACER A5720-1A

*FRÁ 3.884 KR Á MÁNUÐI

1.46GHz Intel Core Duo T2310 örgjörvi
2GB DDR2 minni • 250GB harður diskur
Skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
128MB Intel GMA X3100 skjákort
Windows Vista Home Premium stýrikerfi

**VERÐ 109.900**

## ACER 5920-60

*FRÁ 5.207 KR Á MÁNUÐI

2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi
2GB DDR2 minni • 250GB harður diskur
Skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
512MB DDR Geforce Go 8600 skjákort
Windows Vista Home Premium stýrikerfi

**VERÐ 149.900**

## LEIKJALYKLABORÐ OG STÝRIPINNAR

**MICROSOFT COMFORT**
Sveigt lyklaborð frá Microsoft. Comfort Curve lyklaborð með þægilegum flýtihnöppum, USB 2.0
**VERÐ 3.990**

**LOGITECH 600**
Logitech Media 600 er þægilegt og endingargott svart lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
**VERÐ 4.990**

**LOGITECH G11**
Nýtt Logitech G11 Gaming lyklaborð Macro upptaka, forritanlegir baklýstir hnappar, íslenskir miðar, USB 2.0
**VERÐ 9.990**

**LOGITECH RUMBLEPAD**
Logitech Rumblepad II, PC stýripinni í PlayStation stíl, flott fermingargjöf fyrir leikjaspilarann, USB 2.0
**VERÐ 4.990**

**LOGITECH FORCE 3**
Logitech Force 3D Pro stýripinni með "Twist" handfangi sem sér til þess að þú finnur fyrir hverri beygju, sparki eða hoppi
**VERÐ 8.990**

**LOGITECH G25**
Logitech MOMO G25 Racing Wheel, þú finnur fyrir öllum ójöfnum á veginum, málm pedalar, gírskipting - 6 gírar
**VERÐ 36.900**

## LEIKJAMÝS OG LEIKJAMÚSAMOTTUR

**LOGITECH MX518**
Mest notaða leikjamúsin frá Logitech. MX518 er optical mús sem virkar vel og styður allt upp í 1800 DPI
**VERÐ 7.990**

**STEELSERIES IKARI**
Keppnis leikjamús frá Steelseries, hönnuð af leikjamönnum fyrir leikjamenn. Styður allt upp í 3200 DPI
**VERÐ 8.990**

**SIDEWINDER**
Flottasta leikjamúsin frá Microsoft. Sidewinder er með stillanlegi þyngd og styður allt upp í 2000 DPI
**VERÐ 9.990**

**STEELPAD QCK+**
NÝTT
Efnismúsamotta fyrir þá sem þurfa mikið pláss. 450mm x 400mm að stærð fyrir þá sem vilja spila á efni.
**VERÐ 2.290**

**STEELSERIES 4D**
NÝTT
Með eina hliðina á músamottunni grófa og hina fína getur þú valið hvort þér finnst þægilegara að nota.
**VERÐ 2.990**

**STEELSERIES S&S**
NÝTT
Hörð músamotta sem er með mjög sérstakt yfirborð sem gerir þér kleift að hafa frábæra stjórn á músinni.
**VERÐ 3.990**

## HEYRNATÓL OG HÁTALARAR

**LOGITECH STERÍÓ**
Logitech ClearChat Steríó eru lítil og létt heyrnartól með hljóðnema sem minkar umhverfishljóð. USB 2.0
**VERÐ 3.990**

**CREATIVE FATALITY**
CREATIVE
Glæsileg lokuð leikjaheyrnartól með 40m Neodymium hátölurum hægt er að taka hljóðnema af
**VERÐ 7.990**

**SENNHEISER 151**
SENNHEISER
Vönduð lokuð heyrnatól með hljóðnema frá Sennheiser. Snilld fyrir tölvuleikina, tónlistina eða bíómyndirnar.
**VERÐ 9.990**

**CREATIVE A200**
CREATIVE
Ódýrt og gott 2.1 hátalarakerfi frá Creative með tveimur nettum hátölurum fyrirferðarlitlu bassboxi.
**VERÐ 4.990**

**LOGITECH X-240**
Logitech X-240 svart 2.1 hátalarakerfi sem er sérstaklega hannað með tilliti til MP3 spilara
**VERÐ 8.990**

**LOGITECH G15**
CREATIVE
Creative T20 er flott tveggja hátalara kerfi með 2x14W RMS hljóm. Fallegur og tær hljómur
**VERÐ 16.900**

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 26,5%.

TÖLVULISTINN **ALLTAF BETRA VERÐ** 2%

**REYKJAVÍK** • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
**KEFLAVÍK** • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **SELFOSS** • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | **HAFNARFJÖRÐUR** • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
**KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

> **Prófaðu** ...
*... að gera tesamsætið skemmtilegra með því að bæta ávöxtum og kryddjurtum á borð við myntu út í teglösin. Frosin ber eru tilvalin sem klakar í íste, en þiðin eru þau ekki heldur vitlaus í heitt ávaxtate.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SOFFÍA KARLSDÓTTIR SÖNGKONA

# Ítalskur matur og poppkorn ómissandi



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég gæti síst verið án þess að borða tómata, poppkorn og hvítlauk. Það er sem sagt ítalskur matur og svo popp.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það er humarinn hjá tengdó. Hún steikir hann í hvítlauk og smjöri og hefur hvítvín með, alveg eins og það á að vera.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég get ómögulega borðað kjötbollur. Ég veit ekki af hverju það er. Kannski fékk maður of mikið af þessu þegar maður var yngri.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég elda nú yfirleitt bara þannig að ég smakka mig áfram. Ég nota hins vegar mikið af hvítlauk og engiferi. Engifer út í súpur er algjör snilld.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ef ég ætla virkilega að dekra við sjálfa mig kaupi ég nautasteik og bý mér til dekurdisk. Á honum er steikin, sem verður að vera svolítið „rare", hvítlauksristaðir sveppir og salat með ruccola, fetaosti og furuhnetum.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á alltaf tómata og sveppi. Og skinku, mér finnst voða gott að skella í pitsu svona heima.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég reikna með því að það verði vatn á eyjunni. Þá myndi ég trúlega taka með mér nokkur karton af kókómjólk og banana, og svo kæmi ég mér upp sjálfsþurftarbúskap þegar það væri búið.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ég borðaði bjarnarkjöt í Sankti Pétursborg þegar ég var að syngja þar. Það var alveg rosalega gott en eiginlega ekki líkt neinu öðru sem ég hef borðað.

# Salsa með fiskinum

Íslendingar hafa löngum verið gefnir fyrir sósur með þeim mat sem á borð er borinn. Ferskar salsasósur ættu því að eiga upp á pallborðið hér en þær eiga ekki allar mikið skylt við ídýfurnar í krukkunum sem flestir þekkja undir nafninu salsa. Salsa þýðir sósa og því gefur auga leið að salsa er til mörgum og margbreytilegum útgáfum.

Tómatsalsa, sem við þekkjum kannski hvað best, er hægt að gera bæði úr elduðum og hráum tómötum. Salsa verde, græn sósa, er gerð úr tomatillo-tómötum, grænum chilipipar og kóríander, en einnig má útbúa salsa með græna papriku, ananas eða jafnvel kíví sem uppistöðu.

Þessa uppskrift að mangósalsa er að finna á heimasíðunni Myrecipes.com. Í hana má ef vill bæta jalapeño-pipar, gúrku, eða tómötum.

1 ferskt mangó, afhýtt og skorið smátt
1/3 bolli saxaður rauðlaukur
1/3 bolli saxaður ferskur kóríander
1 msk. nýkreistur lime-safi.

Blandið innihaldinu saman og kælið þar til maturinn er borinn fram. Hentar vel með fiski.



**SALSA Í MÖRGUM MYNDUM** Mangósalsa, kívísalsa og salsa verde eru bara nokkrar af fjölmörgum útfærslum á mexíkósku salsa sem Íslendingar geta spreytt sig á. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lært af meisturum

Á næstu vikum býður Vínskólinn upp á tvö Master Class-námskeið með sérfræðingum frá Frakklandi og Spáni. Francois Perrin er annar tveggja bræðra sem eiga Château de Beaucastel í Rhône-dalnum en vín frá þeim er nú komið aftur í hillur vínbúðanna eftir að hafa verið ófáanlegt hér um tíma. Perrin ríður á vaðið mánudagskvöldið 31. mars en að kvöldi 1. apríl heldur víngerðarkonan Maria Martinez Sierra frá Montecillo námskeið á vegum Vínskólans. Hin spænsku Montecillo-vín hafa verið afar vinsæl hér eins og víðar um heim og því eflaust margir sem hafa áhuga á að fræðast nánar um þau. Einnig verður smakkað portvín og sérrí frá Osborne, sem Montecillo tilheyrir, í lok kvölds.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á vinskolinn.is.



**MASTER CLASS HJÁ VÍNSKÓLANUM** Tveir víngerðarmenn koma hingað til lands og fræða landann um víngerð á Master Class-námskeiðum hjá Vínskólanum sem haldin verða um mánaðamótin. NORDICPHOTOS/GETTY




Frábær Fermingargjöf
Þessi sér um að vekja þarft að fara framúr til að slökkva á henni!
MAGNAÐASTA VEKJARAKLUKKA
ALLRA TÍMA
Fáðu þér eina iRobot og njóttu komandi sumars....
(ný sending komin)
Fæst Hjá
iRobot ehf.
Hólshraun 7, 220 Hfj. S. 555 2585
Irobot.is
Max
Og hjá
Byggt og Búið
í Smáralind og Kringlu.


# Með silfurskeið að vopni

**Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri hefur í nógu að snúast þessa dagana, enda frumsýning á næsta leiti. Þegar heimatökin eru hægari nýtur hún þess að elda upp úr matreiðslubiblíunni sinni, The Silver Spoon.**

Uppskriftin sem Kristín deilir með lesendum Fréttablaðsins að þessu sinni er upphaflega ættuð úr matreiðslubiblíunni The Silver Spoon, sem Kristín kveðst nota óspart. „Í henni er allt frá grænmetisréttum og upp í fisk og kjúkling og allt saman. Við notum hana mikið en breytum uppskriftunum oft eftir okkar höfði og aðlögum að okkur. Við borðum til dæmis ekki mjólkurvörur," útskýrir Kristín, sem velur því til dæmis ólífuolíu eða kókosolíu í staðinn fyrir smjörið.

„Í þessa uppskrift er ég vön að nota eitthvað lífrænt, sterkt og gott karrí, indverskt eða eitthvað þannig. Svo er líka gott að blanda smá túrmeriki út í það. Túrmerik er krydd sem er talið vinna gegn krabbameini og öðrum sjúkdómum. Það er í karríi, en það er gott að bæta aðeins meiru við," segir Kristín, sem er einmitt afar hrifin af bæði indverskum mat og taílenskum. „Þessi réttur er svo líka mjög þægilegur, því að þó að hann taki smá tíma á eldavélinni þarf maður samt að gera svo lítið. Eplin verða ótrúlega mjúk og sæt og passa rosalega vel með, og stundum set ég líka dálítið af rúsínum út í," bendir hún á.

Kristín gerir þó lítið af því að elda þessa dagana, þar sem vinnutörnin sem fer á undan frumsýningu stendur nú sem hæst. Hún leikstýrir nú leikritinu Sá ljóti, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu 5. apríl næstkomandi. „Það fjallar um mann sem kemst að því að hann fær ekki að fara á ráðstefnu á vegum fyrirtækis síns af því að hann er svo ljótur," útskýrir Kristín. „Þetta er mjög umbúðalaust leikrit, sem fjallar bæði um fegurðardýrkun samfélagsins og út frá hverju sjálfsmynd okkar mótast," segir hún. **sunna@frettabladid.is**



**MATREIÐSLUBIBLÍAN** Kristín Eysteinsdóttir hefur gaman af því að elda upp úr matreiðslubiblíu sinni, The Silver Spoon, þegar tími vinnst til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## KJÚKLINGUR Í KARRÍI MEÐ EPLUM OG LAUK

2-4 kjúklingabringur
1 msk. ólífuolía
2 msk. karrí
2 msk. rjómi
2 laukar, skornir
2 epli, flysjuð og skorin í báta

Miðið kjúklingabringur við eina á mann. Í stað ólífuolíu má nota kókosolíu, sem er þá látin bráðna á pönnunni. Kristín notar kókosrjóma í stað rjómans.
Olían hituð á pönnu. Kjúklingur skorinn í bita, settur á pönnuna og velt þar til hann er brúnaður báðum megin, salt og pipar sett yfir. Því næst er karríinu hrært saman við 150 ml af heitu vatni og því er hellt yfir kjúklinginn. Lauknum og eplunum er svo stráð yfir, lok sett á pönnuna og hitinn lækkaður og þessu leyft að malla í 35 mínútur, oft er gott að bæta aðeins við af heitu vatni ef þarf. Eftir 30 mín. er rjómanum bætt við og svo eldað í tíu mínútur í viðbót við lágan hita. Berist fram með hrísgrjónum eða kúskús.

# Keppni eflir matarmenningu

Kokkakeppni grunnskóla Íslands fer fram í Menntaskólanum í Kópavogi 12. apríl næstkomandi. Keppnin hóf göngu sína árið 2004 sem kokkakeppni meðal nemenda Rimaskóla í Grafarvogi, fyrir tilstilli Áslaugar Traustadóttur heimilisfræðakennara. Í fyrra öttu tíu grunnskólar í Reykjavík kappi, en í ár er keppnin í fyrsta sinn opin grunnskólum á landsvísu.

„Nú þegar eru komin þrettán lið. Skráningarfresturinn rennur hins vegar ekki út fyrr en 31. mars, og ég er að vona að við náum upp í tuttugu," segir Áslaug, sem segir enn nægan tíma til stefnu fyrir þá skóla sem hafa hug á að senda lið í keppnina. Mikil hefð hefur skapast fyrir kokkakeppni Rimaskóla, sem haldin var í fimmta sinn í fyrra, en Áslaug segir að fleiri skólar hafi fetað í þau fótspor. „Fjöldinn allur af skólum hefur haldið undankeppnir í ár," segir Áslaug.

Sumir keppenda hafa haldið áfram í matreiðslunám þegar grunnskóla er lokið, og þar á meðal einn liðsmaður úr sigurliði fyrstu kokkakeppni Rimaskóla. „Ég veit að þeir sem voru í öðru sæti í fyrra, frá Álftamýrarskóla, eru í matreiðslunámi núna, og krakkarnir hafa líka verið að fara í þjóninn og bakarann," segir Áslaug. „En þó að þau fari kannski ekki í kokkanám er ég viss um að þetta eflir alla matarmenningu landsins. Bæði er þetta góð undirstaða fyrir ungt fólk, og eins vinnur þetta mjög ákveðið gegn skyndibitamenningunni sem við erum alltaf að glíma við. Þessir krakkar munu elda í framtíðinni," segir hún.

Keppnin fer fram í MK 12. apríl. Nánari upplýsingar er að finna á kokkakeppni.is. **- sun**



**KOKKAKEPPNI Á LANDSVÍSU** Kokkakeppni grunnskóla Íslands fer fram í fyrsta sinn á landsvísu í ár. Upphafsmaður hennar, Áslaug Traustadóttir, vonast til að ná tuttugu liðum til keppni. Myndin er tekin í keppni grunnskóla Reykjavíkur í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus býður betur!

## Einiberjakryddað lúxus lambalæri
**frá Kjarnafæði.**
**1.199 kr./kg.**
Merkt verð 1.998 kr./kg.
40 % afsláttur




## Nautahakk, frosið
**frá Kjarnafæði.**
**798 kr./kg.**
Merkt verð 1.140 kr./kg.
30 % afsláttur



100% íslenskt nautakjöt

## Heimilisbúðingur
**frá Kjarnafæði.**
**479 kr./kg.**
Merkt verð 799 kr./kg.
40 % afsláttur




# lambalærissneiðar í raspi, frosnar
## frá Kjarnafæði
**1.199 kr./kg.**
Merkt verð 1.998 kr./kg
40 % afsláttur






BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00



> NAKIN AMY

Amy Winehouse mun sitja fyrir nakin, með gítar í fanginu, í auglýsingu sem ætlað er að vekja athygli á brjóstakrabbameini. Myndin mun birtast í breska tímaritinu Easy Living, en þar munu söngkonan Sade og leikkonan Helena Bonham Carter einnig birtast á evuklæðum málefninu til stuðnings.

# Fólk

folk@frettabladid.is

## Aftur í hlutverki Gandálfs

Útlit er fyrir að Sir Ian McKellen muni endurtaka hlutverk sitt sem galdrakarlinn Gandálfur í tveimur kvikmyndum byggðum á bókinni Hobbitinn. Bókin fjallar um atburði sem áttu sér stað á undan Hringadróttinssögu.

Á heimasíðu sinni sagði McKellen að hann myndi fara með hlutverkið ef hann og framleiðandinn, Peter Jackson, fengju einhverju um það ráðið. Engir samningar hafa þó verið undirritaðir þess efnis. „Peter og Fran Walsh (framleiðandi) hafa sagt mér að þær gætu ekki ímyndað sér Hobbitann án hins upprunalega Gandálfs. Leikstjórinn Guillermo del Toro hefur ekki gefið þeim staðfestingu á þessu en ég ætla að halda dagbókinni minni opinni fyrir árið 2009,“ sagði McKellen.

Á síðasta ári sagðist leikarinn vera tilbúinn að leika Gandálf á nýjan leik en óvíst væri hvort af framleiðslu Hobbitans yrði. Ástæðan var deilur Peters Jackson, sem leikstýrði Lord of the Rings-myndunum, og fyrirtækisins New Line Cinema. Síðan þá hefur Jackson verið ráðinn framleiðandi myndanna og hinn mexíkóski Guillermo del Toro leikstjóri.

Tökur á myndunum hefjast samtímis á næsta ári. Er sú fyrri væntanleg í kvikmyndahús árið 2010 en hin síðari ári seinna.



**GANDÁLFUR** Sir Ian McKellen í hlutverki Gandálfs í Hringadróttinssögu.

## Með Tyru á heilanum



**TYRA BANKS** Karlmaður á fertugsaldri hefur setið um sjónvarpskonuna og fyrirsætuna Tyru Banks.

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í nálgunarbann gagnvart sjónvarpskonunni og fyrirsætunni Tyru Banks. Hlýði hann ekki banninu verður honum stungið í fangelsi.

Maðurinn hefur elt Banks út um gjörvöll Bandaríkin síðan í janúar, sent henni bréf og blóm og reynt að hringja í hana. Í síðustu viku fékk Banks loks nálgunarbann á manninn sem kveður á um að hann eigi að láta hana algjörlega í friði.

Maðurinn var handtekinn 18. mars síðastliðinn í byggingu þar sem spjallþátturinn The Tyra Banks Show er tekinn upp eftir að hann óskaði eftir því að tala við Banks. Áður hafði hann margsinnis reynt að ná sambandi við hana. Banks, sem stjórnar einnig þættinum America´s Next Top Model, taldi á endanum nóg komið þar sem hún var farin að óttast um öryggi sitt.

## Poetrix fagnar

Rapparinn Poetrix gaf nýlega út plötuna „Fyrir lengra komna“ og hefur hún fengið mjög góða dóma, fjórar stjörnur eða meira í öllum fjölmiðlum sem hafa dæmt hana. Nú er komið að útgáfutónleikunum, þeir fara fram á Nasa í kvöld og hefjast klukkan 21. Húsið verður opnað klukkutíma fyrr.

Með Poetrix koma fram þau Bubbi Morthens, Diva de la Rósa, Sampling og Ragúel, Dabbi T, Einar Ágúst og Guðbjörg Elísa. Miðaverð á tónleikana er 900 krónur eða 1.800 krónur með diski. Þá hefur rapparinn gert myndband við lag sitt „Draumar“ og er það á leiðinni í spilun.



**SPILAR Á NASA Í KVÖLD** Poetrix hefur fengið góða dóma fyrir frumraun sína.




ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

fiskverslun Gallerý fiskur

Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30, Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00





Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.

Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is


# Spessi sýnir kjúklingalund

**Ljósmyndarinn Spessi opnar sýningu í 100°galleríi í húsi Orkuveitunnar á laugardag. Þar gefur að líta misjafnlega auða matardiska, sem Spessi myndaði í mötuneyti Orkuveitunnar í einu og sama hádegi.**



**MATARPORTRETT** Spessi segir myndirnar af matardiskum starfsmanna Orkuveitunnar varpa heilmiklu ljósi á karakterana, og gegna þar með hlutverki portrettsins líka.

„Þetta er rosalega flott eldhús hjá þeim, og alveg besta mötuneyti norðan Alpafjalla,“ segir Spessi, sem snæddi þar sjálfur fyrir nokkru. „Þegar fólk er búið að borða setur það bakkann á færiband sem hverfur inn í gat og skilar sér þannig inn í eldhús. Ég fékk þá þessa hugmynd, að það gæti verið gaman að taka myndir af öllum matarbökkunum sem koma inn í eldhúsið,“ útskýrir hann.

Afraksturinn er sýningin Kjúklingalund „fajitas“ að hætti Google-manna, mexíkósk maíssúpa og súkkulaðiís, sem heitir eftir máltíðinni sem á borð var borin daginn sem Spessi mætti á svæðið vopnaður myndavél. „Ég var búinn að fá matseðil alveg mánuð fram í tímann hjá kokkinum, en valdi þennan dag eiginlega út frá titlinum,“ segir Spessi og hlær við. Hann myndaði 185 matarbakka á einum og hálfum tíma, en tuttugu þeirra verða til sýnis í Galleríi 100°. Allar myndirnar birtast hins vegar í bókinni, sem Spessi vílar ekki fyrir sér að nefna matreiðslubók. „Kokkurinn lét mig fá uppskriftina, sem birtist í bókinni í réttri stærð, sem sagt fyrir fjögur hundruð manns. Það eru til dæmis áttatíu kíló af úrbeinuðum kjúklingalærum og svona, svo fólk þarf kannski að deila svolítið til ef það ætlar að elda þetta sjálft,“ segir hann kíminn. „Þetta er 120 blaðsíðna matreiðslubók um einn rétt, með 185 myndum af þeim rétti,“ bætir hann við. Í bókina skrifa bæði Sjón og Jón Proppé svo hugleiðingar um verkin og sýninguna.

„Það er svolítið margt í þessu. Að vissu leyti eru þetta verk eftir starfsmennina, því ég gerði náttúrlega ekkert nema taka við disknum og mynda hann. En þetta er eiginlega karakterstúdía og portrett í leiðinni, bæði út frá því hvernig fólk skilur diskana eftir sig og hvað það borðar af réttinum, til dæmis,“ segir Spessi. Sýningin verður opnuð í Gallerí 100° á laugardag.

sunna@frettabladid.is

### KJÚKLINGALUNDIR Í MÖRGUM MYNDUM

Spessi myndaði 185 matardiska í mötuneyti Orkuveitunnar, eftir að starfsmenn höfðu gætt sér á kjúklingalund „fajitas“. Tuttugu myndanna rata á samnefnda sýningu, en þær birtast hins vegar allar í bók sem Orkuveitan gefur út samhliða sýningunni í Gallerí 100°.



## Búlgarar með leysihörpu

Búlgarar eru í miklu stuði í ár enda komst þjóðin á Eurovisionbragðið í fyrra þegar búlgarska lagið lenti í fimmta sæti. Það var í þriðja skipti sem Búlgaría var með í keppninni, í hin tvö komst þjóðin ekki upp úr undanriðli. Nú á að fara alla leið og því er einni vinsælustu hljómsveit Búlgara tjaldað til, Deep Zone Project. Sú hljómsveit fæst við rafræna danstónlist og hefur notið vinsælda á Balkanskaganum og nágrenni síðan hún var stofnuð af tveimur náungum árið 2000. Lagið er „DJ, Take Me Away“, hressandi Júrópopp sem brotið er upp annað slagið af reggífinnskoti sem pabbi eins í bandinu spilar á gítar í. Söngkonan Yoanna syngur svo yfir allt saman. Hljómsveitin er nú í strangri kynningarherferð og ætlar að bjóða upp á nýmóðins sýningu í Belgrad. Hátæknileg leysiharpa verður dregin á svið, menn munu rispa plötur í eldglæringum, verðlaunaðir breikdansarar ætla að sýna listir sínar og söngkonan verður kviknakin en máluð um allan líkamann svo ekkert dónalegt sést.

„Okkar markmið er að áhorfendur kjósi frumlegasta lagið sem er holdtekja nútímalegrar og frjálsrar Evrópu,“ segja Búlgararnir kokhraustir.



**NÚTÍMALEGIR OG FRJÁLSIR** Búlgarska hljómsveitin Deep Zone Project.

EUROVISION **58 DAGAR TIL STEFNU**


BOB DYLAN
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
EGILSHÖLL
26. MAÍ
MASTERCARD FORSALA
HEFST Í DAG
KL. 10:00
ALMENN SALA HEFST
Á MORGUN
KL. 10:00
MasterCard
10% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
www.midi.is
OG ÖLLUM AFGREIÐSLU-
STÖÐUM MIÐA.IS
CONCERT

# Gott mótefni gegn einangrun

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður sem var haldin í fimmta sinn á Ísafirði um páskana fær góða dóma á tónlistarsíðunum Clashmusic.com og nme.com. „Dagskrá kvöldsins stóð vel fyrir sínu hjá þjóð þar sem persónuleg skemmtun er nauðsynlegt mótefni gegn brjálæði einangrunarinnar,“ sagði í umfjöllun Clashmusic.com um föstudagskvöld hátíðarinnar. Fengu hljómsveitirnar Hjaltalín og Skakkamanage báðar góða dóma og var hinni fyrrnefndu líkt við bandaríska tónlistarmanninn Sufjan Stevens. Megas fékk einnig jákvæða umfjöllun. „Þessi manneskja sem er á sjötugsaldri og með sterka andlitsdrætti bauð upp á kennslustund í blúsaðri kántrítónlist sem sjálfur Johnny Cash hefði orðið stoltur af.“



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína á Aldrei fór ég suður.

Einnig fékk ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost góða dóma fyrir sína frammistöðu. „Rafrænir hljómar og djúpur bassaleikur glumdu um alla skemmuna sem allir aldurshópar frá þessari örsmáu þjóð hlýddu á. Þjóðin er fámenn en afar opin fyrir nýjungum. Áheyrendurnir, með fjölda miðaldra mæðra með ungabörn sín með sér, drukku í sig tilraunakennda tónlistina áreynslulaust.“

Á vef NME var frammistaða Hrauns talinn einn af hápunktum hátíðarinnar. „Hljómsveitin byrjaði á að blanda íslenskum umhverfishljóðum saman við bandaríska vesturstrandartónlist. Lauk hún tónleikunum með því að öskra um sítrónuböku.“

# Dagskrárstjóramálið í rembihnút

**Enn verður bið á því að ritstjóri Vísis fái upplýsingar um launamál dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins.**

„Þetta er orðinn alger farsi,“ segir Óskar Þorvaldsson, ritstjóri Vísis.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Þórhalls Gunnarssonar dagskrárstjóra sjónvarps hjá Ríkisútvarpinu ohf., hugðist leggja fram lögbannskröfu á hendur RÚV í gær í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að stofnunin legði fram upplýsingar um laun Þórhalls til Vísis. Þeir félagar hurfu frá því, breyttu um taktík og hafa nú óskað þess að úrskurðarnefnd um upplýsingamál fjalli aftur um niðurstöðu sína um að þessar upplýsingar liggi fyrir. Forsendur eru þær að Þórhallur, sem og Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri útvarps, en Hróbjartur er einnig lögmaður hennar, séu aðilar að málinu og hafi ekki fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Óskar Hrafn Þorvaldsson hefur fyrir hönd Vísis farið fram á aðfararbeiðni sem lögð verður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur á föstudag. Þar verður mælt fyrir innsetningu sem þýðir að sýslumaður geri RÚV skylt að afhenda umrædd gögn. Að sögn ritstjórans kemur tæplega annað til greina en að sýslumaður verði við því. Að öðrum kosti er úrskurðarnefnd búin að vera því úrskurðir hennar hafa ekkert gildi.



**ÓSKAR HRAFN** Hefur beðið upplýsinganna frá í nóvember og segist hafa nægan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Miðað við hvernig málið hefur þróast þá munu þeir væntanlega áfrýja til Hæstaréttar. En ég hef nægan tíma. Halda þeir að ég gefist upp? Ég er búinn að bíða síðan í nóvember og get vel beðið í mánuð til tvo í viðbótar ef því er að skipta,“ segir Óskar Hrafn.

jakob@frettabladid.is



**HJÓLAR SEM KONA** Bob Dylan sækir í líkamsræktina.

# Dylan dulbúinn sem kona

**Bob Dylan nennir ekki að tala við æsta aðdáendur sína en honum finnst gaman að fara í líkamsræktina. Honum finnst líka gaman að hjóla eins og Reykvíkingar kynntust 1990. Á túr sínum um Suður-Ameríku hefur hann brugðið á það ráð að dulbúa sig sem konu til að villa um fyrir aðdáendunum og hjóla á staðina sem hann vill sækja. Í Úrúgvæ sást til hans dulbúins sem konu hjólandi í fræga heilsulind og í Mexíkó sást til Dylan-konunnar á reiðhjóli á leiðinni í heimskunnan hnefaleikasal. Suður-Ameríkuferð Dylans lauk á þriðjudaginn en hann tekur upp þráðinn með fernum tónleikum í Kanada í maí. Hann kemur hingað beint frá Nýfundnalandi þar sem hann spilar laugardagskvöldið 24. maí, á afmælisdeginum sínum. Ef þú sérð frekar ófríða konu á hjóli nálægt líkamsrækt í lok maí skaltu hugsa þig tvisvar um.**





STÓRA PLANIÐ 1 DAGUR STÓRA PLANIÐ

| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA 3D - DIGITAL | kl. 6 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 5:50 | VIP |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN | kl. 5:50 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 |
| **KRINGLUNNI** | | |
| HANNA MONTANA 3D - DIGITAL | kl. 8 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 10:15 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| JUNO | kl. 10:10 | 7 |
| **AKUREYRI** | | |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | 12 |
| SHUTTER | kl. 10 | |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10 | 12 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KITE RUNNER | kl. 8 | L |
| DARK FLOORS | kl. 10:10 | 16 |

STÓRA PLANIÐ frumsýnd á morgun

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERWICK | kl. 6 og 8 | 7 |
| 10.000 BC | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 8 og 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| SHUTTER LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 - 8 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 8 - 10.10 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.40 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| INTO THE WILD | kl. 10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | 12 |
| SEMI PRO | kl. 10 | |
| HEIÐIN | kl. 8 - 10 | |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

# Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**




Inga Lind kveður Ísland í dag til að eignast fimmta barnið
Hvatvísin rak hana í fjölmiðlaheiminn





# FRAMTÍÐARSJÓÐUR

## Ræktaðu fermingarpeningana með Byr

Leggðu 50.000 kr. eða meira inn á Framtíðarsjóðsreikning.

**Byr leggur 5.000 kr. á móti**.

SÚKKADDÍ PÚKKADDÍ

***– gaman er að láta sig dreyma um hvað fermingarpeningarnir fara í***




**Framtíðarsjóður Byrs** er verðtryggður sparnaðarreikningur bundinn til 18 ára aldurs og **ber hæstu vexti** almennra innlánsreikninga. Vertu við **fjárhagslega góða heilsu** – leggðu fermingarpeningana í Framtíðarsjóð Byrs **strax í dag**.

**Tilboðið gildir til 1. júní 2008 og felur í sér eitt mótframlag fyrir hvert fermingarbarn.**

**Vertu með Byr í vaxtaræktinni – framtíðarinnar vegna.**

BYR
SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

### > Friðrik ekki meira með

Njarðvíkingar hafa orðið fyrir mikilli blóðtöku því nú er ljóst að Friðrik Stefánsson getur ekki leikið með Njarðvíkingum í úrslitakeppninni. Friðrik er með hjartagalla og gekkst undir aðgerð fyrr í vetur. Hann sneri síðan til baka fyrr en búist var við. Honum hefur hrakað á nýjan leik upp á síðkastið og þarf líklega að gangast aftur undir aðgerð og verður því ekki meira með í vetur.



**sport**

sport@frettabladid.is

GRÉTAR RAFN STEINSSON, BOLTON: VILL KOMA Á FÓT KNATTSPYRNUSKÓLA ÚTI Á LANDI NÆSTA SUMAR

# Erfiðara fyrir unga leikmenn utan af landi



Landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson stefnir að því að vera með knattspyrnuskóla á Íslandi næsta sumar í samstarfi við félag sitt Bolton.

„Þetta er hugmynd sem ég er búinn að vera að velta fyrir mér lengi og nú er ég að skoða möguleikann á því að koma þessu af stað strax næsta sumar. Þetta er náttúrlega stórt batterí að byrja á þessu og það þarf margt að ganga upp en ég er búinn að vera að kanna jarðveginn fyrir þessu og hef jafnan fengið jákvæð viðbrögð þar sem ég hef leitað. Ég er búinn að heyra í mönnum á þeim stöðum sem ég þekki best til, á Siglufirði og á Akranesi, og þar eru menn áhugasamir og tilbúnir í samstarf,“ sagði Grétar sem er frá Siglufirði og vill með knattspyrnuskólanum sérstaklega efla knattspyrnuna úti á landsbyggðinni.

„Ég þekki það sjálfur að það er oftar en ekki erfiðara fyrir unga knattspyrnumenn utan af landi að hafa ekki jafn góðan aðbúnað og annað samanborið við unga knattspyrnumenn á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndin með þessum knattspyrnuskóla er einmitt sú að sýna krökkum utan af landi að það sé hægt að ná árangri með mikilli vinnu og gefa þeim ef til vill jafnan möguleika á að kynnast þessu starfi og krakkar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að fá undanfarin ár. Ég vil líka að yngri leikmenn utan af landi viti að það sé verið að fylgjast með þeim og möguleikinn sé fyrir hendi eins og fjöldi íslenskra atvinnumanna utan af landi undirstrikar,“ sagði Grétar Rafn sem mun sjálfur vera viðstaddur æfingarnar ásamt því að njóta liðsinnis þjálfara frá Bolton.

„Ég verð auðvitað sjálfur á þeim stöðum þar sem knattspyrnuskólinn mun verða og þjálfarar frá Bolton munu svo koma frá Englandi og aðstoða mig með æfingarnar. Enn fremur mun ég hafa samband við þjálfara og leikmenn sem ég þekki á Íslandi um að koma í heimsókn til þess að gera þetta enn skemmtilegra og áhugaverðara,“ sagði Grétar Rafn að lokum.

**Slóvakía 1-2 Ísland**

*0-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (71.), 0-2 Eiður Smári Guðjohnsen (82.), 1-2 Marek Mintal (87.).*

**LIÐ ÍSLANDS (4-5-1)**

Kjartan Sturluson
Grétar Rafn Steinsson
(66., Atli Sveinn Þórarinsson)
Kristján Örn Sigurðsson
Ragnar Sigurðsson
Bjarni Ólafur Eiríksson
Aron Einar Gunnarsson
Stefán Gíslason
Ólafur Ingi Skúlason
Theodór Elmar Bjarnason
(64., Gunnar Heiðar Þorvaldsson)
Emil Hallfreðsson
(93., Tryggvi Guðmundsson)
Eiður Smári Guðjohnsen
(90., Veigar Páll Gunnarsson)

# Glæsilegur sigur Íslands

**Íslenska landsliðið sigraði Slóvakíu 1-2 á útivelli í vináttulandsleik í gærkvöld. Íslenska liðið spilaði agaðan varnarleik og nýtti marktækifæri sín vel. Þetta var þriðji sigurleikur Íslands í röð sem er lengsta sigurganga liðsins í fimm ár.**

**FÓTBOLTI** Ísland lagði Slóvakíu að velli 1-2 á Zlaté Moravce leikvanginum í Slóvakíu í gærkvöld.

Ísland byrjaði leikinn ágætlega og Theodór Elmar Bjarnason átti snemma leiks fína sendingu fyrir markið en Emil Hallfreðsson komst ekki í boltann. Eftir það fóru hins vegar sóknir heimamanna að þyngjast talsvert og á tíundu mínútu áttu þeir skot í slá eftir að Ragnar Sigurðsson hafði misreiknað sig í vörninni.

Íslensku leikmennirnir náðu illa að halda boltanum innan liðsins og Eiður Smári Guðjohnsen var týndur í sókninni, en á móti kemur þá gekk liðinu ágætlega að verjast. Slóvakar náðu illa að skapa sér góð marktækifæri og virkuðu fyrir vikið óþreyjufyllri og beittu mikið af löngum sendingum sem íslenska vörnin virtist ráða vel við. Á 40. mínútu opnaðist vörn Íslands þó upp á gátt þegar Marek Mintal átti hættulega sendingu utan af hægri kanti og sóknarmaður Slóvaka, sem var einn og óvaldaður í teignum, átti skalla í stöng.

Slóvakar voru nálægt því að skora strax í upphafi síðari hálfleiks en íslenska liðið náði að bjarga á línu eftir hornspyrnu heimamanna. Fyrsta skot Íslands kom svo á 55. mínútu þegar Emil átti aukaspyrnu yfir markið eftir að brotið hafði verið á Eið Smára. Í framhaldinu náði íslenska liðið að komast betur inn í leikinn og betri færslur koma á sóknarleik liðsins.

Ísland tók svo forystu með glæsilegu marki varamannsins Gunnars Heiðars Þorvaldssonar þegar um tuttugu mínútur lifðu leiks. Emil var með boltann á teigshorninu vinstra megin og Bjarni Ólafur Eiríksson kom með utan á hlaupið og fékk boltann og kom honum á Gunnar Heiðar sem tók hann viðstöðulaust og hreinlega hamraði honum í markhornið.



**MARKASKORARI** Gunnar Heiðar skoraði sannkallað glæsimark gegn Slóvakíu í gær eftir að hafa komið inn á sem varamaður á 64. mínútu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland bætti svo við öðru marki á 82. mínútu þegar Stefán Gíslason átti hornspyrnu sem Atli Sveinn Þórarinsson náði að skalla í lappirnar á Eið Smára sem skoraði af stuttu færi. Þetta var tuttugasta mark Eiðs Smára sem var jafnframt að spila sinn fimmtugasta landsleik.

Slóvakar náðu að minnka muninn á 87. mínútu með marki frá Marek Mintal sem átti skot rétt utan vítateigs sem Kjartan Sturluson, sem steig varla feilspor í marki Íslands, kom engum vörnum við. Slóvakar voru nálægt því að jafna í blálokin en allt kom fyrir ekki og glæsilegur sigur Íslands því niðurstaðan.

Þetta var þriðji sigurleikur Íslands í röð sem er lengsta sigurganga liðsins í fimm ár. Liðið var enn fremur búið að halda markinu hreinu í tæpar 340 mínútur þegar Slóvakar minnkuðu muninn á lokamínútunum.

omar@frettabladid.is



**MERKUR ÁFANGI** David Beckham spilaði sinn 100. landsleik fyrir England í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Vináttulandsleikur:

## Frakkar unnu Englendinga

**FÓTBOLTI** Frakkland vann England 1-0 í vináttulandsleik í París í gærkvöld. Þetta var fyrsta tap Fabio Capello með enska landsliðið sem olli miklum vonbrigðum í leiknum.

Franck Ribery skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu á 32. mínútu eftir að markvörðurinn David James hafði brotið á Nicolas Anelka.

Ribery, Anelka og Florent Malouda voru allir nálægt því að bæta öðru marki fyrir Frakka og varamaðurinn Djibril Cisse var nálægt því að skora í lok leiksins.

Steven Gerrard komst tvívegis nálægt því að skora með skalla fyrir enska liðið sem skapaði sér ekki mörg marktækifæri og leit í raun og veru aldrei út fyrir að ætla jafna leikinn.

David Beckham var í byrjunarliði Englands og spilaði í 63. mínútur en þetta var 100. landsleikur hans fyrir England og varð hann þar með aðeins fimmti leikmaður til að ná þeim áfanga fyrir England.

Varnarmaðurinn Rio Ferdinand var fyrirliði Englands í leiknum en Fabio Capello hefur hins vegar ekki enn ákveðið varanlegan fyrirliða fyrir undankeppni HM. - óþ

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| Svartfjallaland-Noregur | 3-1 |
| 1-0 Igor Burzanovic (8.), 2-0 Branko Boskovic (37.), 3-0 Radomir Djalovic, 3-1 John Carew (72.) | |
| Danmörk-Tékkland | 1-1 |
| 1-0 Nicklas Bendtner (25.), 1-1 Jan Koller (42.). | |
| Frakkland-England | 1-0 |
| 1-0 Franck Ribery (32.). | |
| Skotland-Króatía | 1-1 |
| 0-1 Niko Kranjcar (10.), 1-1 Kenny Miller (30.). | |



**KÆRÐUR** Enska knattspyrnusambandið hefur kært Mascherano fyrir ósæmilega hegðun í garð dómarans Steve Bennett. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska knattsp. sambandið:

## Mascherano í lengra bann?

**FÓTBOLTI** Javier Mascherano, miðjumaður Liverpool, hefur verið kærður af enska knattspyrusambandinu, FA, fyrir ósæmilega hegðun í leik Manchester United og Liverpool um síðustu helgi.

„Mascherano er kærður fyrir viðbrögð sín gagnvart dómaranum Steve Bennett eftir að hafa fengið að líta rauða spjaldið í leik Manchester United og Liverpool þann 23. mars síðast liðinn. Mascherano hefur frest þangað til á morgun (í dag) til þess að útskýra sína hlið, en málið verður svo tekið fyrir á föstudag,“ sagði í yfirlýsingu frá FA í gær.

Mascherano er nú þegar að afplána eins leiks bann fyrir rauða spjaldið og missir þar með af gríðarlega mikilvægum grannaslag gegn Everton um næstu helgi, en liðin eru í harðri baráttu um fjórða sætið sem gefur þátttökurétt í Meistaradeildinni að ári. Útlit er fyrir að bannið verði lengt eftir ákvörðun FA að kæra leikmanninn. - óþ

Ólafur Jóhannesson var ánægður með leik íslenska liðsins í gær þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær:

# Afar ánægður með baráttuna í liðinu

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, var afar sáttur með leik íslenska liðsins í gær og kvað leikskipulagið hafa gengið vel upp.

„Ég er náttúrlega ánægður með að vinna leikinn en ég er líka ánægður með hvernig við unnum leikinn því mér fannst strákarnir vera að leggja sig 100% fram og berjast vel. Við lögðum upp með því að verjast skynsamlega og reyna að loka svæðum og



**SÁTTUR** Ólafur Jóhannesson var afar ánægður með baráttuna í íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ergja þá aðeins og það tókst mjög vel. Þeir urðu óþreyjufullir og fóru að beita mikið af löngum sendingum sem var einmitt það sem við vildum og okkur tókst að verjast því vel,“ sagði Ólafur sem telur að liðið geti tekið mikið út úr leiknum upp á framhaldið að gera.

„Þetta var þriðji sigurleikurinn í röð og auðvitað að fá menn alltaf meira sjálfstraust þegar þeir eru að vinna leiki og ég er ánægður með það. Menn sjá líka að þegar við spilum sem ein liðsheild og spilum með hjartanu þá getum við vel náð góðum úrslitum gegn þjóðum sem eiga að vera sterkari en við,“ sagði Ólafur sem kvað lið sitt þó þurfa að halda haus út leikina til þess að ná úrslitum.

„Við vorum ef til vill aðeins værukærir í lok leiksins og Slóvakar ná þá að minnka muninn en auðvitað var kannski kominn smá þreyta í mannskapinn líka. Enda voru menn búnir að leggja á sig mikla vinnu,“ sagði Ólafur að lokum.

Þess má til gamans geta að Slóvakía er þrjátíu og einu sæti fyrir ofan Ísland á nýlegum styrkleikalista alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, sem kom út í febrúar.- óþ



**KOMNAR Í ÚRSLIT** Helga Einarsdóttir og stöllur í KR fögnuðu vel sætinu í lokaúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvennalið Keflavíkur og KR:

## Spila í níunda sinn um titilinn

**KÖRFUBOLTI** Það verða lið Keflavíkur og KR sem spila til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild kvenna og það er ekki í fyrsta sinn þó að fimm ár séu liðin síðan þau mættust síðast.

Þessi félög eru nefnilega að mætast í níunda sinn í lokaúrslitum í fimmtán ára sögu keppninnar. Keflavík hefur haft betur í fyrri einvígjunum en liðið hefur sex sinnum orðið Íslandsmeistari eftir að hafa unnið KR í úrslitaleik. KR hefur unnið tvisvar og í bæði skiptin 3-0.

Aðeins tvö af þessum átta einvígjum hafa farið alla leið í oddaleik og í bæði skiptin hefur Keflavík unnið.

Alls hafa félögin spilað 30 leiki í lokaúrslitum um titilinn; Keflavík hefur unnið 18 þeirra en KR 12. - óój

Hafþór Ingi sleit krossbönd:

## Enn ein meiðslin í Borgarnesi

**KÖRFUBOLTI** Hafþór Ingi Gunnarsson, annar fyrirliða Skallagríms, missir af úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar því hann er með slitin krossbönd í hné.

Hafþór er enn einn leikmaður Borganesliðsins sem meiðist en liðið hefur ekki verið með fullskipað lið í allan vetur vegna meiðsla. Hafþór Ingi hefur ekkert leikið síðan hann meiddist í lok febrúar en fram að því var hann með 9,1 stig og 2,9 stoðsendingar að meðaltali í leik. Skallagrímur hefur tapað fimm síðustu leikjum sínum.

Skallagrímur mætir Grindavík í 8 liða úrslitunum en Hafþór var með 13,5 stig að meðaltali og 63,6 prósenta nýtingu í þriggja stiga skotum (7 af 11) þegar Skallagrímur sló Grindavík út fyrir tveimur árum. - óój



**MIKILL MISSIR** Hafþór Ingi Gunnarsson.

Kvennalandsliðið í íshokkí:

## Þriðji sigurinn í röð í Rúmeníu

**ÍSHOKKÍ** Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí hefur byrjað frábærlega í 4. deild HM sem fram fer þessa dagana í Rúmeníu.

Íslensku stelpurnar hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína, þar af 4-3 sigur á móti heimamönnum í Rúmeníu í fyrsta leik. Ísland vann 9-1 sigur á Suður-Afríku í gær og hefur markatöluna 22-4 út úr fyrstu þremur leikjunum.

Flosrún Vaka Jóhannesdóttir skoraði tvö mörk í leiknum og átti auk þess þrjár stoðsendingar á félaga sína.

Hanna Heimisdóttir hefur skorað flest mörk í þessum þremur leikjum eða fimm en þær Sigrún Árnadóttir og Hrund Thorlacius hafa skorað þrjú mörk hvor. Ísland mætir liði Nýja-Sjálands í dag. - óój

Kvennalandslið Íslands í handbolta tapaði naumlega 30-27 fyrir Brasilíu á æfingamóti í Portúgal í gær:

# Margt jákvætt við leik íslenska liðsins

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði í gær 30-27 fyrir Brasilíu í fyrsta leik sínum á æfingamóti sem fram fer í Portúgal.

Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var sáttur með margt í leik Íslands en ósáttur með tapið.

„Ég vissi svo sem að þetta yrði erfiður leikur fyrir okkur eftir langt ferðalag og lítinn tíma í æfingar með liðinu áður en haldið var til Portúgal. Brasilía er líka með fínt lið en mér fannst við vera leika vel á köflum og það var margt jákvætt við leik íslenska liðsins,“ sagði Júlíus en leikurinn var jafn og spennandi og Brasilía var yfir í hálfleik 16-14.

„Við áttum góðan leikkafla í síðari hálfleik og vorum tveimur mörkum yfir þegar tæpar tíu mínútur voru eftir og ég var fyrir vonbrigðum með að ná ekki að klára leikinn með sigri,“ sagði Júlíus.

Mörk Íslands: Dagný Skúladóttir 7, Sólveig Lára Kjærnested 5, Stella Sigurðardóttir, Rakel Dögg Bragadóttir og Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 og Rut Jónsdóttir, Ásta Birna Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir og Hildigunnur Einarsdóttir 1 mark hver. Berglind Íris Hansdóttir varði 10 skot og Íris Björk Símonardóttir 6.

Ísland mætir Kína í dag. - óþ



**ÁGÆTLEGA SÁTTUR** Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var ósáttur með tapið gegn Brasilíu en sá þó margt jákvætt við spilamennsku íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HLYNUR




> **Dave Annable**

Leikarinn kynþokkafulli úr þáttunum Brothers & Sisters sem Sjónvarpið sýnir í kvöld fæddist í New York árið 1979. Hann er mikill íþróttaáhugamaður en uppáhaldsliðin hans eru New York Giants í ameríska fótboltanum en New Jersey Devils í íshokkí. Sjálfur þykir Annable einnig liðtækur hafnaboltaleikmaður.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR IÐAR AF ÁNÆGJU OG ÓÞÆGINDUM

# Konur á skautum og menn á veiðum

Þar sem ég hef lítið verið á landinu síðustu vikur hefur sjónvarpsáhorf mitt verið með heldur óhefðbundnum hætti. Ég missti til dæmis af svo til allri páskadagskrá íslensku stöðvanna, en fékk í staðinn að sjá sænska útgáfu af þættinum sem hóf göngu sína í Bretlandi undir heitinu Strictly Come Dancing. Ég er forfallinn aðdáandi So You Think You Can Dance-þáttanna góðu og var því meira en til í að berja sænsku stjörnurnar augum. Munurinn á þessum þáttum er sá að í sænsku útgáfunni, sem heitir reyndar Lets Dance, eru pörin skipuð einum byrjanda sem er þekkt andlit úr þjóðfélaginu, og einum fagmanni sem leiðir byrjandann sinn í gegnum gryfjur dansins. Í So You Think You Can Dance eru það hins vegar ungir og upprennandi dansarar, sem flestir hafa lagt stund á dans í fjölmörg ár, sem teygja sig og toga á sviðinu. Þó að ég hafi ekki verið jafn hrifin af fræga fólkinu (meðal annars sjónvarpskokki og svínabónda) í Sverige sannfærðist ég aftur um hvað dans er ótrúlega vel til þess fallinn að sýna í sjónvarpi. Ég iðaði ekkert minna í sófanum í



þetta skiptið og vil bara sjá meiri og meiri dans.

Ég fékk reyndar að sjá náskyldan ættingja hans, þar sem sænska sjónvarpið sendi líka út frá heimsmeistaramótinu í listhlaupi á skautum, sem fram fór í Gautaborg. Þar erum við að tala um öðruvísi ið í sófanum, þar sem ég fæ aðsvif af hryllingi í hvert skipti sem skautafólkið býr sig undir stökk. Hvað það er sem fær fólk til þess að vilja fara í þrefaldan snúning á hálum ís, með beitt járn undir skósólanum fæ ég ekki skilið. Þetta ætti að vera bannað börnum og viðkvæmum, að minnsta kosti miðað við hversu mikið ég svitnaði við áhorfið.

Ég bjóst alveg eins við öðru svitakasti sökum óþæginda þegar ég náði í skottið á páskadagskránni hér heima, með Mannaveiðum. Fyrsta senan fannst mér svo sársaukafull og stirðbusaleg að ég var við það að finna mér annað til dundurs, en þátturinn rétti hins vegar fljótlega nægilega úr kútnum til að halda mér við efnið. Ólafur Darri og Gísli Örn náðu mér báðir, og ég gef öðrum séns fram í næsta þátt. Svo vona ég að iðið muni koma til af ánægju.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.35** The Office SKJÁR EINN



▶ **20.40** Utan vallar STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.10** My Name is Earl STÖÐ 2



▶ **21.30** Klovn SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15** Team America STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fiskurinn, fótboltinn og loforðið hans pabba** (1:3)
**18.00 Stundin okkar**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.
**20.45 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II)
▶**21.30 Trúður** (7:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Fé og freistingar** (1:10) (Dirty Sexy Money) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tekur við af pabba sínum sem lögmaður auðugrar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar, ólöglegum jafnt sem löglegum.
**23.10 Anna Pihl** (5:10)
**23.55 Kastljós**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.30 Batman Begins**
**08.45 Pelle Politibil**
**10.00 Eulogy**
**12.00 Lackawanna Blues**
**14.00 Pelle Politibil**
**16.00 Eulogy**
**18.00 Lackawanna Blues**
**20.00 Batman Begins**
▶**22.15 Team America. World Police** Afar sérstök og marglofuð gamanmynd eftir þá South Park-höfunda Trey Parker og Matt Stone.
**00.00 The Door in the Floor**
**02.00 Missing**
**04.00 Team America. World Police**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar,
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60** (20:22)
**11.15 60 minutes** (60 mínútur)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Amazing Race** (1:13)
**15.30 Heima hjá Jamie Oliver** (11:13)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Nornafélagið, Doddi litli og Eyrnastór, Doddi litli og Eyrnastór, Sabrina - Unglingsnornin, Tutenstein
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Hæðin** (1:8) Fyrsti þátturinn endursýndur
**20.40 Hæðin** (2:8)
▶**21.30 My Name Is Earl** (8:13) Þriðja þáttaröð eins allra ferskasti og skemmtilegasti gamanþáttur síðari ára. Þátturinn sló í gegn þegar hann var sýndur á Sirkus og nú er hann kominn á Stöð 2. Jason Lee er að sjálfsögðu áfram í hlutverk i gæðahyskisins Earl, sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði misjöfnum árangri.
**21.55 Flight of the Conchords** (10:12) Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama.
**22.20 Numbers** (24:24)
**23.05 ReGenesis** (4:13)
**23.55 Ararat** Stórmerkileg verðlaunamynd sem fjallar á áhrifamikinn hátt um þjóðarmorð Armena og þau áhrif sem þau hafa enn á armenska innflytjendur í Kanada.
**01.50 Pop Rocks**
**03.15 Bangrajan**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**07.00 Vináttulandsleikur** Útsending frá vináttulandsleik Slóvakíu og Íslands.
**14.50 Vináttulandsleikur** Útsending frá leik Frakka og Englendinga.
**16.30 Inside Sport** (Olympic Special)
**17.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** (Puerto Rico Open Presented By Banco Popular) Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**17.55 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**18.20 Vináttulandsleikur** Útsending frá vináttulandsleik Slóvakíu og Íslands.
**20.00 Formúla 1** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri Sýnar ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
▶**20.40 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**21.55 Njarðvík - KR** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfuknattleik.
**23.30 Heimsmótaröðin í póker**
**00.25 Ultimate Blackjack Tour 1**
**01.20 Utan vallar**

## SPORT 2 enski boltinn

**15.40 Man. Utd. - Liverpool**
**17.20 Reading - Birmingham**
**19.00 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World**
**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.30 4 4 2**
**23.50 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 All of Us** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**17.15 Fyrstu skrefin** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Innlit / útlit** (e)
**19.40 Game tíví** (11:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.10 Everybody Hates Chris** (7:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris býður vini sínum að búa hjá sér í viku en fer að sjá eftir því þegar allir í fjölskyldunni fara að stjana við vininn.
▶**20.35 The Office** (15:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Phyllis er að fara að gifta sig og stelpurnar ætla að halda partí henni til heiðurs. Michael skipuleggur partí fyrir strákana og ræður skemmtikrafta fyrir bæði partíin.
**21.00 Life** (6:11) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**21.50 C.S.I. Miami** (22:24) Íkveikja verður manni að bana og þegar einn úr rannsóknardeildinni reynist hafa persónuleg tengsl við aðila að málinu neyðist Horatio til að taka stóra ákvörðun.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 America's Next Top Model** (e)
**00.25 Cane** (e)
**01.15 Vörutorg**
**02.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


LAGERSALA
ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlífðarföt
ALLT Á AÐ SELJAST
Arctic Wear vinnufatnaður
Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is
Prenttækni ehf.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40

### Hæðin



Annar þátturinn af hinum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover. Þrjú gerólík pör fá það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð. Til verksins fá pörin fyrirfram ákveðna upphæð og aðstoð og þurfa að klára verkið á einungis sex vikum. Í lokaþættinum fá áhorfendur að kjósa hvert húsanna er glæsilegast og best hannað. Kynnir þáttanna er enginn annar en fjölmiðlamaðurinn góðkunni Gulli Helga.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Batman Begins

### Stöð 2 kl. 20.00

Fjórða og að margra mati besta Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne og hvernig það bar að að hann öðlaðist ofurkrafta og varð Leðurblökumaðurinn. Myndin er gerð af hinum virta Christopher Nolan, sem á að baki myndir á borð við Memento og Insomnia. Þess má geta að stór hluti myndarinnar var tekinn upp á Íslandi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Myndin af himninum
**19.27** Með á nótunum
**21.10** ...að spinna gull úr hálmi
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í sviðsvængnum: Jónas Jónasson
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Talk Show With Spike Feresten**
**17.25 Special Unit 2** (14:19)
**18.15 Wildfire** (2:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Talk Show With Spike Feresten**
**20.25 Special Unit 2** (14:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Wildfire** (2:13)
**22.00 Gossip Girl** (12:13) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.
**22.45 Medium** (1:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe verðlauna 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína
**23.30 Nip/Tuck** (10:14)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar** Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Nútímafólk** Randver Þorláksson spjallar við Kolbrúnu Halldórsdóttur þingkonu um leiklist, menningu og pólitík. (síðari hluti)
**21.30 Jón Kristinn** Jón Kristinn Snæhólm fær til sín gest og ræðir við hann um daginn og veginn.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Sværmere i sommernatten **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Godt arbejde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Lørdag **15.30** Pucca **15.35** Svampebob Firkant **16.00** Gepetto News **16.30** Fandango med Christian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Venner på eventyr **19.30** Her kommer eliten **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **21.00** Truslen fra dybet **21.40** Hul igennem **22.25** Blind Justice **23.10** Naruto Uncut

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.10** Migrapolis **11.40** Spekter: Den selvstyrte naturkrisen **12.35** 'Allo, 'Allo! **13.05** Landsbylegane **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **14.55** Frosk til middag **15.05** H2O **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Ørdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barne-tv **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Yum Yum med Noman **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Halvseint talkshow spesial **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** P3tv live **23.45** Heltane frå MS Estonia **0.15** Kulturnytt **0.25** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.15** Katten, musen, tiotusen - nordsamiska **11.00** Rapport **11.05** Varför, Ouafa? **13.30** Skärgårdsdoktorn **14.30** Morgonsoffan **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.15** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa **17.20** Lycka är... **17.25** Krumelurdjur **17.30** Mamma Spindels alla små kryp **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Brottet **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.25** Uppdrag Granskning **23.25** Klass 9A




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0495

# MEISTARANÁM
## VIÐ LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu.
- Reiknað er með að námið taki tvö ár.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2008 er til og með 31. mars.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér morgunblöndu: hörfræ, býflugnafræfla, Alkalife sem er mulið grænmetisduft og trönuberjasafa. Þarna fæ ég öll kolvetni og trefjar, algjöra hámarksnæringu. Svo fæ ég mér tvöfaldan espressó og ristaða brauðsneið til að gleðja sálina.“*

Guðni Gunnarsson lífsráðgjafi.



**LÁRÉTT**
**2.** refur **6.** í röð **8.** meðal **9.** keyra **11.** tveir eins **12.** aðferð **14.** vörubyrgðir **16.** í röð **17.** örn **18.** magur **20.** klaki **21.** ármynni.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag **3.** belti **4.** ölvun **5.** þróttur **7.** skelfiskur **10.** skel **13.** temja **15.** tröll **16.** augnhár **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tófa, **6.** rs, **8.** lyf, **9.** aka, **11.** ll, **12.** meðal, **14.** lager, **16.** bd, **17.** ari, **18.** rýr, **20.** ís, **21.** árós.

**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** ól, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** skeldýr, **10.** aða, **13.** aga, **15.** risi, **16.** brá, **19.** ró.






# Sigurvegari Músíktilrauna syngur Mozart

„Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjórinn í Óperustúdíóinu, hringdi bara í mig og bað mig um að taka þátt. Og ég gat ekki sagt nei enda er þetta fáránlega skemmtileg sýning,“ segir Arnór Dan Arnarson. Hann mun stíga sín fyrstu spor í óperuheiminum hinn 6. apríl þegar Óperustúdíó Íslensku óperunnar frumsýnir hið vinsæla verk Wolfgangs Amadeusar Mozart, Cosi van tutti. Arnór mun syngja í kórnum, sem er áberandi í sýningunni.

Arnór komst þó á spjöld íslensku tónlistarsögunnar fyrir allt annað en óperusöng fyrir ekki margt löngu þegar hljómsveit hans Agent Fresco sigraði í Músíktilraunum. Og þótt himinn og haf séu milli tónlistar Fresco og Mozart er Arnór ekki í vafa um að nám hans í sígildum söng hjálpi mikið til. Arnór er víst lýrískur barítónn þótt allt bendi til þess að hann verði tenór í sýningunni.

„Ég þarf að hita mig vel upp enda er þetta Mozart, sem þýðir háir tónar,“ segir Arnór. Hann hefur þó ekki rætt þetta nýjasta útspil við félaga sína í hljómsveitinni og er sér það til efs um að þeir muni koma og hlýða á söng hans. „Eða kannski. Og þó, nei, veistu ég held ekki,“ segir Arnór.

Óperustudíóið er hálfgert „nemendaleikhús“ Íslensku óperunnar. Ekkert er þó til sparað við að gera sýninguna sem glæsilegasta úr garði en leikstjóri hennar er Ágústa Skúladóttir. - fgg



**LÝRÍSKUR BARITÓNN** Arnór Dan, söngvari rokksveitarinnar Agent Fresco, hefur lært sígildan söng við FÍH undanfarið ár og unir sér vel við námið. Hann þreytir frumraun sína í óperuheiminum í byrjun næsta mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MUGISON: TREYSTIR VINABÖNDIN VIÐ FORSETAFRÚNA

# Söng ástaróð til Dorritar

„Við Dorrit erum svo fínir vinir og mér fannst því alveg gráupplagt að bera henni kveðju mína með þessum hætti,“ segir Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison. Örn Elías lék á gítarinn fyrir forseta Íslands þegar hann heimsótti fyrirtækið 3X-technology á Ísafirði í fyrradag.

Mugison viðurkennir að hann hafi fallist á boðið þegar honum var lofað af forsvarsmönnum fyrirtækisins að forsetafrúin yrði meðal viðstaddra en honum til mikillar armæðu var Dorrit hins vegar víðsfjarri og því bað tónlistarmaðurinn forsetann um að skila frá sér kveðju með ástaróðnum I Want You.

Mugison fer ekki leynt með aðdáun sína á forsetafrúnni og segir hana ótrúlega skemmtilega manneskju. Og hann segir að ef Ólafur fari ekki í framboð aftur eigi Dorrit hiklaust að bjóða sig fram. „Og ef ekki hún þá bara pabbi,“ bætir Mugison við. Að söngn tónlistarmannsins komst forsetinn ekki í neitt uppnám við flutninginn á laginu. „Forsetinn veit nefnilega alveg hvar hann hefur hana Dorrit og er ekki að kippa sér upp við það þótt einhver stráksbjálfi syngi eitthvað ljóð fyrir konuna hans,“ segir Mugison og bætir því reyndar við að Ólafur þekki einnig vel til eiginkonu sinnar, Rúnu, og viti því upp á hár hvað þarna bjó að baki.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem samskipta Mugisonar og Dorritar er getið í fjölmiðla. Fyrir þremur árum birtust myndir af þeim við afhendingu fyrstu Eyrarrósarviðurkenningarinnar þar sem Mugison var í nokkuð skondnum bol með fremur tvíræðum texta. Hann mundi vel eftir þeim fundi og hversu hrifin Dorrit hefði verið af bolnum. „Ég sendi henni enda í kjölfarið bol þar sem á stóð „You made me sleep on the wet spot“ og Ólafur mundi vel eftir þeirri gjöf enda fylgdi hálfétið Toblerone með í kaupbæti.“ Ekki náðist í Dorrit þar sem hún er stödd í Bretlandi um þessar mundir. freyrgigja@frettabladid.is




**GAMAN SAMAN** Dorrit og Mugison hlæja saman að bol sem tónlistarmaðurinn skartaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SUNGIÐ FYRIR FORSETANN** Mugison gaf ekkert eftir í flutningi sínum fyrir forsetann og tileinkaði forsetafrúnni Dorrit lagið I Want You.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Valgeir Magnússon**, betur þekktur sem Valli sport, er einhver mikilvirkasti plöggari landsins í dag. Meðal skjólstæðinga hans er Merzedes Club og segir það sína söguna. Sjálfur er Valli að hasla sér völl sem skemmtikraftur og er orðinn plötusnúður á ný en hann starfaði á árum áður sem slíkur á Tunglinu. Síminn stoppar ekki hjá Valla og hann var að „dídjeia“ eins og það heitir úti í Hrísey um páskana við mikinn fögnuð.



Og talandi um **Gazman, Gillz** og buffin í Merzedes Club þá eru þau önnum kafin við tökur á myndbandi við nýjasta lag sitt sem heitir „Meira frelsi“. Í vikunni voru um 70 manns samankomin á Rex við tökur en myndbandið er eitt það dýrasta sem gert hefur verið hérlendis. Um 100 manns starfa við gerð þess en leikstjórar eru **Samúel Bjarki** og **Gunni Palli**. Tökumaðurinn er svo sjálfur **Ágúst Jakobsson** sem vann sér til frægðar um árið að vera hirðtökumaður Guns'n'Roses. - jbg










# Páll Magnússon stærri en fréttin

„Já, ég get ekki neitað því. Enda hefði verið alveg furðulegt að láta Pál lesa þessa frétt,“ segir Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður á fréttastofu Sjónvarps.

Fréttablaðið greindi í gær frá lögbannskröfu Þórhalls Gunnarssonar dagskrárstjóra á hendur fyrirtæki sínu RÚV ohf. sem er vitanlega millileikur í þeirri skák að koma í veg fyrir að Vísir fái umbeðnar upplýsingar um launakjör æðstu manna stofnunarinnar. Fréttastofa Sjónvarps vissi eðlilega allt um málið þegar á þriðjudegi en frétt sem Þóra var búin að vinna var látin bíða, við litla hrifningu skúbbara á RÚV, á þeim forsendum að fréttaþulur kvöldsins var sjálfur útvarpsstjórinn Páll Magnússon. Og hann telst óneitanlega aðili málsins.

Þóra bar þetta undir frétta- og vaktstjóra og þau voru sammála um að ekki væri hægt að láta Pál lesa fréttina. „Ég lét því textavarpið, útvarpið og vefinn hafa þetta þá þegar. Jú, vissulega er þetta skrítin staða. Og auðvitað fréttastjórans að meta hversu mikilvægt þetta er,“ segir Þóra. Hún segir að ef málið hefði verið þannig vaxið hefði verið hægt að skipta Páli út og annar, til dæmis Bogi Ágústsson, kallaður til að lesa fréttirnar. En það var svo metið að ekki væri ástæða til að þessu sinni. - jbg



**PÁLL MAGNÚSSON** Ótækt þótti að hann læsi frétt þar sem hann sjálfur er aðili málsins.



**ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR** Vissulega skrítin staða en fréttastjórans er að meta hversu mikilvæg hver frétt um sig er.

Á STÓRÚTSÖLU

+++ OUTLET 10 +++

ER ENGIN VERÐBÓLGA!!!

FAXAFENI 10

SMÁRATORGI 1





Allir sokkar frá 99.-

Herra vinnubuxur 990.-

Allar hettupeysur á 1.990.-

Stakar herrabuxur á 2.990.-

Allir frakkar á 6.990.-

Allt í barnadeild 500.-

Allir langermabolir á 1.490.-

Allir kjólar á 2.490.-

Nýjar Levi's gallabuxur 3.990.-

Öll jakkaföt á 9.990.-

Myndir: Björn Blöndal

FAXAFENI 10
s. 534 4450

SMÁRATORGI 1
(á milli Bónuss og Rúmfatalagersins)
s. 534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.





**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar


## 27. mars

Dagurinn í dag er af tvennum sökum merkisdagur fyrir miðaldra karlmenn með grátt í vöngum. Fyrir nákvæmlega áratug hrökk herra Porsche upp af og sama dag lagði matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna blessun sína yfir Viagra.

**ÞAÐ** er alkunna að litlu bláu pillurnar hafa hjálpað fjölda karlmanna að fá uppreisn æru. Það sem er þó enn áhugaverðara er að þrátt fyrir að umræddar pillur hafi nákvæmlega sömu áhrif á konur ákvað Pfizer-lyfjafyrirtækið (eftir 8 ára rannsóknir á áhrifum Viagra á konur – meirihluti hverra átti sér stað eftir að lyfið var sett í sölu) að gleyma öllum áætlunum sínum um að markaðssetja lyfið á þann veg. Ekki vegna skorts á verkun – það þótti meira að segja sannað að því aukna blóðstreymi sem Viagra framkallaði í kynfærum kvenna fylgdi ekki bara aukin kynörvun heldur einnig stóraukin ánægja af kynlífi – heldur vegna þess að það var einfaldlega ekki virknin sem sóst var eftir.

**VÍSINDAMENNIRNIR** voru vonsviknir vegna þess að þeim tókst ekki að framkalla kynlífslöngun eftir pöntun. Því þótt lyfið hafi virkað fullkomlega gat kynlöngun, eða réttara sagt skortur á slíkri, enn staðið í vegi fyrir því að pillan leiddi eindregið og undantekningalítið til trylltra kynmaka. Þetta var auðvitað ótæk niðurstaða. Fyrirtækið gafst því upp á að reyna að töfra konur í bólið með lyfjum sem verkuðu á kynfæri þeirra og beina nú sjónum að kvenheilanum.

**ENN** bíðum við eftir að þessar framhaldsrannsóknir beri tilætlaðan árangur. Sem samkvæmt öllu hlýtur að vera sá að búa til annarrar kynslóðar nauðgunarlyf – pillu sem framkallar ekki hinar alþekktu leiðindaukaverkanir sem fylgja óhjákvæmilega þeim meðulum sem nú eru í boði. Það er auðvitað miklu skemmtilegra að fórnarlambið sé með meðvitund.

**GALLINN** við konur er nefnilega, eins og dr. Marianne Legato hjá Pfizer orðaði það, sá að þær komast stundum ekki í stuð fyrr en í miðjum klíðum. Og bætti við: „Við þurfum að finna pillu sem platar konur til að halda að þær finni fyrir nánd.“ Því hver hefur not fyrir lyf sem eykur ánægju kvenna af kynlífi – þegar útlit er fyrir að hægt sé að hræra saman í pillu sem fær þær til að stunda kynlíf hvort sem það veitir þeim ánægju eða ekki? Borðleggjandi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 27. mars, 87. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.02 | 13.33 | 20.05 |
| Akureyri | 6.45 | 13.17 | 19.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

